

HÓLMFRÍÐUR ANNA BALDURSDÓTTIR

Á sérsaumaðan kjól í anda Mischu Barton

tíska heilsa heimili

allt í MIDJU BLADSINS



PÁLMI GESTSSON

Falleg fimmtugsveisla

Fékk korselett frá konunni

FÓLK 40



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

4. október 2007 — 269. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## FIMMTUDAGUR

### Suðrænt sjarmatröll óskast

Benedikt Erlingsson leitar að suðrænum sjarmör fyrir sýninguna Sólarferð.

FÓLK 42

### Tvíhöfði á skjáinn

Þekktar persónur úr útvarpsþáttum Tvíhöfða munu koma fram í Laugardagslögnum.

FÓLK 40

### Búrma

„Fram yfir 1970 héldu margir þeirra, sem fylgdust með Búrmu úr fjarlægð, að allt væri með felldu. Þá vissu menn minna um eyðileggingarmátt átletunarbúskapar,“ skrifar Þorvaldur Gylfason.


Í DAG 26

### Vildu ekki heilsa Bjarna

Leikmenn Keflavíkur ætluðu ekki að heilsa Bjarna Guðjónssyni fyrir leik Keflavíkur og ÍA en létu tilleiðast eftir skipun frá dómara leiksins.

ÍPRÓTTIR 44

## VEÐRIÐ Í DAG



**ÁFRAM VÆTA** Í dag verður yfirleitt fremur hæg suðlæg átt, en norðaustlæg á Vestfjörðum. Rigning á vesturhelmingi landsins og suðaustan til framan af degi en víða væta síðdegis. Hiti 6-12 stig, mildast austan til.

VEÐUR 4

## Mikill meirihluti vill Ólaf áfram í embætti

Um 65 prósent vilja að Ólafur Ragnar Grímsson sækist eftir forsetakjöri fjórða kjörtímabilið í röð. Fyrir fjórum árum var stuðningur við hann 77 prósent.

**KÖNNUN** 64,5 prósent landsmanna vilja að Ólafur Ragnar Grímsson sækist eftir því að verða forseti fjórða kjörtímabilið í röð. 35,5 prósent vilja nýjan forseta, samkvæmt niðurstöðum könnunar Fréttablaðsins. Núverandi kjörtímabili lýkur á næsta ári.

Þegar Fréttablaðið kannaði afstöðu landsmanna til framboðs Ólafs fyrir fjórum árum mældist stuðningur við það öllu meiri, eða um 77 prósent.

Mestur er stuðningurinn við áframhaldandi setu Ólafs meðal fylgismanna Vinstri grænna, en um 77 prósent þeirra vilja að hann sitji lengur. 70,7 prósent þeirra sem ekki gefa upp stjórnmála-

**VILTU AÐ ÓLAFUR RAGNAR HALDI ÁFRAM SEM FORSETI ÍSLANDS?**



skaðun, 70,2 prósent Samfylkingarfólks og 65 prósent Frjálslyndra eru sömu skoðunar. Talsvert minni áhugi er fyrir því meðal kjósenda

Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks að Ólafur sitji lengur, eða 49 og 50 prósent.

Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur segir hefð fyrir því að forsetar á Íslandi sitji í fjögur kjörtímabil og að allt bendi til þess að Ólafur muni njóta víðtæks stuðnings vilji hann halda áfram.

Einnig var spurt hvern fólk vildi sjá gegna forsetaembættinu færi svo að Ólafur byði sig ekki fram. Fáir tóku afstöðu en þeir sem hvað oftast voru nefndir voru formenn stjórnmálaflokkanna auk Davíðs Oddssonar, Bjarna Ármannssonar, Þórólfs Árnasonar, Berglindar Ásgeirsdóttur og Jóns Baldvins Hannibalssonar. - ss / - sh / sjá síðu 4



**PRÍMADONNUR** Asískir sirkusfilar vættu sig í Genfarvatni við borgina Lausanne í Sviss í gær. Yfir 300 manns stóðu á bakkanum og fylgdust með baðinu en filarnir virtust uppteknari hvor af öðrum en forvitnu mannfólkinu.

NORDICPHOTOS / AFP

Reykjavík Energy Invest á tæpan helming í Hitaveitu Suðurnesja:

## Einkaleyfisstarfsemi skilin frá

**VIÐSKIPTI** Sameinað félag Geysis Green Energy og Reykjavík Energy Invest á tæpan helming í Hitaveitu Suðurnesja. Tilkynnt var um sameininguna í gær. Einkaleyfisbundin starfsemi hitaveitunnar verður hins vegar áfram í meirihlutaeigu Reykjaneshæjar.

„Samkomulag er um að þeir þættir sem snúa að sérleifi Hitaveitu Suðurnesja, en það eru veitu-

kerfi í sveitarfélögunum, verði að meirihluta í eigu Reykjaneshæjar og þar með í almannaeign,“ segir Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjaneshæ.

Með þessu segir Árni að búið sé að skilja á milli sveitarfélagsins og samkeppnisrekssturs sem það ætti ekki að taka þátt í.

Haukur Leósson, stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur, sem

kynnti samruna félaganna segir að lagðar hafi verið til hliðar 130 milljónir sem starfsmönnum Orkuveitunnar og REI bjóðist að kaupa í REI á genginu 1,3. Hlutur hvers og eins getur verið frá 100 og upp í 300 þúsund að nafnverði. „En það hafa engir kaupréttarsamningar verið gerðir,“ segir hann. Stefnt er að skráningu REI á markað innan tveggja ára. - óká / sjá síðu 24

Stefán Karl Stefánsson

## Verður Trölli á Broadway

**FÓLK** Stefáni Karli Stefánssyni hefur verið boðið að leika Grinch, eða Trölla, á Broadway á næsta ári. Þetta staðfestir leikarinn í samtali við Fréttablaðið. Leikstjóri sýningarinnar verður að öllum líkindum Jack O'Brian sem er þrefaldur Tony-verðlaunahafi.

„Þetta er náttúrulega fyrst og fremst mikill heiður fyrir mig,“ segir Stefán en hann verður að öllum líkindum fyrsti íslenski leikarinn til að afreka þetta.

Stefáni var boðið að taka þátt í svokölluðum vinnubúðum fyrir nokkru og var þar í þrjár vikur með leikstjóranum. Framleiðendum verksins leist svo vel á hugmyndir Stefáns að þeir buðu honum að velja sér borg til að leika í, en reiknað er með að þetta verði mikið fyrirtæki. „Og að sjálfsgöðu valdi ég New York og Broadway,“ segir Stefán.

-fgg / sjá síðu 50

Aðalvinningur í Víkingalottóinu:

## 105 milljónir í skaut Íslendinga

**HAPPDRÆTTI** Íslendingur hreppti fyrsta vinninginn í Víkingalottóinu í gær. Vinningsupphæðin nemur 105 milljónum króna og 678.670 krónum betur. Þetta mun vera langstærsti vinningur sem Íslensk getsþá hefur greitt út.

Vinningsmiðinn var keyptur í Hagkaupum á Akureyri en að sögn Evu Sifjar Heimisdóttur, aðalbókara Íslenskrar getsþár, hafði vinningshafinn ekki gefið sig fram þegar blaðið fór í prentun. Íslenski vinningshafinn var einn þátttakenda með allar sex aðaltölurnar réttar, en til gamans má geta að vinningstölurnar voru 1, 3, 10, 27, 28 og 46.

- sh



**Skoda Fabia**  
Ást við fyrsta akstur

**OKTÓBER**  
**6 tommu bátur kr. 299**  
Kafbátur mánaðarins **BMT**  
...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða  
**SUBWAY**

muundu eftir mjólkinni!  
**muu**

SPURNING DAGSINS



Pröstur, eru leigubilstjórar svona brjóstgóðir?

„Já, ætli þeir hafi ekki fengið það með móðurmjólkinni.“

Bleik skilti prýða leigubíla frá Hreyfli-Bæjarleiðum, sem leggur þannig baráttunni gegn brjóstakrabbameini líð. Vignir Pröstur Hjálmarsson, framkvæmdastjóri Hreyfils-Bæjarleiða.



MANNEKLA Fulltúar minnihlutans vilja hækka laun starfsfólks leikskólanna..

Leikskólaráð borgarinnar:

## Vantar 150 starfsmenn

**MENNTAMÁL** Á fundi leikskólaráðs Reykjavíkur í gær kom fram að 150 starfsmenn vantar á leikskóla borgarinnar.

Fulltrúar minnihlutans vilja beina þeim tilmælum til borgarráðs að í launaáætlun fyrir árið 2008 verði gert ráð fyrir svigrúmi til að nýta ákvæði gildandi kjarasamninga við starfsfólk leikskólanna. Bókun þess efnis var skráð á fundinum í gær.

Fulltrúar minnihlutans vísuðu til skjótra viðbragða dómsmálaráðherra við manneklu í röðum lögregluþjóna.

- þo

Strokufangarnir fundnir:

## Flóttinn tafði læknisskoðun

**LÖGREGLUMÁL** Strokufangarnir sem struku úr fangelsinu á Litla-Hrauni í fyrrakvöld voru handteknir í húsi í vesturbæ Reykjavíkur um hádegisleytið í gær. Bifreiðin sem þeir stálu er einnig fundin, sem og greiðslukort sem þeir hnupluðu.

„Það er skárna að láta stela af sér bíl heldur en að brotist sé inn til manns,“ segir Guðmundur Karl Sigurdórsson, eigandi bílsins. Ekki komst upp um þjófnaðinn fyrr en kona Guðmundar ætlaði að fara með unga dóttur þeirra í læknisskoðun um morguninn.

- kdk

2

FRÉTTABLAÐIÐ

4. október 2007 FIMMTUDAGUR

# Lestur Nyhedsavisen eykst um tæp 22 prósent á milli mánaða:

## Vinsælasta blaðið í Kaupmannahöfn

**FJÖLMIDLAR** Nyhedsavisen, sem gefið er út af Íslendingum, er nú orðið þriðja vinsælasta dagblað Danmerkur með 503.000 lesendur daglega. Það er aukning um níutíu þúsund lesendur frá síðasta mánuði, eða um tæp 22 prósent.

Einungis fríblöðin 24timer og MetroXpress slá Nyhedsavisen við, en Nyhedsavisen er nú vinsælast í stærstu borgum landsins, Kaupmannahöfn, Árósum og sama er að gerast hér og gerðist á Óðinsvéum.

David Trads, ritstjóri Nyhedsavisen segist ánægður með nýju tölurnar, en þær komi ekki á óvart. „Við höfum vaxið í hverjum mánuði og höfum nú tvöfaldað lesendafjölda okkar frá áramótum. Miðað við gang mála held ég að við komumst á toppinn á næstu mánuðum.“

Hann segir þróunina sýna yfirburði fríblaða sem útgáfuforms. „Það

sama er að gerast hér og gerðist á Íslandi. Eftir að Nyhedsavisen og Fréttablaðinu var hleypt af stokkunum lesa fleiri dagblöð bæði á hérlandis og á Íslandi. Það er augljóst að sams konar blöð myndu slá í gegn hvarvetna á Vesturlöndum, enda koma fulltrúar erlendra fjölmiðla reglulega í heimsókn til okkar til að kynna sér starfið.“

- sh



## Félag kráareigenda stofnað: Vilja bæta bæjarbraginn

**SAMTÖK** Veitingamenn í miðborg Reykjavíkur hafa stofnað með sér samtök undir nafninu Félag kráareigenda. Markmið félagsins er að bæta bæjarbraginn og auðvelda samstarf allra hagsmunaaðila í miðborginni.

Baldvin Samúelsson, talsmaður félagsins, segir að umræðan að undanförunu hafi verið ósanngjörn. „Við fögnum því að löggæslan sé orðin sýnilegri og við sjáum mikinn mun á því hve umgengni hefur batnað og skrílslæti minnkað,“ segir Baldvin. Félagsmenn hvetja til faglegar umræðu um málefni miðborgarinnar.

- þo



UNDIR EFTIRLITI Hermaður á verði við Swedagon-pagóðuna í Rangún.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Grunaðir um að ætla með þýfið úr landi

Fjórtán Litháar eru í haldi lögreglunnar í Reykjavík grunaðir um skipulagðan þjófnað í verslunum. Mikið þýfi fannst við húsleit á tveimur stöðum. Lögregla hefur verið á slóð mannanna um nokkurt skeið.

**LÖGREGLUMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur úrskurðað sjö Litháa í viku gæsluvarðhald vegna þjófnaðar úr verslunum á höfuðborgarsvæðinu. Sjö til viðbótar eru einnig í haldi og í dag kemur í ljós hvort krafist verður gæsluvarðhaldsúrskurðar yfir þeim. Mennirnir eru grunaðir um skipulagðan þjófnað úr verslunum og um að hafa ætlað að senda þýfið úr landi og selja það í heimalandi sínu. Einn mannanna átti pantað far heim til Litháen í gær.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu hefur málið verið í rannsókn í nokkurn tíma en ýmsar upplýsingar, meðal annars frá fangaverði á Litla-Hrauni, leiddu lögreglu á slóð mannanna. Meðal þess sem er rannsakað er hvort þeir hafi áður flutt þýfi úr landi og hvort fleiri tengist málinu.

Mennirnir eru á aldrinum 20 til 28 ára og þekkjast innbyrðis. Þeir bjuggu saman í tveimur íbúðum í Austurborginni, sjö á hvorum stað. Sjö voru handteknir á þriðjudagskvöld og hald lagt á þýfi eftir húsleit. Í gærmorgun var gerð húsleit hjá hinum sjö og þeir handteknir. Þar fannst einnig þýfi.

„Það má segja að það sé óvenjulegt að finna svo mikið af varningi á einum stað,“ segir Ómar Smári Ármannsson aðstoðaryfirlögregluþjónn. Hann segir að umfangið gefi verslunareigendum og verslunarfólki tilefni til að huga betur að þjófavörnum.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ætla einhverjir mannanna að áfrýja gæsluvarðhaldsúrskurðinum.

thorgunnur@frettabladid.is



**GÆSLUVARÐHALD** Einn mannanna hefur fengið dóm hér á landi fyrir auðgunarbrott og nokkrir hafa verið dæmdir fyrir svipuð brott erlendis.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

### SKIPULAGÐIR GLÆPIR?

Í greinaflokki Fréttablaðsins um skipulagða glæpastarfsemi á Íslandi sem birtist í lok júní var greint frá því að lögregla og tollgæsla hefðu vísbendingar um að þýfi væri flutt úr landi með skipulögðum hætti. „Hvert fer allt þetta þýfi? Ef það er selt hér á landi, þá er svartur markaður á Íslandi undarlega stór [...] því hlýtur nokkuð stór hluti að fara úr landi,“ var haft eftir heimildarmanni Fréttablaðsins innan lögreglunnar hinn 29. júní síðastliðinn.

**ÞÝFIÐ FLOKKAÐ** Dýr fatnaður, og tölvubúnaður var meðal þess sem fannst.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Stjórnarherinn í Búrma:

## Beitir áfram fullri hörku

**BÚRMA, AP** Stjórnarherinn í Búrma heldur áfram að beita fullri hörku gegn þeim sem tóku þátt í mótmælaaðgerðum nú í haust.

Fólk hefur verið dregið út af heimili sínu að næturlagi og hermenn aka um á bifreiðum og kalla í hátalara: „Við erum með ljósmyndir. Við munum handtaka ykkur.“

Klaustrin í Rangún standa nú flest tóm, munkarnir hafa ýmist verið handteknir eða þeim skipað að fara heim til sín í sveitirnar.

- gb

Svandís Svavarsdóttir:

## Efins um lög-mæti fundarins

**VIÐSKIPTI** Svandís Svavarsdóttir, fulltrúi Vinstri grænna í stjórn Orkuveitunnar, tók ekki afstöðu til samruna Reykjavík Energy Invest og Geysir Green Energy í gær, þar sem hún taldi sér ekki hafa gefist ráðrúm til að mynda sér skoðun. Hún gagnrýndi að einungis væru veittar þrjár klukkustundir til að taka ákvörðun um þetta mikilvæga mál. Bóað hafi verið til eigendafundarins með ólöglega skómmum fyrirvara og hyggst hún láta reyna á lög-mæti hans.

Hún lét bóka að kaup starfsmanna REI í hinu nýja fyrirtæki þyrftu sérstaka skoðun.

Sjálfstæðismenn í borgarstjórn vildu ekki tjá sig um málið þegar eftir því var leitað í gær.

- sh

## KÍNVERSKIR LOFTFIMLEIKASNILLINGAR Í ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐINNI VERSÖLUM

Fim. 4. okt. kl. 20 UPPSELT  
Fös. 5. okt. kl. 18 AUKASÝNING  
Lau. 6. okt. kl. 16 UPPSELT  
Sun. 7. okt. kl. 16 UPPSELT



## KÍNVERSK MENNINGARHÁTÍÐ

Í KÓPAVOGI 29. SEPTEMBER - 7. OKTÓBER 2007

Sjónarspil fyrir alla fjölskylduna á sýningu Loftfimleikaflokks Wuhan sem hefur að leiðarljósi að gleðja jafnt hjartað, hugann og augað.

Miðasala hjá Gerplu í íþróttamiðstöðinni Versölum alla virka daga kl. 15-20, laugardaga og sunnudaga kl. 12-16 og í síma 557 4925.



## Blóðbankinn biðlar til blóðgjafa sinna til að anna blóðnotkun sjúkrahúsanna:

# Mest þörf á blóði í O-flokki

**HEILBRIGÐISMÁL** „Viðbrögðin hafa verið mjög góð en við munum þurfa að biðla til almennings áfram næstu daga og vikur,“ segir Sveinn Guðmundsson, yfirlæknir Blóðbankans. Nokkuð hefur gengið á birgðir bankans undanfarið og hafa forsvarsmenn hans því brugðið á það ráð að minna á sig með því að senda skráðum blóðgjöfum sms-smáskilaboð og tölvupóst.

Sveinn segir að á haustin reynist Blóðbankanum oft erfitt að hafa nægar birgðir. Ástæðan sé sú að margir blóðgjafar séu uppteknir en einnig sé mikið um aðgerðir á sjúkrahúsum sem oft krefjast mikilla blóðgjafa. „Okkur vantar helst blóð í O-flokki. Við erum bjartsýn en finnum að sjúkrahúsin þurfa á miklu blóði að halda þessa dagana,“ segir Sveinn. Á þriðjudaginn komu hundrað blóðgjafar í bankann en um nóttina voru notaðar 120 einingar af blóði á sjúkrahúsum. Í gær gáfu 200 blóðgjafar blóð.

Þegar svona stendur á leitir bankinn til skráðra blóðgjafa sem eru um 10.000 talsins. Þeir sem hafa áhuga á að gerast blóðgjafar eru beðnir um að biðja um sinn og koma í bankann þegar mestu annirnar eru yfirstaðnar.



**GAGNLEG GIÖF** Skráðir blóðgjafar á Íslandi eru um 10.000 talsins. Þeir eru hvattir til þess að heimsækja Blóðbankann á næstu dögum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Í dag verður opið til kl. 19 í Blóðbankanum við Snorrabraut auk þess sem blóðbillinn tekur á móti blóðgjöfum við Fjarðarkaup í Hafnarfirði milli klukkan 13 og 17.

- þo



**Einstaklega einfaldur í uppsetningu**  
með íslenskum leiðbeiningum

KYNNINGAR  
**VERÐ**

**19.990**

**Bílskúrshurðaropnari**  
**EcoStar PLUS**

710000

Innifalið:

- Ein fjarstýring og einn veggprofi
- Íslenskar leiðbeiningar

Tækniupplýsingar:

- Reimdrifinn
- Fyrir allt að 11 m<sup>2</sup> hurð
- Ræður við:
  - Eins fleka hurð, allt að 2625 mm hæð\*
  - Samlokukurðir, allt að 2375 mm hæð\*
  - Samlokukurðir fyrir lága lofthæð allt að 2250 mm hæð\*

\* Mismunandi eftir hurðategundum



# Allt fyrir haustið



**Nýtt** Húsasmiðjubleðið komið út  
Stútfullt af **girnilegum tilboðum**

**❖ 5 m<sup>2</sup> á 12 mín**

**Málningarsprautuset, Wagner**

Rafmagns, 280W, 3 stútar, langur fyrir ofna og þar sem þrengsli eru, 2 könnur, 5 sek að skipta um lit, fyrir flestar málningartegundir - vatns og olíu

5158306

**11.499**



**Loftamálning, Jotaproff**

10 ltr. gljástig 3

7119854

**3.995**  
~~6.799~~



**Flíspeysa**  
Hr. Cecil, st. S-3XL

5860816-33

**4.999**



**Útiljós, Mark**  
Veggjós

6010207

**3.995**



**Kastari**  
500W, á vegg, svartur

5880078

**899**  
~~1.319~~



**HÚSASMIÐJAN**  
...ekkert mál

| GENGIÐ 03.10.2007                                                                 |                 |           |        |
|-----------------------------------------------------------------------------------|-----------------|-----------|--------|
| GJALDMÍÐLAR                                                                       |                 | KAUP SALA |        |
|  | Bandaríkjadalur | 61,41     | 61,71  |
|  | Sterlingspund   | 125,24    | 125,84 |
|  | Evra            | 87,02     | 87,50  |
|  | Dönsk króna     | 11,671    | 11,739 |
|  | Norsk króna     | 11,306    | 11,372 |
|  | Sænsk króna     | 9,446     | 9,502  |
|  | Japanskt jen    | 0,5281    | 0,5311 |
| SDR                                                                               |                 | 95,48     | 96,04  |
| GENGISVÍSITALA KRÓUNNAR                                                           |                 |           |        |
|                                                                                   |                 | 116,928   |        |
| HEIMILD: Seðlabanki Íslands                                                       |                 |           |        |



FRIDARGÆSLA Þrjú þúsund manna evrópskt friðargæslulið kann að verða sent til Darfúr.

## Átökin í Darfúr: Senda evrópskt friðargæslulið

PARÍS, AP Þrjú þúsund manna evrópskt friðargæslulið kann að verða sent til grannlanda Darfúr-héraðs í Súdan jafnvel strax í næsta mánuði. Frá þessu greindu franskir embættismenn í gær, en Frakkar hafa tekið sér forystuhlutverk í verkefninu. Því er ætlað að veita vernd hundruðum þúsunda flótta-manna og öðrum óbreyttum borgurum sem líða fyrir ástandið.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna lagði í síðustu viku blessun sína yfir að evrópskt gæslulið yrði sent til Tsjað og Mið-Afríkulýðveldisins. Samkvæmt reglum SP mun liðið hafa umboð til að „grípa til aðgerða gegn öllum vopnuðum hópum ... sem ógna óbreyttum borgurum,“ sagði franskur erindreki.

### LEIÐRÉTTING

Rangar myndir birtust í Fréttablaðinu í gær með grein um reynsluakstur á Ford Escape. Myndirnar voru af Ford Explorer. Greinin verður birt á ný með réttum myndum á bílasíðum blaðsins á laugardag.

Ranglega var sagt í frétt af stefnu-ræðu forsætisráðherra að stefnt væri á að lækka persónuafslátt. Hið rétta er að stefnt er að því að hækka persónuafslátt, eins og skilja mátti af samhengi fréttarinnar.



Kristín Gísladóttir sjúkrapjálfari aðstoðar við val á rétttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN

Marco

Opið virka daga: 10–18  
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500

Ýmsar stofnanir virðast eiga erfitt með að fylgja fjárlögum segir Ríkisendurskoðun:

# Með 221 milljón í yfirdrátt

**EFNAHAGSMÁL** Fjölmargar stofnanir ríkisins eiga í erfiðleikum með að fylgja fjárlögum, og tólf þeirra voru með samtals 221 milljón króna í yfirdráttarskuld í árslok 2006. Þetta kemur fram í endurskoðun Ríkisendurskoðunar á ríkisreikningi ársins 2006. Ríkisendurskoðun bendir á að stofnunum sé ekki heimilt að fjármagna rekstur sinn með yfirdrætti á bankareikningum, heldur eigi að færa halla sem tímabundna skuld við ríkissjóð. Árni M. Mathiesen sagði í viðtali við Fréttablaðið nýverið að til stæði að breyta framkvæmd fjárlaga, meðal annars með þeim hætti

að stofnanir geti tekið lán hjá ríkissjóði til að sleppa við yfirdrátt og dráttarvexti af skuldum. Alls fóru 75 ríkisstofnanir meira en fjögur prósent fram úr fjárheimildum á árinu 2006, samtals um 14 milljarða króna. Rúmur helmingur stofnana átti meira en fjögur prósent heimilda ónýtt. Stofnanir ríkisins eru um 450. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar segir að taka eigi af festu á þeim stofnunum sem fari meira en fjögur prósent fram úr heimildum, annaðhvort með því að ganga eftir því að þær dragi úr útgjöldum eða með því að hækka heimildir. Fjárhagsstaða ríkissjóðs hefur



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ Um 40 prósent stofnana sem heyra undir menntamálaráðuneytið fóru meira en fjögur prósent fram úr fjárhagsáætlun.

batnað verulega undanfarin tvö ár vegna mikils afgangss sem verið hefur á rekstri hans, segir í skýrslunni.

- bj

Bush Bandaríkjaforseti:

## Beitti neitunarvaldi enn á ný

**BANDARÍKIN, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti beitti neitunarvaldi sínu í fjórða sinn í gær. Þar með felldi hann frumvarp sem hefði bætt verulega heilbrigðistryggingar barna. Með því að beita neitunarvaldi sínu á frumvarpið gengur Bush gegn vilja beggja flokka, bæði andstæðinga í Demókrata-flokknum og samherja í Repúblikanaflokknum. Bush reyndi að vekja sem minnsta athygli á málinu, boðaði til dæmis ekki til blaðamannafundar eins og áður þegar hann hefur beitt neitunarvaldi.

- gb

# Helmingur hægri-manna styður Ólaf

Tæplega 65 prósent vilja að Ólafur Ragnar Grímson verði forseti íslenska lýðveldisins fjórða kjörtímabilið í röð. Tæplega 36 prósent vilja fá nýjan forseta. Heldur fleiri konur en karlar vilja að Ólafur verði áfram á Bessastöðum.

**SKOÐANAKÖNNUN** 64,5 prósent vilja að Ólafur Ragnar Grímsson haldi áfram sem forseti þegar kjörtímabili hans lýkur á næsta ári, samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins. 35,5 prósent sögðust vilja fá nýjan forseta. Samkvæmt könnuninni vilja fleiri karlar en konur fá nýjan forseta þegar kjörtímabili Ólafs lýkur næsta ár. 37,3 prósent karla vilja nýjan forseta og 33,7 prósent kvenna. Þá eru aðeins fleiri sem búa á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu sem vilja að Ólafur Ragnar haldi áfram, en munurinn eftir búsetu er lítill. 65,8 prósent íbúa á landsbyggðinni vilja að hann haldi áfram en 63,7 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Nokkur munur er á afstöðu fólks til þess hvort Ólafur Ragnar eigi að halda áfram eftir stjórn-málaskoðunum, en hafa verður í huga að misjafn fjöldi liggur að baki hvers flokks og skeykkju-mörk því misjöfn.

Kjösendur Vinstri grænna eru þeir sem helst vilja að Ólafur Ragnar haldi áfram, en 76,8 prósent þeirra sem segjast kjósa þann flokk vilja ekki að Ólafur hætti. Þá segjast 70,7 prósent þeirra sem ekki gefa upp stjórnmálaflokk og 70,2 prósent þeirra sem styðja Samfylkinguna vilja að Ólafur sitji sem forseti fjórða kjörtímabilið. 65,0 prósent kjósenda Frjálslynda flokksins og 50,0 prósent kjósenda Framsóknarflokksins vilja Ólaf sem forseta næsta kjörtímabil. Ólafur hefur minnstan stuðning meðal



ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON, FORSETI ÍSLANDS OG DORRIT MOUSSAIEF FORSETAFRÚ Enn er óljóst hvort Ólafur Ragnar sækist eftir að verða forseti fjórða kjörtímabilið í röð. Um það bil tveir af hverjum þremur vilja að hann haldi áfram.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**ÞESSI VORU NEFND SEM MÖGULEGIR ARFTAKAR Á BESSASTÖÐUM**

Berglind Ásgeirsdóttir  
Bjarni Ármannsson  
Davíð Oddsson  
Geir H. Haarde  
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir  
Jón Baldvin Hannibalsson  
Steingrímur J. Sigfússon  
Þóroldur Árnason

kjósenda Sjálfstæðisflokksins, en 48,8 prósent þeirra vilja að Ólafur sitji áfram á Bessastöðum. Meirihluti þeirra sem kjósa Sjálfstæðisflokkinn vill því nýjan

forseta samkvæmt þessu, en munurinn er afar tæpur. Hringt var í 800 manns á kosningaaldri laugardaginn 29. september. Spurt var; Þriðja kjörtímabili Ólafs Ragnars Grímssonar forseta lýkur á næsta ári. Viltu að hann sækist eftir því fjórða, eða viltu fá nýjan forseta? 86,6 prósent svarenda tóku afstöðu til spurningarinnar. Þá var spurt; Hver viltu að verði næsti forseti ef Ólafur Ragnar Grímsson býður sig ekki fram? Einungis 15 prósent tóku afstöðu til þeirrar spurningar og eru því tölulegar upplýsingar ekki birtar og nöfnum þeirra sem oftast voru nefnd er raðað í stafrófsröð.

svanborg@frettabladid.is



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**NORÐANÁTTIR Í KORTUNUM**


Það verða suðlægar áttir í dag með hinni hefðbundnu vætu, einkum sunnan og vestan til. Í kvöld og þó einkum í nótt gengur lægð austur með suðurstroindinni sem dýpkar talvert mikið annað kvöld. Þetta þýðir að aðra nótt og á laugardag verður víða hvöss norðanátt einkum þó á norðaustanverðu landinu. Þessari norðanátt fylgir rigning nýrðra en snjó-koma á hálendinu.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Hæg suðlæg eða breytileg átt. Rigning eða skúrir. Hiti 5-9 stíg.

## VEÐURSPÁ

um hádegis »




um hádegis »

|               |                 |           |                 |                 |                 |
|---------------|-----------------|-----------|-----------------|-----------------|-----------------|
| Kaupmannahöfn | 15°C skúrir     | London    | 18°C léttskýjað | Friedrichshafen | 20°C skýjað     |
| Billund       | 12°C skúrir     | Paris     | 21°C skýjað     | Lúxemborg       | 21°C skýjað     |
| Oslo          | 14°C skýjað     | Amsterdam | 20°C skúrir     | Alicante        | 25°C skúrir     |
| Stokkhólmur   | 14°C léttskýjað | Frankfurt | 20°C skúrir     | Róm             | 27°C léttskýjað |
| Gautaborg     | 15°C skýjað     | Berlín    | 16°C skúrir     | Las Palmas      | 23°C léttskýjað |


\* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

» á morgun



3-8 m/s

» laugardagur



Hvöss norðvestanátt á landinu norðaustanverðu.

# Lykill að lífi

Landssöfnun Kiwanis  
4.-7. október 2007

Safnað í þágu Geðhjálpar, BUGL og Forma

„Við hjá Forma notum reynslu okkar til að hjálpa öðrum sem eiga við átröskun að stríða.“

Edda Ýrr Einarsdóttir, 24 ára sálfræðinemi og formaður Forma, samtaka átröskunarsjúklinga, þjáðist af átröskun í þrjú og hálft ár.

AP almannatengill / H2 hönnun

## Þitt framlag skiptir máli

Tilgangur landssöfnunarinnar er að vekja þjóðina til umhugsunar um málefni geðsjúkra og safna fé til þess að styðja við endurhæfingu þeirra. Að þessu sinni er sjónum sérstaklega beint að ungu fólki sem glímir við geðræn vandamál. Geðheilbrigði er mál sem snertir okkur öll.

## Hvað getur þú gert?

- Tekið vel á móti sölufólki og keypt K-lykilinn
- Lagt inn á reikning söfnunarinnar: 1100-26-55000 (kennitala: 640173-0179)
- Keypt K-lykillinn í Bónus eða hjá Olís

Sparisjóðirnir á Íslandi eru fjárvörsluaðili söfnunarinnar:



Kiwanishreyfingin á Íslandi  
Engjateigi 11  
105 Reykjavík  
Sími 588 3636  
www.kiwanis.is



Bakhjarlar landssöfnunarinnar:



KJÖRKASSINN



Eiga ráðherrar að sitja á þingi?

Já

Nei

54%

46%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Fylgdist þú með umræðum í upphafi þings?

Segðu skoðun þína á vísir.is.



Steyptu sökkla fyrir átta hundruð fermetra bílaþvottastöð á skökkum stað:

## Sökudólgur ekki fundinn enn

**SKIPULAGSMÁL** „Það er ekki komin nein skýring á því hver sökudólgurinn er þannig að ég vil ekki tjá mig um þetta núna,“ segir Róbert Reynisson, framkvæmdastjóri bílaþvottastöðvarinnar Löðurs.

Eigendur Löðurs ætla að byggja um átta hundruð fermetra bílaþvottastöð við Fiskislóð í Reykjavík. Sökkarnir hafa þegar verið steyptir en reyndust vera sjö og hálfum metra of nálægt götunni. Vegna þessa hefur Löður óskað eftir því við byggingarfulltrúann í Reykjavík að fá að færa húsið nær götunni miðað við upphaflegan byggingarreit svo ekki þurfi að rífa sökkjana og byrja upp nýtt á byggingunni með tilheyrandi kostnaði.

Byggingarfulltrúinn frestaði á þriðjudag að afgreiða bón Löðurs þar sem skýringar á mistökunum fylgdu ekki með umsókninni. „Það er verið að vinna í þessu og þetta ætti allt að koma í ljós eftir helgi,“ segir Róbert Reynisson.

- gar



**SÖKKLARNIR Á FISKISLÓÐ** Mistök í byggingu nýrrar bílaþvottastöðvar gætu hafa orðið til þess að húsið standi á öðrum stað en því var ætlað.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sautján ár frá sameiningu:

## Enn mikið ógert í austri

**ÞÝSKALAND, AP** Sautján árum eftir endursameiningu Þýskalands nýtur uppbygging austurhlutans, sem áður var hluti af austur-blokkinni, enn forgangs. Þessu lýsti Angela Merkel kanslari yfir í þjóðhátíðarárvarpi í Schwerin í norðausturhluta landsins í gær.

Merkel sagði enn margt ógert í austurhlutanum þar sem atvinnuleysi er um tvöfalt meira en í vesturhlutanum og innviðir á borð við samgöngumannvirki eru enn ekki fullendurnýjaðir. Sú uppbygging hefur verið fjármögnuð með „samstöðuskatti“ á Vestur-Þjóðverja.

- aa

Lítið atvinnuleysi hefur áhrif á Vinnumálastofnun:

## Fækkar starfsfólki

**VINNUMARKAÐUR** Stjórnendur Vinnumálastofnunar hafa þurft að fækka fólki vegna þess hversu lítið atvinnuleysi er í landinu. Atvinnuleysið mælist aðeins tæp 0,9 prósent og hefur því orðið samdráttur í verkefnum stofnunarinnar. Starfsfólki hefur verið sagt upp undanfarin misseri og ekki hefur

verið ráðið í stað þeirra sem hafa sagt störfum sínum lausum. Hugrún Jóhannesdóttir, forstöðumaður hjá Vinnumálastofnun, segir að aðeins 720 menn séu á atvinnuleysisskrá og því þurfi ekki sama mannafla og áður til að sýsla með málefni atvinnulausra.

- ghs

# Skólaferðalög verða greidd úr borgarsjóði

Menntaráð Reykjavíkur hefur falið fræðslustjóra að reikna með vettvangsferðum grunnskólabarna í fjárhagsáætlun. Enginn sleppir ferð vegna fjárhagsstöðu segir formaður Skólustjóraráðsins. Foreldri segir mismunun í grunnskólum.

**SKÓLAR** Borgaryfirvöld í Reykjavík hyggjast greiða kostnað vegna vettvangsferða grunnskólanemenda. Menntaráð Reykjavíkur hefur falið fræðslustjóra að gera ráð fyrir þessu í fjárhagsáætlun næsta árs.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær tekur menntamálaráðuneytið af öll tvímæli um að skyldu-nám eigi að vera nemendum að kostnaðarlausu. Það eigi einnig við um námstengdar vettvangsferðir á skólatíma.

Berglind K. Þorsteinsdóttir sem á tvo drengi í áttunda og tíunda bekk í Ingunnarskóla í Grafarholti segist hafa greitt ýmsar ferðir í gegnum árin. Nú síðast hafi hún borgað fjögur þúsund krónur fyrir Þórsmekurferð. Ferðalögin séu hins vegar ekki einu dæmin um gjaldtöku. Til dæmis taki skólinn 1.200 króna gjald fyrir skipulagsbækur þar sem nemendur færa inn námsframvindu. Í bókunum sé alls kyns efni tengt námsefninu.

„Það á að vera óheimilt að taka gjald en menntasvið borgarinnar segir að það sé val hvers nemenda að kaupa dagbókina. Krakkarnir geti allt eins fært sínar áætlanir inn í öðruvísi dagbækur eða bara stílabækur. Fyrir yngstu börnin er ekkert gaman að vera með stílabók þegar hinir krakkarnir eru allir með flotta bók. Þetta er bara mismunun sem mér finnst alvarleg á árinu 2007. Ég hélt að allir skólar ættu að fara að lögum,“ segir Berglind.

Hanna Hjartardóttir, formaður Skólustjóraráðs Íslands og skólustjóri í Snælandsskóla í Kópavogi,

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**SKÓLAFERÐALAG Á LAUGARVATNI** Menntamálaráðuneytið segir að nemendur eigi ekki að greiða fyrir ferðalögin.

### GJALD FYRIR SKÓLAFERÐALÖG

Í svari skrifstofustjóra grunnskólaskrifstofu Reykjavíkur til menntaráða vegna fyrirspurnar fulltrúa Vinstri grænna í ráðinu kemur fram að í þrettán grunnskólum borgarinnar fóru tíundu bekkingar í vorferðir og greiddu fyrir það 7.108 krónur að meðaltali. Í sautján skólum fóru yngri bekkjardeildir einnig í vorferðir og greiddu nemendur þar á bilinu 769 til 2.106 krónur hver.

segir að í ljósi niðurstöðu menntamálaráðuneytisins sé einboðið að vinsælar ferðir í skólabúðir eins og á Reyki í Hrútafirði og Laugar í Sælingsdal leggist af. Fyrir eina slíka fimm daga ferð síðasta vor hafi kostnaður skólans numið 450 þúsund krónum. Sjálfir hafi nemendurnir greitt 650 þúsund krónur til viðbótar. Hanna segir skólann ekki hafa bolmagn til að standa undir því. Fræðslustjóri Kópavogs er nú að taka saman þann kostnað

sem bærinn verður fyrir vegna túlkunar menntamálaráðuneytisins.

Hanna segir þátttöku í vettvangsferðum mjög góða. „Oftast er yfir níutíu prósent þátttaka og stundum er hún hundrað prósent,“ segir Hanna sem aðspurð neitar því að einhverjir nemendur sleppi ferðunum eingöngu af fjárhagsástæðum. „Ef við verðum þess áskynja er alltaf hægt að hlaupa undir bagga.“

gar@frettabladid.is

Formaður Vinstri grænna sagði alvarlegar horfur í efnahagsmálum á Alþingi í gær:

## Áætlanagerð úti í hafsauga

**STJÓRNMÁL** Hagstjórnin á Íslandi er í molum og hagspár og áætlanagerð úti í hafsauga, sagði Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, í utandagskrárumræðum um horfur í efnahagsmálum á Alþingi í gær.

Steingrímur sagði alvarlegar horfur blasa við í efnahagsmálum, þó að stjórnvöld haldi því fram að hér sé góðæri og ástand gott. Steingrímur benti á að fyrir tveimur árum hafi verið talið að viðskiptahallinn væri í hámarki. Síðar hafi hann nærfellt tvöfaldast, skuldasoðnun æði áfram með ávísun á verðbólgu, háa vexti og erlenda skuldasoðnun.

Geir H. Haarde forsætisráðherra svaraði því til að skoða þurfi fleiri atriði, hagvöxtur hafi verið mikill undanfarin ár og mikil eftirspurn. Tekist hafi að komast í gegnum sveiflu undanfarinna ára án teljandi skakkafalla. Á meðan aðrar þjóðir berjist við atvinnuleysi þurfi að flytja inn vinnuafli hér.

Geir gagnrýndi Steingrím fyrir að einblína aðeins á eitt atriði í heildarmyndinni, viðskiptahallann. Hann sagðist ekki gera litíð úr því að 25,7 prósent viðskiptahalli sé vandamál, en gert sé ráð fyrir því að hann lækki á næstu árum.



**Á ALÞINGI** Steingrímur J. segir hagstjórnina í molum og hagspár og áætlanagerð úti í hafsauga.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Steingrímur svaraði því til að sömu aðilar og nú spái að dragi úr viðskiptahalla hafi spáð því sama fyrir tveimur árum, og sú spá hafi ekki ræst. Sömu aðilar gætu verið að gera sömu mistök.

- bj

Frí áfylling af rúðuhreinsi með afmæliskorti Olís



Dagleg þrif eru leikur einn – með Unique örtrefjamoppum og klútum



Unique örtrefjamoppusettið byggir á tveimur mismunandi moppugerðum.

1 stk. hvítri þurrmoppu sem er notuð til þess að sópa. Moppan dregur í sig óhreinindi og ryk með því að mynda stöðuraframn.

2 stk. bláum blautmoppum sem eru notaðar til þess að þvo öll hörð gólfefni.

Unique örtrefjamoppusettið 2.980 Kr. vorunnr. 63240

Unique örtrefjaklútasett örtrefjaklútur og örtrefjaglerklútur 557 Kr. vorunnr. 63242

Rekstrarvörur - vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665 sala@rv.is • www.rv.is



Uniquenr/080702

# Haustr útsala

aðeins í 4 daga!

30%


afsláttur

af nýjum  
vörum

Gildir til 7. október eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla

VEISTU SVARIÐ?



1 Hver er heimsmeistari í skák?

2 Hvað heitir forseti Kína?

3 Hver skoraði sigurmark Man. Utd gegn Roma í Meistaradeildinni á þriðjudagskvöld?

SVÖRIN ER AÐ FINNA Á SÍÐU 50



HEIÐMÖRK Vinstri græn vilja áætlanarferðir í Græna treflinn. FRETTLADID/

## Vinstri græn í Reykjavík: Með strætó út í náttúruna

**SVEITARSTJÓRNIR** Borgarfulltrúar Vinstri grænna hafa lagt fram tillögu í borgarstjórn um tengingu leiðakerfis Strætó við græn svæði frá og með næsta sumri. „Hafinn verði undirbúningur að leiðum á valda staði, svo sem í Heiðmörk, skógræktarsvæðið í Úlfarsfelli og á fleiri staði í Græna treflinum,“ segir í tillögu Vinstri grænna sem jafnframt vilja að kannað verði hvort forsenda sé fyrir samstarfi Strætó og þeirra sem halda úti áætlanarferðum til eyja á höfuðborgarsvæðinu. - gar

**LÖGREGLUFRÉTTIR**  
**Tengivagn valt á hliðina**  
Loka þurfti Vesturlandsvegi skammt frá Bifröst í Borgarfirði í skamma stund í gærmorgun eftir að tengivagn losnaði aftan úr flutningabíl og valt þvert á veginn. Engan sakaði og litlar tafir urðu á umferð.

Viktor Júsjenko, forseti Úkraínu, óskar eftir að stjórnarmyndunarviðræður hefjist:

# Óvissa með útkomu kosninga

**ÚKRAÍNA.AP** Viktor Júsjenko, forseti Úkraínu, sagði í gær að fimm flokkar hefðu fengið nægilegan atkvæðafjölda til að komast inn á þing og kallaði eftir því að stjórnarmyndunarviðræður myndu hefjast. Yfirlýsingin þykir til marks um þá miklu óvissu sem ríkir með útkomu þingkosninganna síðastliðinn sunnudag.

Næstum öll atkvæði höfðu verið talin í gær og sýndu tölur að nýmyndað bandalag Júsjenko og Júlíu Tímosjenko var afar nálægt því að geta myndað meirihluta á þingi. Bandamenn Júsjenko hafa lýst yfir að fáir bandalag þeirra meirihluta á þingi muni hann skipa



VIKTOR JÚSIENKO FORSETI ÚKRAÍNU  
Sagðist vilja samstarf flokka sem eru hliðhollir Vesturlöndum og flokka hliðhollum Rússlandi í ræðu sinni í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Tímosjenko forsætisráðherra á ný, eins og hann gerði eftir sigur

þeirra árið 2004. En yfirlýsingin í gær virtist gera ráð fyrir þeim möguleika að hann og Tímosjenko myndu ekki geta myndað meirihlutastjórn.

Flokkur Tímosjenko var með 30,74 prósent og flokkur Júsjenko með 14,17 prósent þegar 99,84 prósent atkvæða höfðu verið talin í gær. Flokkur andstæðings þeirra, Viktors Janúkovítsj forsætisráðherra, var með 34,33 prósent.

Júsjenko og Tímosjenko vilja aukið samstarf við Vesturlönd meðan Janúkovítsj þykir hliðhollari Rússlandi. Tímosjenko hefur lýst yfir að hún vilji ekki starfa með flokki Janúkovítsj. - sdg

## Seðlabankastjórnir þrír: Beðið daglega um viðtal

**STJÓRNSÝSLA** Fólk hringir daglega á skrifstofu seðlabankastjóra og biður um viðtal.

Oftast gengur greiðlega fyrir almenning að fá slík viðtöl, að því gefnu að erindið falli undir hlutverk Seðlabankans. Viðtöl eru gjarnan veitt í gegnum síma.

Bankastjórnir þrír eru ekki með fastan viðtalstíma og skipta stundum með sér þessum erindum þannig að einn svari fyrir annan. Vilji fólk endilega tala við ákveðinn bankastjóra er þó reynt að verða við því.

Biðtími fyrir almenning fer eftir efni og aðstæðum.

- kóp

# Borgar ekki fasteignagjöld nema fá hreinsun greidda

Kópavogsbær neitar að greiða 658 þúsund króna reikning frá Kynnisferðum vegna hreinsunar á ryki frá landfyllingu. Aðstoðarframkvæmdastjórinn segist þá munu halda upphæðinni eftir af fasteignagjöldum.

**UMHVERFISMÁL** „Ég dreg þetta þá bara frá fasteignagjöldunum,“ segir Sigfús Bergmann Gunnarsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Kynnisferða, sem sættir sig ekki við að Kópavogsbær neiti að greiða 658 þúsund krónur fyrir hreinsun á húsnæði fyrirtækisins.

Sigfús segir að eftir að Kynnisferðir fluttu inn í nýtt húsnæði í Vesturvör í byrjun maí hafi nánast ríkt þar umsátursástand næstu tvo mánuðina vegna mikils rykmakkar sem lagði frá vörubílum sem fluttu efni í landfyllingu þar hjá.

„Það var ríkjandi norðanátt og þurrkur í blöðviðrinu á þessum tíma og rykið stóð alltaf beint yfir okkur. Svona fint ryk smýgur um allt og húsið var fullt af því. Við teljum að tvær tölvur hjá okkur hafi orðið fyrir skemmdum og fólk gat ekki verið hérna vegna þess að það var allt í ryki og fór stundum heim um miðjan dag,“ segir Sigfús.

Til viðbótar þessum óþægindum nefnir Sigfús að til lítills hafi verið að þrifa rútur í þvottastöð fyrir

tækisins. „Rúturnar fóru í gegnum þvottastöðina til að verða tilbúnar fyrir næsta dag en voru varla komnar út á plan þegar þær voru orðnar grútskítugar aftur í rykmekkinum,“ segir hann.

Að sögn Sigúsar leitaði hann ítrekað ásjár Kópavogsbæjar. „Ég margbað bæjaryfirvöld að reyna að koma í veg fyrir þessa rykmengun með því að vökva uppfallingarsvæðið með vatni eða einhverju öðru bindiefni. Það eina sem þeir gerðu var að setja hérna rétt á malarveginn sem er að uppfyllingunni en það dugði lítið,“ segir Sigfús sem kveður ástandið hafa varað allt þar til bærinn sneri sér að uppfyllingu á öðrum stað í Kársnesi.

Sigfús segir að ekki hafi verið annað hægt en að þrifa öll húsa-kynni fyrirtækisins hátt og lágt. Það hafi kostað sitt. Hann hafi síðan sent Kópavogsbæ reikning upp á áðurnefndar 658 þúsund krónur sem sé hógvær krafa miðað við þann kostnað sem Kynnisferðir hafi orðið fyrir vegna landfyllingagerðar bæjarins.



SIGFÚS BERGMANN GUNNARSSON Aðstoðarframkvæmdastjóri Kynnisferða segir 658 þúsund króna reikning til Kópavogsbæjar hógværa kröfu miðað við þann kostnað sem fyrirtækið hafi orðið fyrir.

Reikningurinn var endursendur og Sigfús leitaði þá beint til bæjarráðs sem hafnaði því að greiða upphæðina eins og áður segir. „Þá borga ég ekki fasteignagjöldin

hérna,“ ítrekaði aðstoðarframkvæmdastjórinn þegar honum voru færð tíðindin af ákvörðun bæjarráðs.

gar@frettladid.is

Norrænt eldhús – einföld, hrein, fersk upplifun



Villtir dagar á VOX

Nýr haustmatseðill hefur tekið gildi á VOX með gómsætri villibráð, íslensku sumarlambi og öðru norrænu haustráefni, litskrúðugum berjum, sveppum og fjallajurtum. Komdu fagnandi og bragðaðu á haustinu.

VOX Restaurant  
18.30 - 22.30  
Ópið þri. - lau.

VOX Bistro  
11.30 - 22.30  
Ópið alla vikuna

Hilton Reykjavík Nordica  
Suðurlandsbraut 2  
Sími 444 50 50

V O X

RESTAURANT / BISTRO

[www.vox.is](http://www.vox.is) Borðapantanir: 444 5050 eða [vox@vox.is](mailto:vox@vox.is)

# Ótakmarkað í alla GSM og heimasíma

JÓNSSON & LEHMANN • Júlís • Ljósmynd: Sverrir Spelgt

**Heimasími Max Xtra 3.450 kr.** á mánuði

Nú getur þú hringt ótakmarkað í alla GSM og heimasíma innanlands, úr heimasíma frá Hive.

Til að fá Heimasíma Max Xtra þarftu líka að vera með internetið hjá Hive (ADSL Max).

Þá ertu með ótakmarkað niðurhal og ótakmörkuð símtöl í alla GSM síma og alla heimasíma.

ADSL Max og Heimasími Max Xtra kosta saman 9.840 kr. á mánuði.

Hringdu í 1817, fáðu þér Hive og lækkaðu símareikning heimilisins.

Hive | Síðumúla 32 | 108 Reykjavík | Þjónustusími 1817 | [www.hive.is](http://www.hive.is) | Sölustaðir: Síðumúla 32 | Digital Task – Grensásvegi 11

**Hive**

## Snyrta að framan? Festa í hliðunum eða má kannski bjóða þér göt?



**37%  
AFSLÁTTUR**

**Borðyddari.** Yddar tvær stærðir af blýöntum, 8 og 12 mm.

Verð áður 2.699 kr.

**1.699 kr.**



**36%  
AFSLÁTTUR**

**Heftari.** Heftir allt að 12 blöð í einu. Ýmsir litir.  
Pakki með 1.000 heftum fylgir.

Verð áður 469 kr.

**299 kr.**



**35%  
AFSLÁTTUR**

**Gatari.** Vandaður gatari sem gatar allt að 25 blöð í einu.

Verð áður 1.199 kr.

**779 kr.**

Borgartúni 29 + Höfðabakka 3  
Smiðjuvegi 5 + Glerárgötu 34  
Sími 515 5100 + www.a4.is

**A4**

Forseti Suður-Kóreu snúinn heim eftir fund með leiðtoga Norður-Kóreu:

## Yongbyon lokað fyrir árslok

**KÓREA, AP** Stjórnvöld í Norður-Kóreu héttu því í gær að taka fyrir árslok í sundur aðalkjarnorkumiðstöð sína, þar sem efni í kjarnorkusprengjur hefur verið framleitt. Á sama tíma sneri Roh Moo-hyun, forseti Suður-Kóreu, til baka frá Pyongyang þar sem hann átti fund með Kim Jong-il, leiðtoga Norður-Kóreu. Þetta var fyrsti leiðtogafundur Kóreuríkjanna tveggja í sjó ár.

Lítið hefur verið látið uppi um hvað leiðtogunum fór á milli á fjögurra stunda löngum fundi sínum, en boðað hefur verið að í dag verði birt sameiginleg yfirlýsing frá þeim. Samkomulagið um kjarnorkumál



**LEIÐTOGAFUNDUR** Kim Jong-il og gesturinn að sunnan, Roh Moo-hyun, brosa framman í myndavélarnar eftir fund þeirra í Pyongyang í gær.

MYND/AP

Norður-Kóreu náðist í sex-velda-  
viðræðunum svonefndu, sem fram

fara í Kína. Þar var í gær greint frá því að Norður-Kóreumenn hefðu fallist á að eftirlitssveit sérfræðinga mætti undir bandarískri forystu koma innan hálf mánaðar „til að undirbúa lokun“ kjarnorkumiðstöðvarinnar í Yongbyon. Slökkt var á eina kjarnakljúfinum í miðstöðinni í júlí síðastliðnum, eftir að Bandaríkjastjórn vék frá hörkustefnu sinni gegn Norður-Kóreu og hét ýmiss konar aðstoð í skiptum fyrir lokun kjarnorkumiðstöðvarinnar. Eitt ár er nú frá fyrstu tilraunakjarnorkusprengingu Norður-Kóreumanna og þrettán frá fyrstu sex-velda samningunum um kjarnorkumál þeirra.

- aa

## VG segja eitthvað að í áætlanagerð ríkisins

Þingmaður Vinstri grænna setur fyrirvara við tölur í fjárlagafrumvarpi ársins 2008 í ljósi reynslunnar af frumvarpi ársins 2007. Stíga verður á bremsuna að mati formanns framsóknarmanna. Fjárlög ársins 2008 verða rædd á Alþingi í dag.

**STJÓRN MÁL** Þingmaður Vinstri grænna (VG) setur mikinn fyrirvara við tölur í nýju fjárlagafrumvarpi sem lagt var fram á mánudag. Það er gert í ljósi reynslunnar af áætlanagerð í fjárlagafrumvarpi ársins 2007, sem hafi engan veginn staðist. Umræður verða um fjárlagafrumvarp ársins 2008 á Alþingi í dag.

Samkvæmt nýjum spám verður tekjuafgangur ríkissjóðs eftir árið 2007 um 66 milljarðar en á fjárlögum var gert ráð fyrir um 9 milljarða tekjuafgangi.

„Það er ljóst að þessi mikli munur á spám og rauntölum segir okkur að eitthvað er að í áætlanagerðinni. Það gengur varla að reka skipulagðan búskap með svo lélegum forsendum,“ segir Jón Bjarnason, fulltrúi VG í fjárlaganefnd.

„Mín skoðun er sú að það verði margir fyrir miklum vonbrigðum með velferðar- og kjaramálakafliann í þessu frumvarpi,“ segir Jón. Til dæmis sé þar ekkert sem bendi til þess að persónuafsláttur hækki meira en ákveðið hafi verið á síðastliðnum misserum. Það hafi þó verið eitt af kosningalofordum Samfylkingarinnar.

Jón segir fjárlagafrumvarpið bera þess merki að vera vinnuþagg. Þar séu til að mynda mót-vægisáðgerðir ríkisstjórnarinnar ekki sundurgreindar, né uppskipting ráðuneyta sem hafi áhrif á marga liði. Auk þess séu á annan milljarð eyrnamerkt varnarmálum og æfingum herja á íslenski grundu, og þá peninga væri eflaust hægt að nota til annars, til dæmis uppbyggingar löggæslu.

„Fjárlagafrumvarpið ber þess merki að mikil þensla er í samfé-



**ÞINGSETNING** Alþingi var sett á mánudag, og þá lagði fjármálaráðherra fram fjárlagafrumvarp ársins 2008.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

laginu, tekjurnar eru miklar og ríkisstjórnin situr við veisluborð,“ segir Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, spurður um afstöðu sína til frumvarpsins.

„Ég held að ríkisstjórnin verði að átta sig á því að það er mikill hiti í hagkerfinu og þenslan er alveg gríðarleg, svo það getur allt farið úr böndunum ef þeir stíga ekki á hemlana,“ segir Guðni.

Guðni segir að þjóðarsátt þurfi um að stíga á bremsuna, fresta framkvæmdum og ná verðbólgunni niður. Hann vildi þó ekki tiltaka hvaða framkvæmdum ætti að fresta. Í öllu falli yrði að hægja á ýmsum sviðum, til dæmis megi ekki fara offari í stóriðjuframkvæmdum.

„Það er ljóst að ríkisstjórnin og landsmenn allir njóta ennþá mik-

illa tekna, en þetta eru þenslutekjur,“ segir Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins. Hann segir að þrátt fyrir útgjaldaaukningu í fjárlagafrumvarpinu verði ekki betur séð en að fé vanti bæði í menntamálin og heilbrigðis- og tryggingamál.

Guðjón segir að skipta megi landinu í tvennt, þenslusvæði og svæði þar sem engin þensla hafi verið. Niðurskurður á aflaheimildum á þorski komi afar illa við sjávarbyggðir, og í fjárlagafrumvarpinu sé ekkert sem snúi slæmri stöðu sjávarbyggða til betri vegar. Eina raunhæfa lausnin sé að draga úr skerðingunni, og þingmenn Frjálslynda flokksins muni flytja frumvarp þess efnis á haustþingi.

brjann@frettabladid.is

Nýtt deiliskipulag auglýst í Kiðjabergi í trássi við Skipulagsstofnun:

## Óleystur hnútur í sumarparadís

**STJÓRNSÝSLA** Sveitarstjórn Gríms- og Grafningshrepps hefur ákveðið að auglýsa til kynningar nýtt deiliskipulag vegna sumarhúsabyggðar í landi Kiðjabergs.

Nýja deiliskipulagstillagan er auglýst í andstöðu við Skipulagsstofnun. Andstaðan sé vegna þess að byggingar hafi þegar verið reistar í Kiðjabergi sem ekki séu í samræmi við gildandi deiliskipulag. Ekkert lát virðist vera á ágreiningi þar um og engin sátt í sjónmáli.

Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu var nýtt deiliskipulag fyrir Kiðjaberg samþykkt árið 2005 en fellt úr gildi í sumar af úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála þar sem ekki var rétt staðið að kynningu þess. Gefin höfðu verið út nokkur byggingarleyfi á grundvelli þessa gallaða skipulags og hús reist. Úrskurðarnefndin felldi tvö byggingarleyfi úr gildi eftir kæru frá eigendum eins af eldri bústöðunum í Kiðjabergi. Sá erfiði hnútur er í málinu að ef mannvirki hafa verið reist í trássi við skipulag má ekki breyta skipulagi til samræmis við mannvirkin nema fjarlægja þau fyrst.



**KIÐJABERG** Gríms- og Grafningshreppur gerir nýja tilraun til að koma á deiliskipulagi fyrir stór frístundahús í Kiðjabergi.

MYND/EGILL

Samkvæmt ógilda skipulaginu frá 2005 var hámarksstærð húsa í Kiðjabergi 250 fermetrar og hámarkshæð 5,5 metrar. Í skipulaginu sem nú er auglýst segir hins vegar að hús geti orðið allt að 350 fermetrar og sex metrar að hæð. Núgildandi skipulag frá 1990 takmarkar stærð húsa við 60 fermetra. Mörg hús stærri en það hafa verið reist í Kiðjabergi.

- gar

KJARNAFÆÐI

# Hið eina sanna saltlæri

að hætti Margrétar Kristinsdóttur, hússtjórnarkennara



alt og sumt

Saltlæri var borðað sem sælkeramatur öldum saman en lítið hefur borið á því svo árum skiptir. Hópur sælkera hefur þó lengi látið kjötmeistara Kjarnafæðis sérvinna saltlærið fyrir sig þar sem haldið er í hefðina í vinnslu og meðhöndlun. Margrét Kristinsdóttir hússtjórnarkennari hefur endurvakið þessa sígildu íslensku uppskrift og nú býðst öllum landsmönnum kostur á að gæða sér á þessari einstöku úrvalsvöru.

#### Eldunaraðferð:

Setjið lærið í stóran pott með köldu vatni og sjóðið við vægan hita í tvo tíma, lengur ef lærið er stórt. Gott er að láta það standa í svolitla stund áður en það er borið fram með kartöflum, jafningi, grænum baunum og rauðrófum.

#### Uppskrift að góðum jafningi:

½ ltr. mjólk, 50 g saltlaust smjör, 3 msk. hveiti, örlítill sykur, salt, pipar, nýmalað múskat og soð af grænum baunum.

Mjólkín er hituð. Smjörið er brætt í potti og hveitið sett út í. Þetta er hrært út með forhitaðri mjólkinni og kryddað með salti, pipar, nýmöluðu múskati og örlitlum sykri. Að lokum er svolítið soð af grænum baunum hrært saman við.



MATUR ÚR HÉRAÐI



Saltlærið frá Kjarnafæði fæst í verslunum Bónus



**FRÍSKAÐ UPP Á CHE** Verkamenn í Havana mála veggmynd af Ernesto „Che“ Guevara, í tilefni af því að 8. október verða rétt 40 ár frá andláti þessa dýrkaða forystumanns kúbversku byltingarinnar.

MYND/AP



**JAFNRÉTTIS KRAFIST** Konur fjölmenntu í mótmælagöngu í Istanbul á alþjóðlegum degi kvenna, 8. mars síðastliðinn.

NORDICPHOTOS/AFP

## Drög að stjórnarskrá Tyrklands: Þörf sögð á að vernda konur

**TYRKLAND** Yfir áttatíu kvenna-hreyfingar í Tyrklandi hafa fordæmt drög að nýrri stjórnarskrá sem þær segja færa jafnréttisbaráttuna í landinu aftur um mörg ár.

Konur börðust hart fyrir grein í núverandi stjórnarskrá sem kveður á um að stjórnvöldum beri að tryggja jafnrétti fyrir alla. Í drögunum er þessi grein tekin út og í staðinn sagt að konur séu viðkvæmur hópur sem þarfnist sérstakrar verndar.

Einnig hefur verið undanfarið deilt um aðra grein í drögunum þar sem konum er leyft að vera með höfuðklúta í háskólum.

- sdg

### LÖGREGLUFRÉTTIR

#### Óku undir áhrifum fíkniefna

Þrír voru teknir fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna á höfuðborgarsvæðinu á þriðjudag og aðfaranótt miðvikudags. Tveir bílanna reyndust ótryggðir og farþegi í einum þeirra var handtekinn en sá var eftirlýstur vegna annarra mála.

Heyskortur á bæjum á Suður- og Norðausturlandi eftir mikið þurrkasumar:

## Bændur hlaupa undir bagga

**LANDBÚNAÐUR** Víða skortir hey á Suður- og Norðurlandi eftir þurrkt sumar. „Þetta fer mikið eftir því hvernig jarðvegur er í túnunum. Verst er þegar jörðin er sendin,“ segir Runólfur Sigursveinsson, ráðunautur hjá Búnaðarmiðstöð Suðurlands.

Runólfur segist þó telja að þeir bændur, sem vanti hey, ættu að geta orðið sér út um það hjá nágrönnum sínum. Hann segist ekki eiga von á því að menn þurfi að leita í Bjargráðasjóð vegna uppskerubrests, þó nokkrir hafi orðið fyrir töluverðu tjóni.

„Ég hef keypt töluvert mikið af heyi nú þegar, enda sá ég hvert stefndi í sumar. Svo hafa vinir mínir og kunningjar hlaupið undir bagga með mér, í orðsins fyllstu merkingu,“ segir Ómar Helgason, mjólkurframleiðandi í Lambhaga á Rangárvöllum.

Guðmundur Steindórsson, ráðunautur hjá Búgarði á Norðausturlandi, segir úrkoma í júní hafa verið 0,1 millimetra. „Það er nú ekki neitt í raun og veru en



**HEYRÚLLUR** Túnin hjá Ómari Helgasyni, mjólkurframleiðanda á Rangárvöllum, fóru mjög illa í þurrkunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

það hefur þó víst komið einu sinni fyrir að alls engin úrkoma mældist,“ segir Guðmundur.

- kdk

## Opið fangelsi á Kvíabryggju

Fangelsið Kvíabryggja var í gær tekið í notkun á ný eftir endurbætur. Fangar eru frjálssir ferða sinna um svæðið og býðst þeim fjarnám og jafnvel atvinna á Grundarfirði. Fyrirkomulagið kallast „opið fangelsi“.

**FANGELSI** Fangelsið Kvíabryggja, sem er skammt frá Grundarfirði, var tekið til notkunar á ný í gær eftir stækkun og endurbætur. Herbergjum fanga hefur verið fjölgað úr fjórtán í 22.

Kvíabryggja er nú skilgreind sem „opið fangelsi“. Í því felst að fangarnir njóta frelsis umfram þá sem vistaðir eru í öðrum fangelsum landsins. Engir rimlar eru fyrir gluggum og herbergjum fanga er ekki læst. Gæsla er í algjöru lágmarki.

Föngum á Kvíabryggju mun gefast kostur á fjarnámi, líklegast í samvinnu við Fjölbrotaskóla Snæfellinga. Lagaheimild er jafnframt til staðar til að fangar geti stundað einhverja atvinnu.

Valtýr Sigurðsson, forstjóri Fangelsismálastofnunar, sagði við opunarhátíð fangelsisins að margir teldu vist á Kvíabryggju varla geta kallast refsingu. „En ég vil minna á að frelsissviptingin er refsing,“ sagði Valtýr.

„Þegar ég tók við þessu starfi fyrir þremur árum voru uppi hugmyndir um að leggja niður fangelsið á Kvíabryggju, þar sem það væri óhagstæð rekstrar-eining,“ sagði Valtýr. „Sem betur fer náði það ekki fram að ganga.“

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra sagði að með endurbótunum á Kvíabryggju væri fyrsta áfanga af fjórum í áætlun um uppbyggingu fangelsa lokið. Framkvæmdum á Fangelsi Akureyrar ljúki um áramót og á Litla-Hrauni verði útbúin heimsóknar-aðstaða, sex rýma kvennadeild og opin deild fyrir fanga.

Björn sagði að öfugt við hugmyndir margra ríki jákvætt andrúmsloft í fangelsum og margir fangar vilji snúa við blaðinu. Nefndi hann góða þátttöku í AA-



**SPÁNNÝ SETUSTOFA** Valtýr Sigurðsson, forstjóri Fangelsismálastofnunar, sýnir Birni Bjarnasyni dómsmálaráðherra nýja setustofu fanganna.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

samtökum á Litla-Hrauni og í Hegningarhúsinu við Skóla-vörðustíg sem dæmi. Kvörtunum vegna fangelsismála hafi jafnframt fækkað.

steindor@frettabladid.is

#### KVÍABRYGGJA

Fangelsið hefur verið opnað á ný eftir endurbætur.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR



Írösk vitni hafa aðra sögu að segja en öryggisverðir Blackwater:

## Skothríðin varð sautján að bana

**BANDARÍKIN** Sautján manns lágu í valnum og 24 voru særðir eftir að öryggisverðir á vegum bandaríska Blackwater-fyrirtækisins hófu skothríð á torgi í Bagdad 16. september síðastliðinn. Þetta hefur bandaríska dagblaðið New York Times eftir íröskum vitnum og embættismönnum í Írak sem unnið hafa að rannsókn á atvikinu.

Áður var talið að ellefu manns hefðu látið lífið, en frásögn írösku vitnanna er töluvert frábrugðin frásögn starfsmanna Blackwater. Bandarískri rannsókn á atvikinu er ekki lokið.

Upphaf blóðbaðsins má rekja til þess að sprengja sprakk skammt frá byggingu í vestanverðri Bagdad. Rétt þar hjá var erindreki bandaríska utanríkisráðuneytisins, en hans gættu verðir á vegum Blackwater. Þeir



**ERIK PRINCE** Stofnandi Blackwater mætti í yfirheyrslu hjá bandarískri þingnefnd á þriðjudaginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

kölluðu strax til liðsauka. Öryggisverðirnir segja að stuttu síðar hafi verið skotið á bílalest sem fylgdi erindrekanum frá staðnum.

Samkvæmt írösku vitnunum hófst atburðarásin hins vegar þegar Íraki að nafni Ahmed

Ráðningar hjá hinu opinbera:

## Ráðuneytisstjóri óskast

**STJÓRNSÝSLA** Embætti ráðuneytisstjóra sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins hefur verið auglýst laust til umsóknar frá og með 1. janúar næstkomandi. Skipað er í embættið til fimm ára.

Um embættið gilda lög um Stjórnarráð Íslands og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Laun og önnur starfskjör eru samkvæmt ákvörðun kjararáðs.

Umsóknir ásamt upplýsingum um aldur, menntun og fyrri störf skulu hafa borist sjávarútvegsráðuneytinu eigi síðar en 19. október næstkomandi.

- sdg





249.900

**50PC1D**  
50" Plasma  
Upplausn  
1366x768  
Skerpa 10.000:1  
Birtustig 1.200  
Stafrænn móttakari



169.900

**42PC52**  
42" Plasma sjónvarp  
Upplausn 1024x768  
Skerpa 15.000:1  
Birtustig 1500  
Svartími innan við 1ms

# Sjáðu sjónvarpið!



259.900

**42LY95**  
42" LCD sjónvarp  
Upplausn 1920x1080 Full HD  
Skerpa 5.000:1  
Birtustig 500  
Svartími 8ms



199.900

**37LF65**  
37" LCD sjónvarp  
Upplausn 1920x1080 Full HD  
Skerpa 5.000:1  
Birtustig 500  
Svartími 8ms



219.900

**42LC2D**  
42" LCD Sjónvarp  
Upplausn 1366x768  
Skerpa 1.600:1  
Birtustig 500  
Svartími 8 ms  
Stafrænn móttakari



189.900

**37LC2D**  
37" LCD Sjónvarp  
Upplausn 1366x768  
Skerpa 1.600:1  
Birtustig 500  
Svartími 8 ms  
Stafrænn móttakari



179.900

**42LC51**  
42" LCD Sjónvarp  
Upplausn 1366x768  
Skerpa 5.000:1  
Birtustig 450  
Svartími 5ms



135.900

**37LC51**  
37" LCD Sjónvarp  
Upplausn 1366x768  
Skerpa 5.000:1  
Birtustig 450  
Svartími 6ms



105.900

**26LC51**  
26" LCD Sjónvarp  
Upplausn 1366x768  
Skerpa 800:1  
Birtustig 500  
Svartími 3ms

## RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -

Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • [ri@ri.is](mailto:ri@ri.is) [www.ri.is](http://www.ri.is)

Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16

Life's Good  LG

# LAGERÚTSALA H

Skila- og skiptivara og útlistgölluð

## Í bústaðinn !

Crown heilsudýna með botni  
í hvítu eða brúnu leðurlook  
og Square Alu löppum.

Verð 140x200 cm kr. 69.900,-

Verð 160x200 cm kr. 79.900,-

Verð 180x200 cm kr. 89.900,-



## Teppasett

Teppi - pífa - púði  
og tvö koddaver

Verð Queen frá kr. 12.900,-

Verð King frá kr. 17.900,-



## Amerískir hægindastólar

Örfá syningareintök  
úr verslun okkar.  
30-50% afsláttur



## Gaflar

Í miklu úrvali.  
15-50% afsláttur



## Stillanleg rúm!

Infinity stillanleg rúm með  
Tempur heilsudýnu á verði  
sem ekki hefur sést áður.

# ekki missa af þessu!!

[www.betrabak.is](http://www.betrabak.is)

# Holtavegi 8

rúm með miklum afslætti

Virka daga frá kl. 13-18,  
helgina frá kl. 11-16

**Takmarkað  
magn**



## fimmtudag til sunnudags

### Apple náttborð

Eik, vengi og ljóst beyki  
Verð frá 19.900  
Allt að 40%  
afsláttur.




### Spring Air

Verðdæmi - Never Turn:  
Queen rúm 153x203 cm  
99.000,- án gafls.



Bak við gamla Ikea húsið  
Holtagörðum!!



Reykjavík  
Faxafeni 5  
Sími 588 8477

Ísafirði  
Skeiði 1  
Sími 456 4566

Akureyri  
Tryggvabraut 24  
Sími 462 1410

[betrabak@betrabak.is](mailto:betrabak@betrabak.is) • [www.betrabak.is](http://www.betrabak.is)  
Opíð virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

## „ORÐRÉTT“

## Árans óheppni

„Vissulega höfum við hækkað gjöldin og það hittir svo óheppilega á að það er á sama tíma og frístundakortin eru innleidd.“

BALDUR ÁRNASON SKÁTASTJÓRI  
SEGIR ENGIN TENGSL MILLI  
HÆKKANA Á FÉLAGSGJÖLDUM OG  
INNLEIDINGU FRÍSTUNDAKORTA.  
Fréttablaðið 3. október

## Allt litrófið

„Fáir verða fúlr, aðrir glaðir, sumir hræddir en flestum er alveg örugglega sama.“

PÉTUR ÞÓR GUNNARSSON  
SNÝR ALLS ÖBANGINN AFTUR Í  
LISTHÖNDLARAHEIMINN ÞÓTT  
HANN HAFI VERIÐ BENDLAÐUR VIÐ  
BIRÆFNA MÁLVERKAFÖLSUN.  
Fréttablaðið 3. október

tilveran  
nær og fjær

## HVAD ER AÐ FRÉTTA? ANDRÉS GUÐMUNDSSON LÍKAMSRÆKTARFRÖMUÐUR

## Undirbýr mót og Gulla Helga

„Af mér er allt gott að fréttu. Það er auðvitað að nóg að gera og mikið fjör,“ segir Andrés Guðmundsson, vaxtaræktarmaður og líkamsræktarfrömuður.

„Nú er ég að undirbúa Íslandsmótið Icefitness, sem á að halda í Laugardalshöll 17. nóvember. Það er mikil vakning aftur fyrir þessu og svo mikill fjöldi sem vill taka þátt í því að haldin verður forkeppni 21. þessa mánaðar þar sem átta konur og átta karlmenn komast áfram í aðalkeppnina,“ útskýrir Andrés. Hann segir að ef til vill megi rekja vaxandi áhuga fólks á heilsurækt til þess eldmóðs sem börn og ungmenni hafa sýnt í Skólahreysti-mótinu. Það

mót sér Andrés einnig um að skipuleggja og verður það haldið í janúar. Foreldrarinn fylltust áhuga og eldmóði af því að fylgjast með afrekum barnanna og reyndu fyrir sér sjálfir.

„Af mér sjálfum er svo allt gott að fréttu. Ég hef verið duglegur í ræktinni með Gulla Helga, hann verður nú sjónvarpskynnrinn á fitness-mótinu og því nauðsynlegt að koma honum í form svo hann viti hvað hann er að tala um. Við höfum alveg verið á hörkuspretti,“ segir Andrés og hlær. „Svo er það bara venjulegt fjölskyldulíf, það þarf orku til að ala upp þrjá spræka syni.“



## PRÆLASTRÍÐIÐ

## GRÍÐARLEGT MANNFALL

■ Lok bandaríska Prælastríðsins árið 1865 markaði tímamót í sögu Bandaríkjanna. Stríðið stóð milli Norðurriks-anna og Suðurriks-anna, og hófst árið 1861 með árás Suðurríkjahersins á virki norðanmanna í Suður-Karólínu. Framfarir í vopnagerð gerðu það að verkum að mannfalið í báðum fylkingum varð gríðarlegt. Talið er að alls hafi um 618 þúsund manns fallið í stríðinu. Því lauk með uppgjöf Suðurríkjahersins árið 1865, og í kjölfarið var þrælahald bannað í öllum ríkjum Bandaríkjanna.



## SJÓNARHÓLL

BILL CLINTON VILL TORFÞÖK Á HÚS Í NEW YORK

## Góð hugmynd

„Allar svona hugmyndir eru góðar,“ segir Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, um þá hugmynd Bills Clinton, fyrrverandi Bandaríkjaforseta, að setja torfþök á hús í New York til að hamla gegn gróðurhúsáhrifum. Clinton lét þessi orð falla í Færeyjum í byrjun vikunnar en Michael Bloomberg, borgarstjóri



ÁRNI FINNSSON  
Formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands.

New York, hefur víst sagt að tyrfa þyrfti sem flest þök borgarinnar. „Borgarbúar í New York geta sparað gífurlega peninga með því að slökkva öðru hvoru á loftkælingum. Ef torfþökin draga úr notkun á loftræstingu og veita einangrun þá held ég að það væri mjög orkusparandi.“

## Haustdagur



Er bíllinn klár fyrir veturinn?  
Frábær þjónusta og góð tilboð

Made to move



## Spútnik breytti heiminum

Í dag eru rétt fimmtíu ár frá því geimöld hófst með því að Spútnik-1, fyrsta gervitungli heims, var skotið á loft frá Sovétríkjunum.

Þegar lágvær bíp-hljóð tóku að berast frá litlum málmhnetti á sporbaug í útjaðri gufuhvolfsins minnkaði heimurinn og sýn mannkynsins á jörðina og geiminn víkkaði út.

Þegar þessi hljóð tóku að berast frá hinum sovéska Spútnik-1, fyrsta gervihnettinum, var geimöld hafin. Hinn 4. október 1957 varð Spútnik fyrsti gervihnötturinn til að komast á sporbaug um jörðu. Og það sem fylgdi í kjölfarið voru breytingar á daglegu lífi sem fólk nú á dögum tekur sem sjálfsögðum hlut. Sjónvarpsútsendingar, fjarskipti, greiðslumiðlun, allt hefur þetta breyst stórlega á gervihnattaöld.


Með Spútnik var meira en tæknilegum áfanga náð. Hættan á að Sovétmenn næðu yfirráðum yfir geimnum urðu stjórnvöldum í Bandaríkjunum tilefni til að tífalda útgjöld til rannsóknar og raungreinamenntunar. Njósna- og fjarskiptagervihnettir hjálpuðu líka að sögn séfræðinga til við að halda frið á jörðu.

Þegar Spútnik fór á sporbaug töldu flestir að framtíðin bæri í skauti sér risastórar geimstöðvar og nýlendur á tunglinu og öðrum hnöttum. Óttast var að stríð yrðu háð í geimnum með ófyrirséðum afleiðingum fyrir jarðarbúa.

audunn@frettabladid.is

## Spútnik - upphaf geimkapphlaupsins

Sögulegum áfanga var náð hinn 4. október 1957 þegar hinn sovéska Spútnik I varð fyrsti gervihnötturinn til að komast á sporbaug um jörðu. Geimskotið markaði upphaf geimkapphlaupsins milli Sovétríkjanna og Bandaríkjanna, sem var háð á sviði tækni, vísinda, hernaðar og stjórnmála.



## Rjúfa á einangrun geðsjúkra

Geðhjálp ætlar að rjúfa einangrun geðsjúkra á aldrinum 12-25 ára, til dæmis með því að byggja upp lokaðar spjallrásir á netinu. „Við höfum ekki náð til þessa fólks og sjáum lítið af því í okkar starfi. Það er ekki vegna þess að þörfin sé ekki til staðar,“ segir Svanur Kristjánsson, formaður Geðhjálp.

Geðhjálp vill tryggja stöðir landsbyggðardeilda og koma á fót athvörfum fyrir þá sem hafa einangrast í samfélaginu til að gera þetta fólk virkara og hamingjusamara. Söfnunarféð sem Geðhjálp fær í sinn hlut í landssöfnun Kiwanis, Lykill að lífi, verður notað í þessu skyni.

Ráðgjafastarfsemi Forma verður eflað um allt land og komið verður upp skipulagðri forvarnafræðslu í áttunda bekk grunnskóla og fyrsta bekk framhaldsskóla. Edda Ýrr Einarsdóttir, stjórnarformaður Forma, segir að alla hjálp við átröskun sé að finna í Reykjavík. Ekki sé meiningin að vera með ráðgjafa um allt land en hins vegar eigi að koma upp neti tengiliða sem geta tekið á móti fólki með átröskun, sýnt því kærleik og stuðning og stutt það til að leita sér hjálpar.

„Við viljum að í hverju bæjarfélagi séu einstaklingar sem eru meðvitaðir um átröskun og geta tekið á móti fólki og stutt það til að leita



AUKA HREYFINGU Stefnt er að því að safna 40 milljónum króna í landssöfnun Kiwanis. Frá vinstri Guðrún Bryndís Guðmundsdóttir, yfirlæknir á BUGL, Edda Ýrr Einarsdóttir, formaður Forma, Svanur Kristjánsson, formaður Geðhjálp, Bernhard Jóhannesson, formaður hjá Kiwanis, og Gylfi Ingvarsson, umdæmisstjóri Kiwanis.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

sér hjálpar,“ segir Edda. Hún telur koma til greina að þetta verði hjá hjúkrunarfræðingum eða í skólum svo að dæmi séu nefnd.

Í forvarnafræðslunni segir Edda Ýrr að jákvæð líkams- og sjálfsmynd verði eflað og fólki kennt að bera virðingu fyrir líkama sínum. „Við viljum gefa raunhæfari hugmyndir um það hvað er eðlilegt. Fjölmíðlar gera það ekki. Börn hafa

enga hugmynd um hvað er eðlilegt,“ segir hún.

Barna- og unglingageðdeild Landspítala hefur áform um að gera börnum á BUGL kleift að fá þjálfun og afþreyingu utan deildarinnar, til dæmis með því að koma upp leikaðstöðu utandyra og auðvelda þeim að komast í líkamsrækt, sund og aðrar tómstundir utan deildarinnar.

- ghs

**BÓNUS BÝÐUR BETUR BÓNUS BÝÐUR BETUR**



**FERSKAR HOLTA  
KJÚKLINGABRINGUR**



**1298 KR  
KG**

Holta kjúklingabringur ~~2408 kr/kg.~~ **46,1% afsláttur** 1298 kr/kg.



**BÓNUS KRYDDAÐIR KJÚKLINGABITAR**  
**TILBÚNIR BEINT Í OFNINN**

**298 KR  
KG**

Bónus kjúklingabitar forkryddaðir ~~499 kr/kg.~~ **40,3% afsláttur** 298 kr/kg.




**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

**AFGREIÐSLUTÍMI MÁNUÐ-FIMMTUÐ. 12.00 TIL 18.30.**

## Svona erum við

> Fjöldi alirefa í landinu á árunum 1980 til 2006.



# baksvið

fréttir og fróðleikur

## FBL-GREINING: LÍNUÍVLNUN

# Línuveiðar samkvæmt ströngum skilyrðum

Reglur um línuívlun eru að mati margra sjómanna og Jóns Ingólfssonar, forstöðumanns Rannsóknarnefndar sjóslysa, til þess fallnar að skapa óöryggi. Einkum er það krafan um að landa afla í sömu höfn og lagt er upp frá innan sólarhrings, að öðrum kosti dettur ívlunin niður.

### Hvað er línuívlun?

Línuívlun nær til útgerða sem gera út dagróðrabáta. Í henni felst að bátur má veiða sextán prósent umfram aflamark sé farið eftir öllum skilyrðum ívlunar.

### Hver eru skilyrðin?

Línuívlun er bundin þeim skilyrðum að línan sé beitt í landi og önnur veiðarfæri séu ekki um borð í bátum og báturinn komi til löndunar í þeirri sömu höfn og línan var



tekin um borð og innan 24 klukkustunda frá því haldið var til veiða. Einnig er þess krafist að sjálfvirk tilkynningakerfi bátsins sé virkt, skipstjórinn tilkynni um upphaf og lok róðurs, og að við skrángu komi fram að veiðarfæri í tilteknum róðri hafi verið landbeitt lína samkvæmt upplýsingum skipstjóra.

### Hvaða tegundir eru veiddar?

Samkvæmt reglugerð sjávarútvegsráðherra frá árinu 2005 skal línuívlun í þorski takmarkast við 3.375 lestin, 1.472 lestin af ýsu og 644 lestin af steinbít miðað við óslægðan fisk.

### Hver hefur eftirlit með línuafli?

Fiskistofa fylgist með línuafli og tilkynni ráðuneytinu hvenær líklegt megi telja að viðmiðunarafla hvers tímabils fiskveiðisins verði náð. Náist ekki að veiða viðmiðunarafla einhvers tímabils bæstast ónýttar heimildir við afla næsta árs á eftir. Sjávarútvegsráðuneytið tilkynnir síðan frá hvaða degi tiltekinn afli reiknast að fullu til aflamarks. Línuívlunin reiknast aðeins á þann afla sem endanlega er vigtaður hér á landi samkvæmt ákvæðum gildandi reglugerðar um vigtun sjávarafli með síðari breytingum.

## SPURT & SVAR

53. ÁRSFUNDUR NATO-PINGSINS

## Tækifæri til kynningar

53. ársfundur NATO-þingsins verður haldinn í Laugardalshöll í Reykjavík dagana 5. til 9. október. Þetta er í fyrsta skipti sem Ísland heldur slíkan fund. Ragnheiður Elin Árnadóttir er formaður Íslandsdeildar NATO-þingsins.



RAGNHEIÐUR ELÍN ÁRNADÓTTIR  
Þingmaður

### Hvað er NATO-þingið?

„Þingið er samstarfsvettvangur NATO-ríkjanna og aukaaðildarríkja þess. Hlutverk þess er að fjalla um samstarfið innan NATO, auk varnar- og öryggismála,“ segir Ragnheiður.

### Hvaða þýðingu hefur það fyrir Ísland að halda þennan fund?

„Fyrir það fyrsta gefur það okkur tækifæri til að kynna NATO-þingmönnum stöðu öryggis- og varnarmála hér á landi, og hvað Ísland getur lagt af mörkum til bandalagsins. Í öðru lagi þá er fundurinn vettvangur til að beina sjónum NATO-þingmanna að öryggismálum á Norðurslóðum í víðara samhengi. Í þriðja lagi þá er fundurinn hér framlag okkar til Atlantshafssamstarfsins og hluti af þeirri skyldu að axla ábyrgð til jafns við önnur aðildarríki.“

Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu búa við allt annað landslag vegna útboða á framkvæmdum nú en áður þekktist. Fá eða engin tilboð berast, og oft eru lægstu tilboðin yfir kostnaðaráætlunum.

Ástandið á útboðsmarkaði er gjörbreytt frá því sem áður var, og liðin tíð að barist sé um verk með verði langt undir kostnaðaráætlun, segir Steingrímur Hauks-son, sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs hjá Kópavogsbæ.

„Það er tregða hjá mönnum að bjóða í verk, við erum hringjandi í þá til að fá þá til að bjóða,“ segir Steingrímur. Hann segir að oft sé hægt að fá þá sem hafa unnið fyrir bæinn til að taka að sér ný verk, en það þurfi að ganga á eftir verktakafyrirtækjunum.

Kópavogsbær hefur ekki þurft að hætta við útboð þar sem nægilega hagstætt tilboð hafi ekki fengist, segir Steingrímur. Í nokkrum tilvikum hefur verið samið beint við verktaka, til dæmis með því að endurnýja samning vegna fyrsta áfanga í verki til að ná einnig yfir annan áfanga vegna þess að það hafi einungis upp á sig vandamál að bjóða út áfangann. Kostnaður bæjarfélaga við að bjóða út verk



FRAMKVÆMDIR Verktakar hafa haft í nógu að snúast undanfarið og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa sum hver þurft að fresta útboðum þar sem tilboð hafa ekki borist, eða verið langt yfir kostnaðaráætlun.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

er misjafn, en getur hlaupið á milljónum, segir Steingrímur.

Önnur áhrif ástandsins eru þau að flest verk eru á eftir áætlun af því að verktakar hafa of mikið að gera og taka að sér of mörg verkefni. „Menn eru einum til þremur mánuðum á eftir með að skila verkum,“ segir Steingrímur.

### Vegagerð frestað

Fresta hefur þurft einni stórrí framkvæmd í Mosfellsbæ, sem boðin var út í júní síðastliðnum. Um var að ræða sameiginlegt verkefni bæjarins og Vegagerðarinnar um gerð hringtorgs og undirganga undir Hafranesveg. Kostnaðaráætlun var nálægt 100 milljónum króna, en eftir að fallið var frá lægsta tilboðinu voru önnur tilboð allnokkuð yfir áætlun, segir Jóhanna B. Hansen, bæjarverkfræðingur Mosfellsbæjar. Stefnt er að því að bjóða verkið aftur út í nóvember.

„Það er búið að vera ótrúlega mikið að gera á verktakamarkaðnum síðastliðin misseri. Framkvæmdir í jarðvinnugeiranum ná oft hámarki yfir björtustu mánuði ársins, þá er mest að gera og mesta spennan hjá fyrirtækjunum. En sem betur fer er það ekki mjög algengt að bjóða þurfi út aftur,“ segir Jóhanna.

Hún segir nokkur dæmi um smærri verk sem hafi þurft að fresta eða vinna með öðrum hætti en fyrirhugað var vegna þenslu á verktakamarkaði. Framkvæmdin við Hafranesveg sé þó stærsta framkvæmdin sem hafi þurft að fresta.

„Þetta er ekkert nýtt í þessum bransa, það koma uppsveiflur og niðursveiflur. Þetta er líka árs-

## KOSTNAÐARÁÆTLANIR OF LÁGAR?

„Þetta er kannski ekki besti tíminn fyrir sveitarfélög og ríki að bjóða út,“ segir Sigurður Haraldsson, forstöðumaður fasteignafélags Hafnarfjarðar. Fáar framkvæmdir voru boðnar út í Hafnarfirði í sumar, en í nokkrum tilvikum hafa engin tilboð borist í útboðum.

Sigurður segir að það sé einkum í minni verkum sem illa hafi gengið. Verk séu þó almennt á áætlun, enda

erfitt að seinka verklokum þar sem unnið sé í skólum á meðan þeir eru lokaðir á sumrin.

„Markaðurinn er frekar dýr,“ segir Sigurður, sem segir algengt að boð séu yfir kostnaðaráætlun. Það megi þá á móti spyrja hvort kostnaðaráætlanir sveitarfélaga og annarra verk bjóða út séu ekki of lágar, enda eigi þær vissulega að endurspeglar verð á markaði hverju sinni.

tíðabundið, júlí er alltaf verstur en janúar bestur til að bjóða út,“ segir Jóhanna.

### Sjö af tíu yfir áætlun

„Það koma færri boð og hærri,“ segir Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri mannvirkjaskrifstofu framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar. Hann segir borgina ekki hafa hætt við útboð í sumar og boðið út aftur vegna þess að nægilega hagstæð tilboð hafi ekki borist. Í tveimur tilvikum hafi þó komið fyrir að engin tilboð hafi borist.

Þegar síðustu tíu útboð borgarinnar, stór sem smá, eru skoðuð má sjá að í sjö tilvikum hefur tilboðum sem voru yfir kostnaðaráætlun verið tekið. Í tveimur tilvikum tók borgin tilboðum undir kostnaðarverði og í einu tilviki var öllum tilboðum hafnað, þó ekki vegna verðs.

Þróunin í sumar var sú að tilboðin voru hærri en áður. „Það er oftast sem við erum að taka tilboðum sem eru á kostnaðaráætlun eða fyrir ofan hana,“ segir Ámundi. Þetta sé breyting frá því

sem áður var þegar yfirleitt bærust tilboð sem voru talsvert undir kostnaðaráætlun.

Spurður um skýringar á þessu segir Ámundi að það sé einfaldlega mikið að gera. Ef ekki sé boðið út nógu snemma séu verktakar búnir að binda sig í önnur verk. Borgin hafi litla möguleika á að hætta við útboð og bjóða út aftur síðar þar sem oft sé um verkefni að ræða sem ekki þoli bið, til dæmis viðhald við skóla- byggingar sem verði að vinna yfir sumartímann.

Af síðustu tíu útboðum borgarinnar voru flest rétt yfir kostnaðarverði. Það sem fór hæst, innrétting og innihurðir í Ölduselsskóla, var 28 prósentum herra en kostnaðarverð. Gatnagerð og lagnir í Almannadal fengu á hagstæðara verði, á 88,9 prósentum af kostnaðaráætlun.



FRÉTTASKÝRING  
BRJÁNN JÓNASSEN  
brjann@frettabladid.is

NÝTT Á GRAS.IS

ÞAR SEM ALLT SNÝST UM FÓTBOLTA!

GRAS

NÚ FÆRDU GRAS.IS FÉTTIR Í SÍMANN!

Vodafone live!

# AÐEINS **TVEIR** DAGAR

## RÝMINGARSALA!

Seljum útlitsgallaða kæliskápa  
og ýmsar aðrar útlitsgallaðar  
vörur í dag fimmtudag og  
á morgun föstudag.  
Takmarkað magn!

**10% AFSLÁTTUR** af öllum öðrum  
vörum í tilefni flutninganna!

Verslunin er lokuð laugardaginn  
6. október vegna flutninga.

## Opnum á nýjum stað

Opnun nýja og miklu stærri  
verslun að Suðurlandsbraut 26  
mánudaginn 8. október.

***Nú má gera frábær kaup!***



**Heimilistæki**  
www.ht.is

REYKJAVÍK  
SÆTÚNI 8  
SÍMI 569 1500


AKUREYRI  
GLERÁRGÖTU 36  
460 3380

HÚSAVÍK  
GARÐARSBRAUT 18A  
464 1600

SELFÖSS  
EYRARVEGI 21  
480 3700

### Útgjöldin

> Meðalneysla heimila eftir búsetu árið 2005



# neytendur

hagur heimilanna

### NEYTANDINN: HAUKUR LÁRUS HAUSSON RÁÐGJAFI

## Púsundkallarnir þramma á haugana

„Bestu kaupin eru án efa safapressa sem ég keypti í fyrirasumar og hefur skipað sér í eitt af efstu sætum á lista yfir mest notuðu heimilistækni,“ segir Haukur Lárus Hauksson ráðgjafi. „Með tilkomu hennar gernýtum við alla ávexti og allt grænmeti sem keypt er inn og úr verða bráðhollir ávaxta- og grænmetis safar. Eftir glas af góðum safi fer líkaminn í sannkallað hamingjukast. Það besta verður ekki alltaf vegið og metið til fjár en ég get fullt að þetta ágæta tæki er sannarlega hverrar krónu virði. Gott ráð til þeirra sem fá sér svona græju er að hreinsa hana áður en safinn er drukkinn.



Eftir að grunnstef mataræðis á heimilinu varð hollusta lendu við ekki lengur í því að henda mat. Það er allt gernýtt sem keypt er inn. Að fenginni reynslu ákvað ég því að álegg og annar þrælunninn matur fengi þann vafasama heiður að vera verstu kaup mín. Þar kemur fleira til en augljós hollustusjónarmið. Þegar ég hugsa til allra gömlu hálfétnu álegsbréfanna sem fundist hafa í ísskápnum frá því ég fór að reka heimili og hafa endað í ruslafötunni verður mér orða vant. Ég sé fyrir mér hvar heil hersing af þúsundköllum þrammar á haugana.”

### GÓÐ HÚSRÁÐ VAX ÚR FÖTUM

■ Árni Helgason, framkvæmdastjóri þingflokks Sjálfstæðisflokksins, bjargaði sér fyrir horn á leið í samkvæmi.

„Ég get ekki sagt að ég kunni mörg húsráð enda er ég svo heppinn að eiga allt að því alvitra móður þegar kemur að því að leysa úr málum og leita allajafna til ef málin flækjast.“



Beðinn um að rifja upp ráð minnst Árni þess að hafa verið á leið í samkvæmi og uppgötvað á leið út úr dyrnum að vaxblettur hafði komið í fötin. „Þessu er hægt að bjarga á einfaldan hátt, með því að setja dagblað yfir blettinn og strauja á lágun hita yfir. Bletturinn gufaði upp og kvöldinu var bjargað.“

### ■ Þjónusta

## Ekki hægt að dæla röngu eldsneyti

Það getur verið dýrt að ruglast á dælum og fylla dísilbílinn af bensíni eða bensínbílinn af dísilolíu. Talið er að slíkt kosti bíleigendur 20 milljónir á ári, en samkvæmt útreikningum Félags íslenskra bifreiðaeigenda eru minnst 800 bifreiðaeigendur sem árlega dæla röngu bensíni á bíla sína. Í samstarfi FÍB og Atlantsolíu kom sú lausn að forrita dælulýkla Altantsolíu þannig að einungis er hægt að dæla einni tegund af eldsneyti með lyklinum. Öllum dælulýklahöfum gefst því nú kostur á eldsneytisöryggislausingu þeim að kostnaðarlausu.



### ■ Samanburður á eldsneytisverði í ýmsum löndum

## Dísilolían dýrust á Íslandi

Dísilolían er dýrust á Íslandi en bensín er dýrast í Noregi, samkvæmt könnun AA á Írlandi, en AA er systurfélag Félags íslenskra bifreiðaeigenda. Könnunin nær yfir sjálfafgreiðsluverð á bensíni og dísilolíu á þjónustustöð og var framkvæmd í september.

Eins og áður sagði er bensínverðið dýrast í Noregi, en þar kostar lítrinn 137,9 krónur. Ísland er með þriðja dýrasta verðið á bensínlítra, 127,2 krónur. Ódýrast er bensínið í Bandaríkjunum, 47,45 krónur á lítrann. Dísilolían er dýrust á Íslandi en hér kostar lítrinn 126,1 krónu og næstdýrastur er hann í Noregi, 122,95 krónur. Ódýrust er dísilolían í Bandaríkjunum þar sem lítrinn kostar 50,1 krónu.



### ■ Þjónusta

## Haustdagar Shell hefjast í dag

Átak sem miðar að því að hjálpa öikumönnum að undirbúa bílana sína fyrir veturinn hefst í dag á vegum Skeljungs. Átakið er á landsvísu og gengur undir nafninu „Haustdagar“. Allt starfsfólk Shell á að vera tilbúið til að mæta þörfum viðskiptavina í hvívetna þegar kemur að því að gera bifreiðar tilbúnar fyrir veturinn. Atakinu lýkur 11. október.

# Ábyrgðarskírteini og kvittanir með til útlanda

Ferðamenn kaupa fartölvur og myndavélar í auknum mæli erlendis og sleppa því að greiða gjöld í rauða hliðinu á Keflavíkurflugvelli. Hald er lagt á slíka hluti ef ferðamenn framvísa ekki kvittun eða ábyrgðarskírteini.

Nokkrir tugir mála hafa komið upp á þessu ári hjá Tollgæslunni á Suðurnesjum þar sem fólk hefur keypt myndavélar, fartölvur eða vídeómyndavélar erlendis og flutt til landsins án þess að gefa það upp við komuna. Kári Gunnlaugsson, aðaldeildarstjóri Tollgæslunnar á Suðurnesjum, segir að ferðamenn þurfi að hafa meðferðis kvittanir eða ábyrgðarskírteini til að sýna fram á að hlutirnir hafi verið keyptir áður en haldið var utan.

„Margir eiga fartölvur og finar myndavélar og ekkert að því að fólk taki þennan búnað með sér. Við erum bara að framfylgja reglum um að fólk greiði keisaranum það sem honum ber og förum fram á að fólk hafi með sér pappíra sem sýni að þetta hafi verið keypt á Íslandi og þau gjöld greidd sem fólki ber að greiða,“ segir hann.

Ferðamenn mega flytja inn varning að verðmæti 46 þúsund krónur hver, þar af má einn hlutur kosta helminginn af þessari upphæð. Ef verðmætið er meira ber að fara í rauða hliðið og greiða 24,5 prósent virðisaukaskatt af því sem er



**TAKA MEÐ SÉR SANNANIR** Þeim sem fara til útlanda með dýr tæki er ráðlagt að taka með sér sannanir fyrir því að varan hafi verið keypt hér á landi svo þeir lendi ekki í vandræðum í tollinum þegar þeir koma til baka.

umfram. Kári segir að ferðamenn séu fljótt komnir upp í þessa upphæð.

Sú þróun hefur farið vaxandi á þessu ári að ferðamenn á leið til Bandaríkjanna og annarra Evrópulanda hafi keypt tölvur og myndavélar og flutt til landsins. Kári segir að fartölvueign landsmanna hafi aukist gífurlega á síðustu þremur til fjórum árum og nú þyki fartölvu nauðsynleg í ferðalagið. Ef grunur leiki hins vegar á ólöglegum innflutningi og viðkomandi ekki með kvittanir eða ábyrgðarskírteini sé lagt hald á hlutinn í nokkra daga meðan viðkomandi skilar nauðsyn-

legum gögnum. Ef gögnin skila sér ekki sé gerð skýrsla um málið og sektum beitt.

Kári segir að tollgæslan sé nánast hætt að skrá tæki fyrir brottför eins og stundum áður. „Við lentum í því að þeir sem vildu skrá tæki voru oftast þeir sem höfðu komið með vélarnar ólöglega inn í landið og höfðu þá ekki neina pappíra. Við skráum aðeins hluti sem fólk getur sýnt fram á að það hafi keypt á Íslandi og þá þurfa menn hvort sem er að koma með kvittanir, ábyrgðarskírteini eða aðra pappíra sem sanna þetta,“ segir hann.

ghs@frettabladid.is

### MATUR & NÆRING ANNA S. ÓLAFSDÓTTIR NÆRINGARFRÆÐINGUR

## Hlutverk næringarfræði og skyldra mála í skóla



Þegar við hugsum um skólastarf er líklega eitt það fyrsta sem við hugsum um að efla þekkingu. Þekking almenn-

ings í tengslum við næringarfræði er mismikil, og í skyldunámi má helst sjá fræðslu um mikilvægi næringar í heimilisfræði, náttúrufræði og að einhverju leyti í íþróttakennslu. Maturinn er ólíkur öðrum viðfangsefnum þar sem við höfum ekki val um það hvort við borðum – það er ein af grunnþörfum manneskjunnar að nærast. Það veldur því stundum að fólki finnst það vita nóg um mat og að það sé varla eitthvað sem þurfi að læra, heldur sé kannski fyrst og fremst um að ræða reynslu og þekkingu sem við öflum í daglegu lífi.

Í könnun sem bandarísku næringarráðgjafasamtökin (American Dietetic Association) stóðu fyrir árið 1997 kom fram að langflestir Bandaríkjamenn fá upplýsingar um næringu úr fjölmiðlum af einhverju tagi en mun færri sækja upplýsingar til heilbrigðisstarfsmanna og sérfræðinga um næringu. Ekki var

tilgreint hversu vel fólki þótti það þekkja til eða hversu veigamikinn þátt skólinn ætti í uppfræðslu um næringu. Í athugun sem nemendur við Kennaraháskóla Íslands gerðu á 15-16 ára unglingum sem stunduðu íþróttir kom í ljós að flestum fannst þeir fá mesta þekkingu sína um æskilegt fæðuval frá foreldrum og þjálfurum, en skólinn var helmingi sjaldnar nefndur. Jafnframt fannst sjötta hverjum unglingi hann vanta þekkingu.

Nánast undantekningarlaust eru fleiri en einn flöttur á málunum og ekki til neinn einn sannleikur þegar vísindin eru annars vegar. Segja má að næringarfræðin sé eins og flókið púslspil með mörgum bitum. Við sjáum ekki heildarmyndina fyrr en búið er að koma fyrir allmörgum bitum. Engin ein rannsókn gefur afdráttarlausar niðurstöður sem duga til að setja fram ráðleggingar eða verður til að kollvarpa þeirri þekkingu sem fyrir er. Til að skilja vægi stakra rannsókna eða umfjöllun fjölmiðla



um næringu og setja hana í rétt samhengi er nauðsynlegt að viss þekking sé til staðar. Þar gegnir skólinn lykilhlutverki.

Rannsóknir á viðhorfi og þekkingu til næringar og hollustuháttá hafa meðal annars sýnt kynjamun á þekkingu, skoðunum og hegðun tengdri næringu og breytileika eftir aldri, menntun og fjárhag. Það má því í raun líta á það sem jafnréttismál að næring og hollusta

fái nægilegt vægi í skólastarfi, því þannig má skapa jafnari tækifæri til bættra lífshátta. Með skólastarfi er um að ræða bæði bóknám og verklega kennslu svo sem í heimilisfræði og íþróttum

auk matarframboðs í skólamötu-neytum, skólastefnu um hollustu og einnig viðhorf og breyttni kennara og annars starfsfólks skólans. Ekki má gleyma að næringin gegnir einnig veigamiklu hlutverki í öllu skólastarfi, því vel nærð börn eiga betra með að einbeita sér og mataræðið getur haft áhrif bæði á lærdómsgetu og hegðun. [www.mni.is](http://www.mni.is)

### Hringdu í síma

# 5125060

ef blaðið berst ekki

# Barnadagar í Nettó

**20% afsláttur  
af öllum Huggies bleium**



**Allir viðskiptavinir fá  
Huggies Sample Pack  
sem inniheldur 2 Huggies bleiur 5-9 kg**


**30% afsláttur  
af öllum Hipp barnamat**



**verð frá 99 kr –  
mikið úrval af blautklútum**



**30% afsláttur  
af Änglamark barnalínunni**



**full búð af frábærum tilboðum**


Birt með fyrirvara um prentvillur  
Tilboðin gilda: 4.–7. okt. eða á meðan birgðir endast  
[www.netto.is](http://www.netto.is)

**netto**

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahlverfi Kópavogi - Höfn

### Kjarni málsins

> Fjöldi skóladaga barna í 1. bekk grunnskóla, að meðaltali.



# menntun

nám, fróðleikur og vísindi

## ■ Rannsóknastyrkir Rannsóknasjóðs Háskóla Íslands Umsóknarfrestur til 10. október

Umsóknarfrestur vegna styrkja úr Rannsóknasjóði Háskólans rennur út miðvikudaginn 10. október. Fastir kennarar og sérfræðingar við háskólann geta sótt um styrk úr sjóðnum til að greiða kostnað við rannsóknir, en hlutverk sjóðsins er að efla rannsóknastarfsemi í Háskóla Íslands. Við mat á umsóknum verður farið eftir vísindagildi verkefna og rannsóknavirkni umsækjenda. Umsóknum skal skila rafrænt en hægt er að finna umsóknareyðublöð á heimasíðu sjóðsins, hi.is/page/rsj.



### ■ Málþing

## Sigfúsarþing í Kirkjumiðstöðinni á Eiðum

Sigfúsarþing, í minningu Sigfúsar Sigfússonar þjóðsagnaritara, verður haldið í Kirkjumiðstöðinni á Eiðum dagana 12. og 13. október. Á föstudeginum verða haldin erindi um Sigfús og munnlega sögu. Eftir hádegisverð verða námskeið í sagnamennsku og söfnun þjóðfræða. Um kvöldið verður svo farið í söguferð á slóðir Sigfúsar undir leiðsögn Arndísar Þorvaldsdóttur. Á laugardeginum verður svo námskeið um munnlega sögu, eftir morgunverð á Eiðum og seinni hluti námskeiðs um sagnamennsku.

Sigfúsarþing er samstarfsverkefni Minjasafns Austurlands, Héraðsskjalasafns Austfirðinga, Gunnarsstofnunar, Árnastofnunar, Félags þjóðfræðinga og Miðstöðvar munnlegrar sögu. Skráning á þingið er hjá Gunnarsstofnun eða með tölvupósti á netfangið [klaustur@skriduklaustur.is](mailto:klaustur@skriduklaustur.is)

### ■ Styrkir

## Upp úr skúffunum 2007

Umsóknarfrestur fyrir Upp úr skúffunum rennur út 25. október. Upp úr skúffunum er samstarfsverkefni Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands, Tæknigarðs, Einkaleyfastofu og Arnason|Faktor. Nemendur og kennarar Háskóla Íslands og Landspítalans eru hvattir til að senda inn hugmyndir sínar. Umsóknareyðublöð og upplýsingar um styrkina er að finna á vefsíðunni [www.uppurskuffunum.hi.is](http://www.uppurskuffunum.hi.is)



### ■ Ráðstefna

## Rúnir og rúnamenning



Íslenska málfræðifélagið stendur fyrir ráðstefnu um rúnir og rúnamenningu laugardaginn 6. október. Á ráðstefnunni munu sjö fræðimenn fjalla um rúnir frá ýmsum hliðum. Meðal annars verður rætt um uppruna germanska rúnastarfsins, rúnaristur sem heimild um setningagerð norrænu, upphaf og þróun rúnanna á Íslandi og rúnakenningar og þýðingar í rúnaristum. Ráðstefnan, sem haldin verður í fyrirlestrasal þjóðarbókhliðu, hefst klukkan 11.00 og lýkur klukkan 16.00.

### ■ Styrkveiting

## Framúrskarandi nýnemar heiðraðir

Háskólinn í Reykjavík afhenti á mánudag í fyrsta sinn nýnemastyrki háskólans. 34 nýnemar, þar af 16 strákar og 18 stúlkur, í grunnnámi HR hlutu styrk að þessu sinni, en í honum felst niðurfelling skólagjalda á fyrstu önn námsins og 150.000 króna framfærslustyrkur. Styrkþegar voru valdir út frá umsóknum sem bárust í sumar og voru þeir valdir út frá heildarmati á skólaumsókn þeirra og með sérstakri hliðsjón af árangri á stúdentsprófi. Landsbanki Íslands er bakhjarl styrkjanna og greiðir bæði skólagjöld og framfærslustyrk.



### ■ Fræðslufundur í Háskólanum á Akureyri

## Uppeldi og menntun verða ekki aðskilin

Skólaþróunarsvið kennaradeildar Háskólans á Akureyri heldur fræðslufund fimmtudaginn 4. október klukkan 16.30 í húsnæði kennaradeildar í Þingvallastræti 23, stofu 16. Fundurinn ber heitið Uppeldi og menntun verða ekki aðskilin. Viðhorf grunnskólakennara á yngsta stigi og leikskólakennara til grunnpátta starfsins. Framsögumaður á fundinum verður Björg Sigurvinsdóttir, leikskólastjóri Lundarseli, sem brautskráðist síðastliðið vor frá kennaradeild HA með meistaraþróf í menntunarfræðum.

### ■ Grunnskólastarf

## Vinavika í Öldutúnsskóla

Vinavika stendur nú yfir í Öldutúnsskóla í Hafnarfirði. Þessa vikuna munu nemendur því vinna að ýmsum verkefnum sem eiga að stuðla að bættum samskiptum og vináttu nemenda jafnt sem kennara.

### FRÆÐIMAÐURINN: RÚNA VIGDÍS GUÐMARSDÓTTIR HJÁ ALÞJÓÐASKRIFSTOFU HÁSKÓLASTIGSINS

## Fjölmenningarlega kennslufræðin nýtist vel

Rúna Vigdís Guðmarsdóttir starfar hjá Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins, þar sem hún vinnur að Comeniusar-áætluninni, sem miðast við að efla Evrópusamstarf og Evrópuvitund í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum.

Sjálf er Rúna kennari að mennt, brautskráðist af grunnskólaskor Kennaraháskóla Íslands árið 2003. Eftir að hafa kennt í tvö ár lagði hún hins vegar land undir fót og hélt til Berlínar í framhaldsnám. „Ég byrjaði í þýsku og bókmenntum en skipti eftir eitt ár, þegar ég komst á snoðir um meistaranám sem kallast fjölmenningarleg kennslufræði. Þetta er þverfaglegt nám sem snertir allt frá sögu til félagsfræði og tengist bæði kennslufræði nýbúakennslu og kennslufræði í skólum þar sem unnið er með „global learning“, eins og það kallast á ensku. Ég á enn eftir að rekast



á góða þýðingu á því. Þar er fjallað um lönd og ríki í víðu samhengi og alþjóðlegt samstarf. Í stað þess að einblína á önnur lönd á dæmigerðan máta, er lítið til þess

sem lönd eiga sameiginlegt og sýnt fram á að það sé allt í lagi þótt sumt sé ólíkt.“ Rúna segir að þessi hugmyndafræði sé að ryðja sér til rúms á Íslandi í auknum mæli. „Þetta er kannski ekki jafnþekkt og víða annars staðar í Evrópu, sem er eðlilegt enda aðeins nýlega sem þessi mál fóru að vekja athygli hér á landi.“

Að loknu námi í Þýskalandi brá Rúna sér til Brighton á Englandi og bætti við meistaraþráðu í hagnýtum málvísindum við Háskólann í Sussex. „Þar lagði ég áherslu á orðræðugreiningu og skrifaði lokaritgerð um umfjöllun breskra fjölmiðla um fuglaflensuna.“

Rúna segir að menntunin nýtist sér afar vel í starfi. „Sérstaklega fjölmennigarkennslufræðin. Málvísindin eiga eflaust líka eftir að gagnast mér vel.“

# Áfangi í réttindabaráttu fólks með þroskahömlun

„Námið er nýmæli í menntunarmálum fólks með þroskahömlun og stórt skref í réttindabaráttu þeirra,“ segir Vilborg Jóhannsdóttir, forstöðumaður þroskaþjálfabrautar Kennaraháskóla Íslands, en þar er nýhafið starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun á þroskaþjálf- og tómstundabraut.

Ísland er fyrsta landið á Norður-löndum til að bjóða upp starfstengt diplómanám. Fram til þessa hafa nemendur með þroskahömlun átt kost á framhaldsskólanámi en engu starfsnámi eða samfelldu háskólanámi og möguleikar þeirra því verið fremur takmarkaðir til áframhaldandi menntunar fram til þessa.

Námið er samstarfsverkefni Kennaraháskólans, Þroskahjálpar og Fjölmennatar, símenntunarstöðvar fatlaðra og er það rannsóknartengt þróunarverkefni til tveggja ára en að þeim tíma liðnum verður metið hvort forsendur eru til að halda því áfram.

Markmið þess er að veita fólki með þroskahömlun möguleika til fullgildrar samfélagsþátttöku í afmörkuðum störfum, til að mynda inni á frístundaheimilum, félagsmiðstöðvum og leikskólum. Námið verður að hluta verklegt inni á þeim vettvangi.

Alls eru 23 nemendur skráðir í námið. Meðal þeirra er Skúli Steinar Pétursson, tvítugur Garðbæingur, sem vinnur á dvalar- og hjúkrunarheimili aldraðra meðfram náminu. „Ég er mjög ánægður með að það skuli vera búið upp á þetta nám. Ég hefði samt viljað hafa það meira en bara tvisvar í viku frá eitt til fjögur. Mér finnst þetta ekki alveg orðið alvörunám, en það á ábyggilega eftir að breytast, þetta er nú nýbyrjað,“ segir Skúli. Sjálfur lagði hann mikið af



**LANGAR AÐ VERÐA SUNÐPJÁLFARI** Skúli Steinar Pétursson stefnir á að verða sundþjálfari að námi loknu enda landsliðsmaður í sundi. Hann hefur lagt sitt af mörkum til að vekja athygli á mikilvægi þess að fólk með þroskahömlun eigi kost á góðri framhaldsmenntun.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

mörkum til að vekja athygli fólks á stöðu þroskahamlaðra nemenda og hafði meðal annars skrifað greinar í blöð um málefnið. Að loknu námi segist Skúli vilja vera sundþjálfari enda hefur hann keppt í landsliði þjóðarinnar í þeirri grein. „Ég veit að það vantar mikið af þjálfurum og sjálfur

hef ég verið að leiðbeina yngri sundmönnum,“ segir hann.

Vilborg og Guðrún V. Stefánsdóttir, lektor í fötlunarfræðum, munu sjá um rannsóknartengingu námsins og samstarf á alþjóðavísu. Lögð verði rík áhersla á að diplóman muni hafa gildi á starfsvettvangi.

karen@frettabladid.is

Jafnréttisvika Stúdentaráðs Háskóla Íslands hófst á þriðjudaginn var:

# Vekja athygli á ólíkum hópum

Stúdentaráð Háskóla Íslands (HÍ) stendur fyrir jafnréttisviku sem hófst á þriðjudag og lýkur á morgun. Markmiðið með vikunni er að vekja athygli á því hversu margir ólíkir hópar með ólíka hagsmuni þrífast innan háskólasamfélagsins, segir Elín Ósk Helgadóttir jafnréttisfulltrúi.

„Við höfum áður haldið þemavikur, en þetta er fyrsta vikan sem við höldum með þessu sniði,“ segir hún. „Það hefur enn ekki verið ákveðið hvort jafnréttisvikan verður árlegur viðburður, en það væri mjög ánægjulegt.“

Meðal viðburða eru kynningar hagsmunafélaga innan HÍ, aðal-

fundur Femínistafélags HÍ og matreiðslunámskeið þar sem erlendir nemar við skólann kenna matreiðslu frá sínu heimalandi. Auk þess verða fyrirlestrar um reynslu og aðgengi fatlaðra nemenda í HÍ, nýbúa í skólakerfinu, geðheilbrigði og ýmislegt fleira. Háskólanemar fá afslátt á valdar sýningar á Alþjóðlega kvikmyndahátíð í Reykjavík vegna vikunnar.

„Það hefur verið ágætis mæting á fyrirlestrana hingað til, og miðasalan á kvikmyndasýningarnar hefur gengið vel eftir því sem ég best veit,“ segir Elín. „Svo lýkur vikunni með rosalegu partíi á Barnum á föstudagskvöld.“ - sfs



**STARFIÐ KYNNT** Hagsmunafélög innan Háskóla Íslands kynna starfsemi sína á hverjum degi milli hálf tólf og hálf tvö í jafnréttisvikunni. Hér má sjá nemendur í Odda kynna sér hvað félögin hafa upp á að bjóða.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



## Lóðir í grónu umhverfi Fossvogsdals

**Reykjavíkurborg auglýsir eftir tilboðum í byggingarrétt á reit sem afmarkast af Sléttuvegi, Háaleitisbraut, Fossvogsvegi og Kringlumýrarbraut. Um er að ræða þetta byggð sérbýlis- og fjölbýlishúsa í grónu umhverfi.**

Leitast er við að fella nýju byggðina sem best að þeirri byggð sem fyrir er í Fossvogi, þar sem eru einbýlishús, parhús og fjölbýlishús neðst í dalnum en allt að 6 hæða fjölbýlishús ofan Sléttuvegar. Neðst á nýja svæðinu er gert ráð fyrir tvíbýlishúsum, raðhúsum og sambyli fyrir fatlaða. Á svæðinu er fyrirhugað að Hrafnista reisi íbúðir fyrir aldraða, hjúkrunarheimili og þjónustumiðstöð. Einnig er fyrirhugað að Samtök aldraðra byggi íbúðir fyrir félagsmenn líkt og eru á næstu lóð að Sléttuvegi 19-23. Þá eru nemendagarðar fyrirhugaðir á svæðinu sem og almennar íbúðir í fjölbýli.

Þar sem hér er ekki um nýbyggingarhverfi að ræða er gert ráð fyrir að byggingarréttur fyrir 13 íbúðir í raðhúsum (keðjuhúsum), 16 íbúðir í tvíbýlishúsum og eitt fjölbýlishús með 28 íbúðum verði boðinn út.

### ÚTBOÐIÐ TEKUR TIL EFTIRTALINNA LÓÐA:

- ◆ FJÖLBÝLISHÚS: EIN LÓÐ, 28 ÍBÚÐIR.
- ◆ RAÐHÚS (KEÐJUHÚS): 13 LÓÐIR, 13 ÍBÚÐIR.
- ◆ SAMTENGD TVÍBÝLISHÚS: 8 LÓÐIR, 16 ÍBÚÐIR.



### SKILAFRESTUR TIL 19. OKTÓBER

Tilboðum í byggingarrétt skal skila til Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar, Skúlatúni 2, fyrir kl. 16:15 föstudaginn 19. október 2007. Tilboð skulu gerð á tilboðseyðublaði sem Framkvæmdasviðið lætur í té. Greiða skal tilboðstryggingu, 300.000 kr. þegar tilboði er skilað.

### ÚTBOÐSGÖGN OG SKILMÁLAR

Öll gögn varðandi lóðirnar og útboð byggingarréttarins eru aðgengileg á heimasíðu Framkvæmdasviðs, [www.reykjavik.is/fs](http://www.reykjavik.is/fs). Enn fremur fást tilboðseyðublaðið og skipulagsuppdráttur afhent í þjónustuveri Framkvæmdasviðs, Skúlatúni 2, frá og með 5. október.

### VELDU ÞINN STAÐ - VEFSVÆÐI

Á vefsvæðinu *Veldu þinn stað* á [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is) er hægt að skoða kort og fá ítarlegar upplýsingar um uppbygginga-svæði og lóðirnar sem í boði eru.

Nánari upplýsingar er að finna á [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is) og í síma 411 1111



Reykjavíkurborg



# Veðja á Máritaníu

Brú II Venture Capital Fund tilkynnti í gær um sjö milljóna Bandaríkjadala fjárfestingu í sprotafyrirtækinu FS-10 ehf., útgerðarfélagi með höfuðstöðvar í Reykjavík. Fjárfestingin jafngildir 449 milljónum króna.

FS-10 var stofnað í þeim tilgangi að nýta íslenska sérfræðiþekkingu við útgerð stórra fiskiskipa á hafinu undan Máritaníu. Stofnendur fyrirtækisins hafa víðtæka reynslu af sjávarútvegi. Brú verður stærsti fjárfestirinn í FS-10 eftir kaupin. „Það eru mikil tækifæri í lögsögu Máritaníu og við norð-vesturströnd Afríku vegna mikilla ónýtttra fiskistofna á þessu hafsvæði,“ segir Herdís Fjeldsted, sérfræðingur hjá Brú II.



**FISKISKIP** Fjárfestingasjóðurinn Brú II hefur fjárfest í FS-10, félagi utan um útgerð stórra fiskiskipa við Máritaníu.

Meðal stærstu hluthafa Brúar eru helstu lífeyrissjóðir landsins, Tryggingamiðstöðin, Saxhóll, fjárfestingarbankinn Straumur og Nýsköpunarsjóður.

- hhs

# Uppsagnir hjá Morgan Stanley

Bandaríski fjárfestingabankinn Morgan Stanley greindi frá því í gær að hann ætli að segja upp allt að 600 manns í hagræðingarskyni vegna vandræða sem bankinn hefur lent í á fasteignalánasviði bankans vestanhafs. Fimm hundruð manns verður sagt upp í Bandaríkjunum en hundrað í Evrópu. Keppinautar bankans, svo sem Lehman Brothers, hafa grip-ið til svipaðra ráðstafana vegna samdráttar á bandarískum fasteignalánamarkaði.

Mikil vanskilaaukning á svokölluðum undirmálslánamarkaði í Bandaríkjunum sem einbeittir sér að húsnæðislánaveitingum til einstaklinga með litla greiðslugetu, hefur valdið skelli hjá

mörgum fjármálafyrirtækjum víða um heim, svo sem hjá Morgan Stanley og Lehman Brothers, sem hefur ákveðið að segja upp allt að 2.500 manns í hagræðingarskyni og gera breytingar á stjórnendateymi sínu.

Gera má ráð fyrir enn fleiri uppsögnum í fjármálhverfinu við Wall Street í New York í Bandaríkjunum af þessu sökum, að sögn viðskiptablaðsins Financial Times.

- jab

**JOHN J. MACK, FORSTJÓRI BANKANS** Morgan Stanley ætlar að bregðast við samdrætti vegna aukinna vanskila í Bandaríkjunum með uppsögnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**PALLBÍLL FRÁ FORD** Sala á nýjum bílum frá Ford var langtum minni í september en gert var ráð fyrir.

## Samdráttur í bílasölu í BNA

Sala á nýjum fólksbílum dróst almennt saman um þrjú prósent í Bandaríkjunum í síðasta mánuði. Samdrátturinn var mestur hjá Ford en sala á nýjum bílum undir merkjum fyrirtækisins var 21 prósentu minni í september miðað við sama tíma í fyrra. Þetta er langtum meira en markaðsaðilar höfðu gert ráð fyrir.

Salan jókst einungis hjá bandaríska bílaframleiðandanum General Motors og japönsku fyrirtækjunum Nissan og Honda.

Fjármálaskýrendur segja óróleika á fjármálamörkuðum í kjölfar þrenginga á bandarískum fasteignamarkaði og almennt verra aðgengi að fjármagni nú en áður hafa valdið því að neytendur hafi haldið að sér höndum í mánuðinum. Þeir benda hins vegar á að bílasala í september í fyrra hafi verið óvenju góð og því skekki það samanburðinn nú.

- jab

## Beina lánum að athafnakonum

SPRON býður nýja gerð lána til fyrirtækja sem eru í eigu kvenna eða rekin af konum. Þau standa einnig konum sem eru að hefja rekstur til boða. Lánin eru veitt í samstarfi við Þróunarbanka Evrópu og Norræna fjárfestingarbankann.

Lánunum er ætlað að efla nýsköpun í fyrirtækjum þar sem konur er í lykilhlutverki að því er fram kemur í tilkynningu. Þá eiga þau að auðvelda konum í rekstri aðgang að fjármagni.

SPRON hefur haft jafnréttismál í forgrunni í rekstri sínum. Það var meðal annars fyrsta fjármálafyrirtækið til að hljóta jafnréttisverðlaun Jafnréttisráðs.

- hhs


## Gengi Northern Rock hækkar

Gengi breska fasteignalánafyrirtækisins Northern Rock rauk upp um 10 prósent, í 151,8 pens á hlut, í gær í kjölfar þess að bandaríska fjárfestingafélagið JC Flowers tryggði sér 15 milljarða punda, jafnvirði 1.900 milljarða íslenskra króna, fjármögnun til að yfirtaka rekstur fyrirtækisins. Ekkert liggur fyrir um hugsanlegt kaupverð.

Gengi Northern Rock hefur hríðfallið frá því stjórnendur fyrirtækisins greindu frá því fyrir nokkrum vikum að þeir hefðu tryggt sér vilyrði fyrir neyðarláni frá Englandsbanka sökum lausafjárþurrðar og fór lægst í 132 pens á hlut. Þetta olli taugatitringi í röðum sparifjáreigenda sem mættu í hin ýmsu útibú fyrirtækisins og tóku út jafnvirði hundruð milljarða króna af reikningum sínum.

- jab

# Við erum flogin til Kína



Heiminn og þú / SNA



## Eimskip opnar stærstu frystigeymslu í Kína

Í gær flaug hópur af Eimskipsstarfsfólki til Qingdao ásamt viðskiptavinum og fjárfestum til að fagna stórum áfanga, en á laugardaginn opnar Eimskip þar nýja kæli- og frystigeymslu, þá stærstu sinnar tegundar í Kína.

Eimskip er með um 300 starfsstöðvar í yfir 30 löndum, rekur 50 skip, 25 flugvélar, 200 kæli- og frystigeymslur og 2.000 flutningabíla og tengivagna. Hjá félaginu starfa um 15.000 manns. Starfsemin snertir því, beint eða óbeint, daglegt líf fólks í öllum heimshlutum.

Lítill heimur – hugsum stórt!

www.eimskip.is





FURÐUVERÖLD Í VIETNAM

Hver furðuflíkin á fætur annarri var til sýnis á árlegri tískukeppni sem haldin var nýlega í Hanoi í Víetnam.

TÍSKA 2



DISKÓ-SPINNING

Í líkamsræktarstöðinni Perlunni í Keflavík verður plötusnúður í spinning-tíma á laugardaginn kemur og starfsfólk stöðvarinnar ætla að mæta í diskófötum.

HEILSA 4



allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

Húsgagna Lagersala

Nú er stórkostlegt tækifæri til að gera góð kaup á húsgögnum til heimilisins.

Daglega nýjar vörur.



Erum í Dugguvogi 2 s: 557-9510

Auglýsingasími

512 50 50

- Mest lesið

Anna í Mischu Barton-kjólnum eins og hún kallar hann. Hún hafði ekki nema fáeinar mínútur til að stilla sér upp fyrir ljósmyndara enda brjálað að gera hjá Unicef sem er meðal annars að hefja fjáröflun fyrir lítil og millistór fyrirtæki undir heitinu Verndarar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR



Ást við fyrstu sýn

Hólmfríður Anna Baldursdóttir lét hanna Mischu Barton-kjól á sig í Víetnam.

Hólmfríður Anna Baldursdóttir, upplýsingafultrúi Unicef á Íslandi, skellti sér í sumarfrí til Víetnams í fyrra. Þar kom hún meðal annars við í bænum Hoi An og gerði kostakaup þegar hún lét sauma á sig silkikjól í anda leikkonunnar Mischu Barton.

„Þessi bær er svolítið sérstakur þar sem maður getur ekki keypt neitt nema sérsniðin föt, skó eða skartgrip,“ útskýrir Hólmfríður, eða Anna eins og hún er kölluð. „Þú getur til dæmis ekki bent á eitt-hvað í búðarglugga og fengið það, heldur verður maður fyrst að láta taka málin af sér og láta svo sér-gera hlutinn.“

Anna var síðan einhverju sinni stödd í verslun einni þar sem hún blaðaði í tískutímaritum á meðan

hún beið eftir fatnaði, þegar hún rak augun í silkikjól sem hún bara varð að eignast. „Mischa Barton var í kjólnum á einni forsíðunni og hann var í einu orði sagt fullkominn, hvort sem það var litasamsetningin á silkinu, dúkkulegt sniðið, mittisborðinn eða v-laga hálsmálið. Þetta var ást við fyrstu sýn. Ég spurði klæðskerann í hvelli hvort hægt væri að gera svona kjól og það reyndist ekkert mál. Svo var allt til í hann, meira að segja silki í sama lit. Hann varð alveg eins og fyrirmyndin og smellpassaði á mig.“

Anna hafði kjólinn með sér heim til Íslands og hefur klæðst honum við fjölmörg tækifæri og vekur hann jafnan athygli þótt hingað til hafi enginn ruglað henni saman við Mischu Barton. Enda vill Anna fyrir enga muni líkjast leikkonunni og segir aðdáun sína á henni ekki ná lengra en til fatasmekksins, þótt vissulega sé hún snoppufríð snót.

roald@frettabladid.is

ICE FASHION UNDIRFÖT



Kynnig í dag í Outlett Faxaferni 10



**Flottir leðurjakkar á góðu verði**

**Drangey**

Smáralind, sími 5288800, www.drangey.is

**Hautsvöurnar komnar**

**www.vefta.is**

**Vefta**  
Tískufót Hólagarði  
Hólagarði • sími 5572010

**Sérverslun með kvensilfur**

Margar gerðir af búningasilfri.

**Þetta er ódýrasta mynstrið. Allt sem þarf á upphlutinn, settið frá 90.530, kr.**

Allar upplýsingar um hefð og gerðir búninga eru veittar á staðnum.

**Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.**

**Þú verður að prófa þar einu sömmu sokkabuxur í stórum stærðum**

**stærðir 52-80**

**Darmen Maxi comfort**

**Hagkaup - Debenhams**

Stasia Kringlan - Bella Donna - Rima Apótek - Apótek siglufjarðar  
Árbæjar Apótek - Apótek Ólafsvíkur - Apótek Laugarnesi - Lindin Selfossi

Heildverslun og dreifing  
ice-fashion.is • sími 845 7869 • ffc@simnet



Fljúgandi diskar hanga neðan úr móðurskipinu í kjól eftir Tran Duy Ngu.



Þessi minnir helst á fágætt fiðrildi en Bui Hong Phuong hannaði kjólinn.



Þífur hafa verið hönnuðin Nguyen Xuan Diem ofarlega í huga við gerð þessa kjóls.

## Furðuveröld í Hanoí

Tískukeppnin í Hanoi í Vietnam er árlegur viðburður.

Hver furðuflíkin á fætur annarri var til sýnis á árlegri tískukeppni í Hanoi í Vietnam sem kallast „Vietnam Grand Selection 2007“.

Blöðrufylltir kjólar, fljúgandi diskar neðan úr móðurskipi og aðrir kjólar sem minna á fiðrildi voru meðal þess sem líta mátti á sýningunni.

Líklega myndu fæstir vilja eiga slíkar flíkur en áhorfendur fengu eitthvað fyrir sinn snúð enda oftast en ekki um mikil sköpunarverk að ræða.

solveig@frettabladid.is



Glæðlegri kjól en þennan er varla hægt að hugsa sér en hann er eftir hönnuðinn Tran Duy Ngu.

Varla þægilegur í mannþröng en nokkuð ábúðarfullur á að líta. Hönnun eftir Tran Duy Ngu.

**100% náttúrulegt**

- 100% náttúrulegir jurtalitir
- Engin skaðleg aukaefni
- Ekkert ammóníak
- Laust við festiefni (Resorcinol)
- Þægilegt og fljótlegt í notkun
- 30 litir (Hægt að blanda fleiri)

**Einnig sjampó, hárnæring o.fl.**

Fæst í heilsubúðum, apótekum, og heilsuhornum verslana

**BLÓM Í EGGI**

DREIFING: BLÓM Í EGGI: SÍMI: 552 6500

**Skyrtur og pils**

str.36-56

**Rita**

Bæjarlind 6 • s. 554-7030  
Eddufell 2 • s.557-1730

Auglýsingasími

**512 50 50**

**Ralph-stúlkan rokkar!**

NÝR ILMUR FRÁ RALPH LAUREN ER KOMINN Á MARKAÐINN.

Viltu koma fyrir sem uppreisnargjarn, sjálfstæður, orkumikill og ástríðufullur rokkari sem skapað hefur þinn einstaka, persónulega stíl? Leyfðu þá nýja ilminum frá Ralph Lauren: Ralph Rocks, að gæla við hörund þitt og smita þá sem njóta nærveru þinnar með dularfullum, heitum þokka.

Ralph Lauren framleiðir litríkan ávaxta- og blómailm fyrir ungar konur sem kunna að njóta lífsins, en fyrir eru á markaðnum Ralph, Ralph Cool og Ralph Hot. Hjartað í Ralph Rocks er íris flórentína, lilja vallarins og páska-lilja, toppnótan er stjörnuávöxtur, einiber og beisk appelsína og grunntóninn tonkabaunir, musk og vetiver.

- þlg



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

### Nú er Gunna á nýju skónum

Fyrir nokkrum árum þótti ekki fint að ganga í fötum frá ódýrum búðum eins og Zöru, Gap og fleirum í svipuðum dúr. Á einu augnabliki breyttist þessi hugsun og aðalmálið varð að blanda saman merkjavörum og öðrum. „Lúkkið“ gjarnan bætt með finu Gucci-belti, skóm frá YSL eða Prada-tösku. Nú er svo komið að fylgihlutirnir hjá ódýrari búðunum eru svo vel gerðir að varla sést hvaðan þeir koma. Tvílitu herraskórnir frá Zöru í „tie-dye“ stíl Prada eru gott dæmi um þetta, varla hægt að sjá mun á frummyndinni og eftirlíkingunum. Auðvitað er meira gaman að eiga J-12 úr frá Chanel sem kostar frá 3.000 upp í 150.000 evrur, frekar en gervilegar eftirlíkingar af keramikarmbandinu vinsæla en buddan leyfir það kannski ekki hjá öllum, að minnsta kosti ef rétt er að íslensk heimili skulda 108 milljarða erlendis samkvæmt nýlegum tölum. Fyrir sumarið 2006 voru ballerínuskórnir góðu fréttirnar í tískunni, svo einstaklega þægilegir fyrir allar konur. En það er ekki alltaf hægt að segja góðar fréttir og fyrir þennan vetur eru vondu fréttirnar þær að nú eru það hælarnir sem gilda, því hærri, því betri. Jafnvel upp í 10-12 cm fyrir þær sem vilja vera vissar um að vera í tísku. Hælarnir eru þó enn nokkuð þykkir og því stöðugir. Skór eru sömuleiðis oft háir að framan sem gerir hæðina þægilegri og fylltir hælur sem hafa sömu kosti eru enn í tísku. Richelieux er önnur skótegund ómissandi í vetur (Minelli, Morgan, Repetto) uppreimaðir að framan, með háum hæl og mynstri í leðrinu. Stundum skýtur upp kollinum nýjung í tískunni eins og til að krydda hana en verður svo margfalt meira áberandi árið á eftir. Kannski vegna þess að þeir sem að taka upp eftir stóru hönnuðunum eru alltaf dálítið á eftir eða þá að almenningur er lengi að taka við sér. Þetta á við um lakkskóna (annað hvort úr vínýl eða lökkuðu leðri) bæði í dömu- og herratísku sem saúst í fyrravetur. Þeir eru nú allsráðandi nánast hjá öllum hönnuðum, stórum sem smáum. Til dæmis eru hinir frægu íþróttaskór Prada í lökkuðu leðri þennan veturinn. Lakkað leður er einnig mikið notað í beltum og nú jafnt í herra- sem dömu-tísku. Ekki má heldur gleyma töskunum. Margir ætla sér að „surfa“ á velgengi „Coco’s-cabas“, stóru svörtu vínýl-töskunni frá Chanel. Hún gerði konur frávíta síðastliðinn vetur því allar vildu eiga eina slíka en lítið var til. Sama má segja um slönguskinn sem er áberandi í skóm og töskum í vetur, hvort sem er ekta slönguskinn eða slönguskinnsáferð.

Krókóðils-skinn er enn betra en hleypir auðvitað verðinu upp.

bergthor.bjarnason@wanadoo.fr

# Klikkaði kúrekinn aftur á stjá

Breytingar hafa verið gerðar á verslunum Blend og vöruúrval aukið.

Unnið hefur verið að því að stækka verslanir Blend í Kringlunni og Smáralind ásamt því að auka vöruúrval með tilkomu nýrra vörumerkja, þar á meðal Psycho Cowboy og 4YOU.

Breytingarnar eru tilkomnar vegna kaupa Blend-samsteypunnar í Danmörku á 4YOU, en í kjölfar þeirra verður opnuð sérdeild með 4YOU herrafatnað í búðum Blend.

Psycho Cowboy-fatnaður verður að auki áberandi í búðunum. Hann naut óhemju vinsælda um miðjan síðasta tíunda áratug, áður en hann hvarf úr búðarhillum og hefur ekki sést um langt skeið.

Auk Psycho Cowboy og 4YOU mun Blend bjóða upp á vörumerkin Blend og BlendShe en tilgangurinn með þessari aukningu er að bjóða upp á fjöl-



Verslanir Blend hafa verið stækkaðar og vöruúrval verður fjölbreyttara eftir opnun.

breyttari fatnað, finni fatnað jafnt sem hversdagsklæðnað.

Ýmis tilboð munu gilda fyrstu dagana eftir opnun.

- rve

## ICE FASHION ÍSLENSK HÖNNUN

Kynning á nýju línunni  
í okkar Showroom

HEILDVERSLUN OG DREIFING

ICE-FASHION.IS • SÍMI 845 7869

FFC@INTERNET.IS

# COMB & CARE

## Sjampó og næring til varnar flóka

- Mild formúla sem sviður ekki undan.
- Sterkt flókavarnarefni fyrir sítt hár.
- Hárið verður hreint, mjúkt og viðráðanlegt.
- Endingargóður ilmur.

## Flókasprey og flókahárkrem

- Verndar raka hársins með B5 vítamíni.
- Fjarlægir flóka, auðveldar greiðslu og verndar hreinlæti hársins.
- Endingargóður ilmur.



## Auðvelt í notkun – frábær árangur

(Lúsaforvörn) Lúsin helst síður í vel hirtu hári. Inniheldur rósmarín sem fælir lúsina frá.



Fæst í apótekum um land allt.

## MAGNAÐUR SKÓMARKAÐUR

GALLERI-HÚSINU LAUGAVEGI 91  
fimmtudag, föstudag laugardag og sunnudag

SKÓR FRÁ KR. 500  
STÍGVÉL FRÁ KR. 1.990

BILLI BI  
BRONX  
AGAIN & AGAIN  
BULL BOXER  
og mörg mörg fleiri

OPIÐ:  
FIM-FÖS: 11-18  
LAU: 11-18  
SUN: 13-17

galleri  
laugavegi 91





Augnháralitur og augnbrúnalitur  
Tana® Cosmetics



SÖLUSTADIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR

NÝTT!!  
Plokkari með ljósi



# Helgarmatur í miðri viku

Lykill að lífi er kjörorð lands-söfnunar Kiwanis til stuðnings geðsjúkum og aðstandendum þeirra. Það á líka vel við starfsemi meðferðarheimilis Landspítalans við Laugarásveg. Ungir menn með geðraskanir öðlast þar trú á sjálfa sig og framtíðina.



Hafþór Reynisson ber meðferðarheimilinu við Laugarásveg vel söguna og tekst nú á við lífið fullur bjartsýni.

FRÉTTABLAÐID/GVA

Það er kaffitími á Laugarásvegi 71 þegar blaðamann ber að garði og flest heimilisfólk að gæða sér á kaffi og vöfflum. Fáeinir ungir menn eru þó enn í ræktinni en koma fljótlega endurnærðir. Magnús Ólafsson deildarstjóri lýsir samningi sem gerður var í vor við Björn Leifsson í World Class um að heimilismenn fengu fría líkamsrækt þar. „Menn fara þrisvar til fjórum sinnum í viku í Laugar. Það skilar ótvíræðum árangri,“ segir hann.

Um leið og við göngum um vistleg húsakynninn lýsir Magnús starfseminni í stórum dráttum. „Við tökum við ungum mönnum með geðraskanir sem ekki eru í neyslu og hér er markviss endurhæfing fyrir hvern og einn. Áhersla er lögð á að gera einstaklingana meðvitaða um eigin styrkleika og að rækta hann. Tíminn vinnur með okkur. Hér fer ekki fram lækning í líkingu við skurðaðgerð heldur má alveg gera ráð fyrir tveggja til þriggja ára dvöl. Allir eru í vinnu eða skóla utan

hússins hluta úr degi og svo hafa menn skyldur á heimilinu. Taka þátt í eldamennsku, vali á uppskriftum, innkaupum og frágangi. Hér verða menn listakokkar.“

Sú sem einkum stjórna matarmenningu heimilisins heitir því sjaldgæfa nafni Stígrún og er Ásmundsdóttir. Hún segir alltaf helgarmat á miðvikudagskvöldum. Dúkað borð og sextán manns í mat því fólkið á endurhæfingarheimilinu á Reynimel 55 komi líka og leggi til eftirrætt. „Allt hefur sinn tilgang og svona veisluhald er gott fyrir sjálfsmynd fólks og samskipti enda myndast oft

skemmtileg stemning,“ segir hún.

Hafþór Reynisson er nýtskrifaður eftir þriggja ára dvöl að Laugarásvegi 71. Hann kveðst byrjaður að vinna með föður sínum við dúka- og teppalagnir og vera í þann veginn að fá íbúð til að byggja upp eigið heimili. „Fyrst þegar ég kom hingað á meðferðarheimilið átti ég erfitt með að fara á fætur á morgnana og var þreklaus og þungur. Svo færðist í mig líf og nú líður mér vel,“ lýsir hann brosandi og bætir við: „Það er góður stuðningur hér og rosalega skilningsríkt fólk.“

gun@frettabladid.is

Stinnari á 4 vikum...

Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!



allt fyrir kroppinn

**HREYSTI**

Skeifunni 19 - S. 568 1717

www.hreysti.is

**SLENDERTONE**  
System belti  
fyrir kviðvöðva  
dömu / herra  
kr. 19.980,-

eða 6.660 á mán. í 3 mán.



## Allir í diskófötin

Mikið spinning-æði ríkir í Keflavík og í líkamsræktarstöðinni Perlunni verður plötusnúður í spinning-tíma á laugardaginn.



„Við verðum með spinning-tíma á laugardaginn klukkan ellefu og hann Atli Rúnar Hermannsson ætlar að vera plötusnúður hjá okkur,“ segir Sigríður Kristjánsdóttir, eigandi Perlunnar.

„Hann ræður algjörlega tónlistinni og diskóstemningunni,“ bætir hún við en verið er að setja diskókúlu og ljós í spinning-salinn. „Það verður diskópema í tímanum og starfsfólkið á stöðinni hefur verið hvatt til að vera í einhverju frá diskótímabilinu. Það verður gaman að sjá hvað fólk grefur upp til að mæta í.“

Sigríður segir svakalegan spinning-áhuga ríkja í Keflavík. „Meðan allt gengur út á dans á höfuðborgarsvæðinu er algjört spinning-æði í Keflavík. Ég er til dæmis búin að bæta við hjólum í salinn, úr 20 upp í 45,“ segir Sigríður og bætir við: „Við fengum Atla hingað í spinning-tíma í vor til að prófa þetta og það var alveg frábært. Við stefnum því á að fá hann til að koma og sjá um tónlist í tíma að minnsta kosti tvisvar á ári og við hlökkum öll alveg rosalega til laugardagsins.“

- sig

## Ekki nógu meðvitaðar


MEIRIHLUTI BRESKRA KVENNA VEIT EKKI AÐ AUKNAR LÍKUR ERU Á BRJÓSTAKRABBAMEINI MEÐ HÆKKANDI ALDRI.

Þetta kemur fram í nýrri skoðanakönnun þar sem eitt þúsund breskar konur voru spurðar, en sex af hverjum tíu konum sem svöruðu gerðu sér ekki grein fyrir þessari auknu áhættu.

Fræðsla um brjóstakrabbamein hefur verið mikil en haft þær afleiðingar að eldri konur telja aldur ekki áhættuþátt en yngri konur aftur á móti hafa óþarfa áhyggjur. Skortur á þekkingu er áhyggjuefni heilbrigðisyfirvalda, en þriðjugur kvenna yfir sjötugt telur ástæðulaust að fara í brjóstaskoðun og aðeins fjórðungur þeirra þiggur boð um brjóstamyndatöku þegar þeim er boðið.

Yfir 44 þúsund konur greinast árlega með krabbamein í brjósti á Bretlandseyjum og eru 80 prósent þeirra komnar yfir fimmtugt.

-þlg



Þriðjungur kvenna yfir sjötugu í Bretlandi telur ástæðulaust að fara í brjóstaskoðun.

## Gigtarganga - Gigtarfólk - Gigtarganga

Í dag verðum við sýnileg

Gengið frá Lækjartorgi upp á Skólavörðuholt undir kjörorðinu:

“Gigtin gefur..”

Við stöndum fyrir dugnað, einurð og útsjónarsemi. Úrræði við gigtarsjúkdómum er fjárfesting.

Við erum fleiri og yngri en margur heldur.

17:00 - Safnast verður saman á Lækjartorgi  
17:20 - Upphitun fyrir gönguna  
17:30 - Gengið upp Bankast. og Skólavörðust. \*  
18:10 - Göngufólki er boðið að hlusta á stutt orgelverk í Hallgrímskirkju

\* Hægt er að koma inn í gönguna við Bergstaðastræti.

Verum sýnileg, tökum fjölskylduna með.

Skráning er á skrifstofu Gigtarfélagsins og á Lækjartorgi. Allar frekari upplýsingar er að fá á skrifstofu GÍ í síma 5303600



KAUPPING

Gigtarfélag Íslands

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

## ENGLAKRÖPPAR

Farðu ekki hálfa leið, náðu enn betri árangri með okkur

NÝTT Á ÍSLANDI!

ULTRACEL - LÍKAMSMEDFERÐ

Minnkar ummál, slit og appelsínuhúð!

ULTRADERMI - ANDLITSMEDFERÐ

Hreinsar og stinnir húðina. Dregur úr línun og baugum!

MAGNAÐAR MEDFERÐIR

...á frábæru tilboðsverði

Pantaðu tíma núna

í síma: 587-3750

ENGLAKROPPAR / LANGARIMA 21 / WWW.ENGLAKROPPAR.IS







Allt í drasli

HÚSRÁÐ EVU ÁSRÚNAR OG MARGRÉTAR

Kísilvandamál

Kísilvandamál er víða þekkt á Íslandi og vefst það oft fyrir fólki hvernig skuli losna við þetta vandamál. Allt í drasli mælir með efni sem heitir Sparcreme, ræstikremi með plastkornum sem fæst í Besta, Ármúla 23.

Notkun við þrif á handlaugum

Hristið brúsann vel sprautið litlu magni af kreminu í einu á þurran flötinn og nuddið vel með Vileda-teflonsvampi þar til efnið verður að dufti. Strjúkið síðan yfir með þurrum klút til að fá gljáann.

Notkun við þrif á krómi og gleri

Hristið brúsann vel, sprautið litlu magni í einu á þurran flötinn og nuddið með þurrum bleiuklút þar til kremið verður að dufti. Þá hverfa öll dropaför af krómi og gleri.

Notkun við þrif á baðkari og stærri flötum eins og flisum á veggjum

Hristið brúsann vel, sprautið litlu magni í einu á þurran flötinn og nuddið með Vileda-baðsvampi.

Eldhúsinnréttingar

Uppsöfnuð fita, sót og önnur erfið óhreinindi geta verið til vandræða. Allt í drasli hefur lausn á því. Speedball-krafthreinsir ræður vel við fitu, sót, túss, skósvertu og mörg önnur erfið óhreinindi.

Notkun

Úðið efninu á innréttinguna og strjúkið yfir með þurrum klút. Ef fastir blettir eru til staðar er gott að láta efnið liggja á í um 2 mínútur. Varist að nota efnið á vatnsmálningu þar sem efnið getur deytt litinn í málningunni. Speedball-krafthreinsirinn fæst í Besta í Ármúla

Allt á sínum stað

NAUÐSYNLEGT ER AÐ HAFA GÓÐAN BAÐSKÁP EÐA HIRSLU Á BAÐINU FYRIR ÝMISS KONAR SMÁDÓT SEM ÞAR SAFNAST FYRIR.

Víða má finna smekklega og hagkvæma baðskápa og ef ætlunin er að geyma lyf í þeim er skynsamlegt að hafa þá læsta. Sumir láta þó útlitið skipta meira máli. Cascade-skápurinn hér á myndinni er skemmtilega frábrugðinn hefðbundnum baðskápum. Í stað hurðar hanga málmkúlur í röðum eins og skilrúm. Auðvelt er að sækja hluti í skápinn og er þetta því hönnun með notagildi sem örvar líka skilningarvitin.



- hs

Fix töframassinn

Hreinsar, fægir og verndar samtímis.

Án skaðlegra efna • Fitu- og kýsilleysandi Húðvænt • Náttúrulegt • Mjög drjúgt



Ótrúlegur árangur

Svampur fylgir með

Hentar vel til þrifa á blöndunartækjum, vöskum, ryðfríu stáli, áli, kopar, messing, gleri, plasti, lökkuðum flötum, kristal, keramiki, postulíni ofl. ofl.

Húsasmiðjan - Byko - Fjarðarkaup - Tengi - Melabúðin - Verkfæralagerinn - Eyjatölvur - Miðstöðin Vestmannaeyjum - Pottar og prik Akureyri - Rafsjá Sauðárkróki - Áfangar Keflavík - Skipavík Stykkishólmi - Nesbakkí Neskaupsstað - Vélaleiga Húsavíkur - Verslanir Rönnung - Litabúðin Ólafsvík - Tengi - Byggt og búið. Heildsöludreifing: Ræstivörur ehf.



White-Westinghouse



ÞVOTTAVÉL

· Toppflaðin

· 11 kg af þurrum þvotti.

· Vindur vel.

· Fljót að þvo.

· Sparneytin.

· Tekur heitt og kalt vatn.



RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI

SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



Hvað er að fréttast?



Fyrstur með fréttirnar



Mímivegur 2006

FULLMÓTAÐU

PERSÓNULEIKA

HEIMILISINS

HÖNNUN - RÁÐGJÖF - ÞJÓNUSTA



INNRETTINGAR

Síðumúla 35

108 Reykjavík

Sími 517 0200

heild@heild.is

www.heild.is

HEIMILIÐ Í

HEILD









N1 óskar eftir lífsglöðu, hressu og áreiðanlegu starfsfólki til starfa á þjónustustöðvum félagsins á höfuðborgarsvæðinu. Um ræðir almenna afgreiðslu og þjónustu við viðskiptavininn. Nánari upplýsingar veitir Sigríður Harðardóttir í síma 440 1000. Áhugasamir sækja um á [www.n1.is](http://www.n1.is)



Mig vantar fleira fólk. Ertu ekki til í að setja þessa inn sem bönust fyrir okkur nokkrum sinnum t.d. 3 sinnum í þesari og 3 sinnum í næstu viku: Texti: Sölu/Þjónustufulltrúi. Spennandi starf/góðar tekjur. Tækifæri að flytjast til Spánar á nýju ári. Also wanted US/English native speakers. Nánari Uppl./More info [www.islandus.com/atvinna](http://www.islandus.com/atvinna)



Nýr veitingastaður sem var að opna óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu, útkeyrslu og í sal. S. 692 3051

**Starfsfólk óskast í sölu- turn í Hraunbergi í Efra-Breiðholti**

Óskum eftir heiðarlegu starfsfólki á dagvakt frá 12-18, kvöldvakt og aðra hverja helgi. Viðkomandi þarf að vera stundvís og góður í mannlegum samskiptum, góð laun fyrir rétta fólkið

**Upplýsingar veita Lena í s. 897 4622 og Linda í s. 861 1552 eða á staðnum.**



**Ítalía - veitingahús**

Veitingahúsið Ítalía leitar eftir starfsfólki í fullt starf í sal. Unnið er á vöktum. Um er að ræða framtíðarstarf, ekki yngri en 18 ára. Nánari upplýsingar eru einungis veittar á staðnum milli kl. 12 og 17 næstu daga.

**Veitingahúsið Ítalía**  
Laugavegi 11



**N1 lakkdeild**

N1 óskar eftir duglegum og samviskusömum starfsmanni til starfa í lakkdeild verslunar N1 að Bildshöfða 9. Í starfinu felst öll almenn afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavininn lakkdeildar sem og önnur tilfallandi störf. Nánari upplýsingar um starfið veitir Örn Bjarnason, verslunarstjóri í síma 820 9003. Áhugasamir geta einnig sótt um starfið á [www.n1.is](http://www.n1.is)



**N1 verslun Kópavogi**

N1 óskar eftir kraftmiklum og reglusömum starfsmanni til starfa í verslun N1 í Kópavogi. Um er að ræða alla almenna afgreiðslu og þjónustu við viðskiptavininn verslunarinnar sem og önnur tilfallandi störf. Nánari upplýsingar um starfið veitir Hjalti Guðmundsson verslunarstjóri í síma 535 9100. Áhugasamir geta einnig sótt um starfið á [www.n1.is](http://www.n1.is)



**N1 símaver**

N1 óskar eftir áhugasömum og áreiðanlegum starfsmanni til starfa í símaver N1 að Bildshöfða 9. Í starfinu felst öll almenn þjónusta við viðskiptavininn gegnum síma. Nánari upplýsingar um starfið veitir Örn Bjarnason, verslunarstjóri N1 Bildshöfða í síma 820 9003. Áhugasamir geta einnig sótt um starfið á [www.n1.is](http://www.n1.is)



**ÍTR óskar eftir starfsfólki í Vesturbæjarlaug í lauga-vörslu og baðvörslu kvenna.**

**Vaktavinna, 95% starf.**  
**Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.**  
**Nánari upplýsingar veitir Guðrún Arna Gylfadóttir forstöðukona í síma 551 5004 eða á netfanginu [guðrun.arna@reykjavik.is](mailto:guðrun.arna@reykjavik.is)**

**Gullnesti Grafavogi**

Óskar eftir rösku starfsfólki í fullt starf.

**Upplýsingar í síma 898 9705, Daði.**



**Bakari - konditor - Konditornemi**

Mosfellsbakarí óskar eftir að ráða bakara, konditor og nema í súkkulaði og kökugerð. Áhugasamir geta haft samband við Hafliða í síma 660 2151.



**Red Chili**

Óskum eftir starfsfólki í sal í helgar og kvöldvinnu. 15 daga vaktir. Líflegur og skemmtilegur vinnustaður.

**Uppl. í síma 820 4381 og á [redchili@redchili.is](mailto:redchili@redchili.is) og á [www.redchili.is](http://www.redchili.is)**



**Vant þjónustufólk**

**Við leitum að vönu fólki til að vinna við þjónustu í glæsilegu veitinga- og ráðstefnuhúsi í Grafarholti á föstudags- og laugardagskvöldum frá kl. 18.30 til kl. 24 eða 2.30. Mikil vinna í vetur. Nánari upplýsingar í síma 899 5678.**

**Gullhamrar Veitingahúsið Þjóðhildarstíg 2 ehf. 113 Reykjavík - Sími 517 9090**

**Hárgreiðslufólk!**

Ert þú skemmtilegur og góður hársnyrtir? Ef svo er, hefur þú áhuga á að koma á stólaleigu og vinna með okkur? Við erum að leita að jákvæðum einstaklingi með frumkvæði og faglegan metnað.

**Ef þú hefur áhuga endilega hafðu samband í síma 544 4455 eða sendu tölvupóst á [jonogeva@simnet.is](mailto:jonogeva@simnet.is) SPACE**



**Vaktstjórar**

**Skeljungur hf. óskar eftir að ráða vaktstjóra til starfa á Select Vesturlandsvegi. Um er að ræða almenna þjónustu og afgreiðslu ásamt yfirumsjón með vaktinni auk uppgjors.**  
**Nánari upplýsingar veitir Pálína í síma 444 3000 eða stöðvarstjóri á staðnum.**  
**Umsóknareyðublöð má nálgast á [www.skeljungur.is](http://www.skeljungur.is).**



**Útipjónusta**

**Skeljungur hf. óskar eftir að ráða starfsmann í útipjónustu á Select Vesturlandsvegi. Um er að ræða almenna þjónustu og afgreiðslu**  
**Nánari upplýsingar veitir Pálína í síma 444 3000 eða stöðvarstjóri á staðnum.**  
**Umsóknareyðublöð má nálgast á [www.skeljungur.is](http://www.skeljungur.is) eða á næstu Shell eða Select stöð.**

**Ertu í skóla?**

Viltu vinna nokkra tíma á dag? Getum bætt við starfsfólki á dag- og helgarvaktir.

**Sólbaðsstofan Smart.**  
**Grensásvegi og við Ánanaust.**



**American style Hafnarfirði, Bildshöfða og Kópavogi**

Vantar þig góða vinnu í föstu vaktavinnuakerfi? Erum með störf í 100% vaktavinnu í salnum. Í boði er vinna hjá traustu og góðu fyrirtæki, mjög samkeppnishæf laun, létt andrúmsloft og frábært fólk. Sæktu um á [american-style.is](http://american-style.is) og komdu að vinna hjá okkur, við tökum vel á móti þér. Mjög góð íslenskukunnátta skilyrði!

**Glaumbar**

Óskum eftir hressu starfsfólki á bar og í sal. Góð laun í boði fyrir duglega og samviskusama einstaklinga. Uppl. veitir Steinar í síma 896 8596.

**Bráðvantar starfsmann**

Handlaginn mann eða smíð vantar til starfa við húsa viðgerðir o.fl. Góð laun fyrir réttan aðila. S. 616 1569.

**Beitningamaður**

Vanur beitningamaður óskast á bát frá Reykjavík. Uppl. í símunum 893 5458 & 864 1798.

**Á leikskóla er gaman!**

Leikskólinn Skerjagarður óskar eftir lífsglöðu, jákvæðu og áhugasömu fólki til starfa sem fyrst, til að vinna skemmtilegt starf með frábærum börnum. Uppl. í s. 551 8088 og 848 5213.

**DTS járnalagnir**

Óska eftir að ráða menn til starfa helst vana járnbindingum. S. 895 2220/899 9177

**Starfsfólk óskast**

Kaffihús í Hafnarfirði auglýsir eftir starfsfólki í dagvinnu virka daga. Þægilegur vinnutími. Uppl. veitir Sigrún í s. 869 2809 eða [cafehafnarborg@internet.is](mailto:cafehafnarborg@internet.is)

**Aktu Taktu Skúlagötu**

Leitar að þér. Kvöld- og helgarvinna í boði. Skemmtileg vinna á skemmtilegum vinnustað. Allir hvattir til að sækja um. Umsóknir á [aktutaktu.is](http://aktutaktu.is)

**Öryggisgæslan ehf. óskar eftir starfsfólki**

Vegna mikilla anna vantar stundvíst og ábyrgt fólk í vinnu. Á 9 tíma vaktir í 7 daga og frí í 7 daga, einnig vantar í helgarvinnu. Bæði karlmenn og kvenfólk á aldrinum 20-45 ára. Uppl. gefur Einar, s. 856 5031, milli kl. 12-18.

**Verkamenn í Úlfarsfell**

Duglega verkamenn vantar í byggingavinnu í Úlfarsfell S. 892 3207.

**Smíðir**

Óska eftir smíðum í Úlfarsfell. Góður aðbúnaður. Upplýsingar í síma 892 3207.

**Starf í heimabjónustu**

Óskum eftir að ráða starfsmann í heimabjónustu hjá Seltjarnarnesbæ. Fullt starf eða hlutastörf í boði með sveigjanlegum vinnutíma. Gefandi og fjölbreytt starf. Kynnið ykkur kaup, kjör og vinnutíma. Nánari upplýsingar hjá Þóru eða Snorra í síma 595 9130 eða 897 2079.

Borgarvirki óskar eftir að ráða vanan grófumann. Uppl. í s. 895-0685, Magnús.

**Hjólbarðaverkstæði/bón og þvotta stöð**

Óskum eftir fólki á Smur- hjólbarðaverkstæði Bílkó. Uppl. gefur Guðni í s. 660 0560.

**Tires and oil**

Hiring people for tires and oil change at Bílkó. Please contact Guðni 660 0560.

**Bón og þvottur**

Óskum eftir fólki á bón og þvottastöð Bílkó Uppl. gefur Guðni í s. 660 0560

**Car wash**

Hiring people for car wash at Bílkó. Please contact Guðni 660 0560.

Starfsmaður óskast í heildverslun við áfyllingu í verslunum. Uppl. í s. 897 4121.

**Argentína Steikhus**

Eitt virtasta veitingahús landsins óskar eftir matreiðslunema, upplýsingar gefur yfirmatreiðslumeistari á staðnum og í síma 551 9555 eftir kl. 15.

**Atvinna óskast**

**Matreiðslumaður óskar eftir vinnu**  
**28 ára matreiðslumaður óskar eftir starfi. Ýmislegt kemur til greina. Laus 1 Nóvember.**  
**Uppl. Gefur Gunnar í síma 697 8683.**

23. ára stúlka óskar eftir vinnu eftir hádegi virka daga. sími 847-7959

Verktaki óskar eftir aukavinnu á kvöldin og um helgar. Ýmistlegt kemur til greina. Uppl. í s. 847 5083.

**Viðskiptataækifæri**

INN leitar að þátttakendum í sjónvarpsþátt. Þátttakendur leggja fjárhag sinn á borðið og bestu fjármálasnillingar landsins koma hlutunum í lag. Viltu verða ríkur? Fyrsta skrefið er að taka til í óreiðunni. Við leitum að fólki á öllum aldri. Sendu nafn, símanúmer og pósthafn núna til: [innntv@hotmail.com](mailto:innntv@hotmail.com)

**TILKYNNINGAR**

**Tilkynningar**

**2 sæti til alicante**  
2 flugsæti til alicante 24-30 okt. á 50 þús. s. 698 0424.

**Einkamál**

**18plús.is**

Sýndu þig, sjáðu aðra. Íslenzkur afþreyingarvefur fyrir fullorðna.

Kona rúmlega 60 óskar eftir að kynnast manni á aldrinum 65-70. Er sjálf fjárhagslega sjálfstæð. Áhugamál, ferðast og dans. Svar sendist til fréttablaðsins merkt beggja hagar fyrir 15 okt.

38" Hilux 2,4 EFI ek. 253þ. Læsingar frá/ aft 5,29 dríf. aukatankur, loftkútur, NMT, CB, loftnet fyrir VHF og GPS öfl Mikili endurnýjað. Þarfnast viðhalds á boddy. Verð 390þ. Uppl. Óskar 895 9029 eða [oe@simnet.is](mailto:oe@simnet.is)

# Tjáðu þig!

**50MB frítt myndasvæði!**

Búðu til myndaalbúm á síðunni þinni!

## Viltu sýn'eikkað?

Ný útlit · Myndaalbúm · Síma blogg

**Ný útlit í viku hverri!**

Búðu til eigið útlit eða veldu tilbúið!

## Viltu breyt'eikkurru?

Ný útlit · Myndaalbúm · Síma blogg

# BlogCentral.is

Stæsta blogg samfélagið á Íslandi

# SKEMMTILEGRA SJÓNVARP



REIKNADU ÞINN AFSLÁTT ÚT Á [STOD2.IS](https://stod2.is)



## Sjáðu meira... fyrir minna

1 stöð  
valin **M12**

5% afsláttur

2 stöðvar  
valdar **M12**  
SILFUR

20% afsláttur

3 stöðvar  
valdar **M12**  
GULL

25% afsláttur

4 stöðvar  
valdar **M12**  
PLATINUM

30% afsláttur

**Dæmi:** Þú hefur valið tvær áskriftarstöðvar. M12 Silfur tryggir þér 20% afslátt.

- ☒ Stöð 2
- ☐ Sýn
- ☒ Sýn 2
- ☐ Fjölvarpið allur pakinn
- ☐ Fjölvarpið skemmtun
- ☐ Fjölvarpið sport
- ☐ Fjölvarpið fræðsla
- ☐ Fjölvarpið Evrópa

| Stöðvar                    | Fullt verð       | M12 Silfur       | Afsláttur |
|----------------------------|------------------|------------------|-----------|
| Stöð 2                     | 5.390 kr.        | 4.312 kr.        | 20%       |
| Sýn 2                      | 4.390 kr.        | 3.512 kr.        | 20%       |
| <b>Samtals</b>             | <b>9.780 kr.</b> | <b>7.824 kr.</b> |           |
| <b>Þú sparar 1.956 kr.</b> |                  |                  |           |

Gakktu frá áskrift á Netinu og fáðu 30% aukaafslátt fyrsta mánuðinn.

Halda áfram

M12 er vildarkerfi sem tryggir áskrifendum betri kjör.  
Afslátturinn eykst eftir því sem fleiri stöðvar eru valdar.

## Skaðlausar prófanir á málmum og málmsuðu

**Nýsköpunarmiðstöð Íslands** (NMI) hefur ákveðið að leggja niður starfsemi sína á sviði **skaðlausra prófana (NDT)**, sem sinnt hefur verið um áratuga skeið af lðntæknistofnun Íslands, fyrirrennara NMI og er þetta liður í einkavæðingu þjónustuverkefna.

Af þessu tilefni auglýsir NMI til sölu í einu lagi eða í hlutum þann búnað sem notaður hefur verið til skaðlausra prófana, má þar nefna röntgentæki, hljóðbylgjutæki auk annars.

Áhugasamir geta skoðað búnaðinn að Keldnaholti í samráði við **Adalstein Arnbjörnsson, ada@nmi.is**.

Tilboðum skal skila inn ekki síðar en **15. október** nk.



Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Keldnaholti, 112 Reykjavík  
Sími 522 9000  
www.iti.is



### SANDGERÐISBÆR

#### Auglýsing á tillögu að deiliskipulagi

Bæjarstjórn Sandgerðisbæjar auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi Sjávarheima skv. 25. gr. laga nr. 73/1997 m.s.br.

Skipulagssvæðið afmarkast af núverandi íbúðarsvæði við Miðtún og Norðurtún til austurs, friðlýstu svæði Ósa við Stóra Búðarsker til vesturs og suðurs og Eyrargötu til norðurs. Deiliskipulagstillagan felur m.a. í sér skilgreiningu nýrra lóða fyrir atvinnuhúsnæði, verslun, þjónustu og hafnsækna starfsemi ásamt svæðisins. Einnig er útfært kerfi gönguleiða meðfram fjörugarði (hafnarstígur) og um opin græn svæði milli núverandi byggðar og fyrirhugaðs uppbyggingarsvæðis ásamt útsýnis og upplýsingabásum við fjörugarð.

Tillögurnar verða til sýnis á bæjarskrifstofum í Vörðunni á Miðnestorgi 3, frá 4. október til 2. nóvember. Þeim sem eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna til og með 15. nóvember. Skila skal skriflegum athugasemdum á bæjarskrifstofur Sandgerðisbæjar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna teljast henni samþykkir.

Skipulagsfulltrúi

## Draumahús

530 1800

Föst lág  
sölupóknun

### ERT ÞÚ Í SÖLUHUGLEIÐINGUM ?

Draumahús bjóða seljendum fasteigna fasta lága sölupóknun. Skoðaðu kjörin okkar, hringmyndir og stórar ljósmyndir á: **www.draumahus.is** eða hringdu í síma 530 1800 og fáðu frekari upplýsingar.

Draumahús ehf • Hjalti Pálmason hdl og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar  
Mörkinni 4 • 108 Reykjavík • Sími 530 1800 • Fax 530 1801 • www.draumahus.is

# Hvað er að fréttu?

Við tæklum sportið\_

www.visir.is

## Sölusýning

í dag

frá kl.17-19



Vel innréttaðar 3ja og 4ra herb. íbúðir í nýju glæsilegu 5 hæða lyftuhúsi í Hafnarfirði. Eignin skiptist í tvö glæsileg stigahús með lyftu. Húsið er hannað af Sigurði Þorvarðarsyni byggingarfræðing og er marmarasallað að utan með ál/tré gluggum. Frágangur allur er mjög vandaður.

- Sérinngangur af svölum
- Skilast fullbúnar með vönduðu Kahrs parketi
- Vandaðar innréttingar og innihurðir frá Fagus Þorlákshöfn
- Gert er ráð fyrir að loka flestum svölum
- Útgangur á hellulagða verönd með skjólveggum íbúða á jarðhæð
- Mynddýrasími
- Uppþvottavél og isskápur fylgja í eldhúsi
- Sér stæði með flestum íbúðum í lokaðri bílageymslu
- Hellulagðar gangstéttir með snjóbræðslukerfi við húsið.
- Íbúðirnar eru til afhendingar strax.
- Byggingaraðili: Kristjánssynir Byggingarfélag ehf.



Fullbúin sýningaríbúð ÍBÚÐ MERKT 303 Í HÚSI 52B

Innrétuð frá versluninni EGG

Lýsing íbúðar hönnuð af LUMEX

Sölumenn verða á staðnum

Nánari upplýsingar ásamt myndum á [www.fastmark.is](http://www.fastmark.is)



FASTEIGNA-  
MARKAÐURINN

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500,  
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.  
[www.fastmark.is](http://www.fastmark.is)

Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. f.sali.  
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. f.sali.



EIGNAMIÐLUN

Síðumúla 21 • [eignamidlun@eignamidlun.is](mailto:eignamidlun@eignamidlun.is) • Fax 588 9095  
[www.eignamidlun.is](http://www.eignamidlun.is) • Mánud. - fimmtud. 9-17



▲ Sími 588 90 90 ▲

Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali

### FANNAFOLD 55 - NEDRI SÉRHÆÐ - LAUS

#### Opið hús - opið hús



Mjög falleg 115 fm neðri sérhæð með útsýni á þessum góða stað. Sér suður verönd og sér bílastæði. Íbúðin skiptist í 3 góð herbergi, stofu, eldhús, baðherbergi, þvottahús og geymslu. Áhvilandi mjög hagstæð lán 11,2 millj. LAUS VIÐ KAUP-SAMNING. ÍBÚÐIN VERÐUR TIL SÝNIS Í DAG FIMMTUDAG FRÁ KL. 18.00-18.30. SÖLUMAÐUR VERÐUR Á STAÐNUM. Verð 27,9 millj. (6886)

## FASTEIGNASALAN 570 4800

GIMLI

Árni Stefánsson, lögg. fasteignasali

Grensásvegi 13, 2. hæð - 108 Reykjavík - Sími 570 4800

### FRAMNESVEGUR 66 - EINBÝLI



Sérlega sjarmerandi og vel staðsett 121 fm einbýlishús á tveimur hæðum, hæð og ris á þessum eftirsóttasta stað, Bráðræðisholtinu í vesturbænum. Húsið er að mestu endurbýgt árið 1982. Falleg gróin lóð og suðursólpallur. Í húsinu eru 3 svefnherbergi, stofa, borðstofa og sjónvarpshol í risi ásamt tveimur baðherbergjum sem voru endurnýjuð árið 2003. Fallegar furufjalir á gólfum og málaður panell á veggjum. Húsið er töluvert stærra en uppgefnir fermetrar vegna súðar í risi. Í heild, mikið endurnýjað hús á einum eftirsóttasta stað Reykjavíkur. Verð 49,5 millj.

Þjónusta ofar öllu

RE/MAX  
Fasteignir

# ATH VIÐ SELJUM ALLA DAGA !



HRINGDU NÚNA

699 6165



Bóas  
Sölufulltrúi  
699 6165  
[boas@remax.is](mailto:boas@remax.is)



Gunnar  
Sölufulltrúi  
899 0800  
[go@remax.is](mailto:go@remax.is)



Stefán Páll  
Löggiltur  
Fasteignasali



visir.is  
Fyrstur með fréttirnar



## Laust embætti ráðuneytisstjóra sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis

Laust er til umsóknar embætti ráðuneytisstjóra sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis frá og með 1. janúar nk.

Skipað er í embættið til fimm ára frá og með 1. janúar 2008. Um embættið gilda lög nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, með síðari breytingum, og að öðru leyti lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins með síðari breytingum. Um laun og önnur starfskjör fer samkvæmt ákvörðun kjararáðs, sbr. lög nr. 47/2006, um kjararáð.

Umsóknir, ásamt upplýsingum um aldur, menntun og fyrri störf skulu hafa borist sjávarútvegsráðuneytinu, Skúlagötu 4, 150 Reykjavík, eigi síðar en 19. október 2007.

Reykjavík, 3. október 2007  
Einar K. Guðfinnsson  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

FERSKAR  KJÖTVÖRUR

## Starfsmaður óskast

Ferskar Kjötvörur Og Furðufiskar óska eftir starfsmanni í kjötbörði okkar í Hagkaup Skeifu vinnutími frá kl. 11-20 virka daga

Um er að ræða fullt starf.

Nánari upplýsingar veitir Ómar í s: 6606300 eða Rúnar s:6994000



FERSKAR  KJÖTVÖRUR

## Vilt þú vinna þar sem Íslendingum finnst skemmtilegast að versla?

Óskum eftir starfsmönnum í kjöt og fiskborð Hagkaupa sveigjanlegur vinnutími í boði fyrir fólk á öllum aldri endilega hafið samband.

Nánari upplýsingar veitir Ómar í s: 6606300 eða Rúnar s:6994000



# Ævintýri alla daga

Leikskólinn Rofaborg, Skólabæ 6,  
óskar eftir að ráða leikskólakennara  
og starfsfólk með aðra menntun eða reynslu.

Rofaborg er fjögurra deilda leikskóli við Elliðaárdalinn. Einkunnarorð leikskólans eru leikur, gleði og vinátt. Námskrá Rofaborgar hefur öðlast reynslu og fest sig í sessi. Unnið er að þróunarverkefni um farsælan flutning barna milli skólastiga. Á næsta ári verður tekin í notkun glæsileg viðbygging.

Verið velkomin í heimsókn í Rofaborg eða hafið samband við Þórunni Gyðu Björnsdóttur leikskólastjóra í síma 693-9863 eða 587-4816.

➤ Við leitum að fólki á öllum aldri,  
af báðum kynjum, með margs  
konar menntun og reynslu.



Reykjavíkurborg  
Leikskólasvið

[www.leikskolar.is](http://www.leikskolar.is)



## Bílstjóri óskast

Vegna aukinna umsvifa þá vantar okkur röskan mann í útkeyrslu. Um er að ræða dreifingu á ávöxtum og grænmeti. Veið leitum að starfsmanni með réttinda til að aka bifreið allt að 3.5 t og einnig allt að 5 t eða meirapróf.

Leitum að jákvæðum og röskum aðila sem vill vinna í krefjandi og skemmtilegu umhverfi. Vinnutími frá kl. 7:00. Töluverð yfirvinna.

Áhugasamir sendi umsókn til Mötu ehf. á netfangið toti@mata.is.

## Driver wanted

Looking for experienced drivers to deliver fruits and vegetables in and around Reykjavík. The drivers needs to have license for driving vans up to 3,5 t and or trucks up to 5 t.

Working time from 7:00 and lot of overtime.

Please contact Þórarinn at toti@mata.is.

## TIL SÖLU

## Fyrirtæki til sölu

Lítið fyrirtæki til sölu, góð staðsetning í Reykjavík. Hentar vel fyrir konur. Einstakt tækifæri.

Svör sendist á augl.deild Fréttablaðsins eða á [box@frett.is](mailto:box@frett.is) merkt "tækifæri"

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

## UMHVERFISÞING



## UMHVERFISÞING

Umhverfisráðherra boðar til V. Umhverfisþings dagana 12. og 13. október nk. á Nordica Hotel í Reykjavík. Þingið er öllum opið meðan húsrúm leyfir.

Umhverfisþing mun að þessu sinni fjalla um náttúruvernd og líffræðilega fjölbreytni. Á þinginu verður m.a. fjallað um stöðu og framkvæmd nágildandi náttúruverndaráætlunar, áherslur í náttúruverndaráætlun 2009-2013 og drög að stefnumótun um líffræðilega fjölbreytni sem unnið er að um þessar mundir. Það er von ráðuneytisins að fimmta Umhverfisþing verði vettvangur upplýstrar umræðu og skoðanaskipta um náttúruvernd og líffræðilega fjölbreytni, sem nýtist stjórnvöldum við þá stefnumótun sem nú er unnið að, og almennt til að efla umræðu um þessi mál hér á landi.

Achim Steiner, framkvæmdastjóri Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna, verður sérstakur gestur þingsins og mun hann flytja erindi að morgni föstudagsins 12. október tengt umfjöllun þingsins.

Mikilvægt er að allir sem hafa hug á að taka þátt í þinginu skrái sig. Skráning, sem er þátttakendum að kostnaðarlausu, fer fram til 8. október nk. á vefsíðunni [www.umhverfisraduneyti.is](http://www.umhverfisraduneyti.is). Þar er einnig að finna dagskrá þingsins og nánari upplýsingar. Einnig má skrá þátttöku í umhverfisráðuneytinu í síma 5458600.

Vakin er athygli á að þinginu verður varpað út á heimasíðu umhverfisráðuneytisins þannig að hægt verður að fylgjast með störfum þingsins.



UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

[www.umhverfisraduneyti.is](http://www.umhverfisraduneyti.is)

# Kirkjur og þverstæður mannlegs lífs

## UMRÆÐAN

Veraldlegar kirkjuathafnir

Bróðursonur minn, séra Gunnar Jóhannesson, sóknarprestur í Hofsó- og Hólaprestakalli, birti vonda grein í Fréttablaðinu, föstudaginn 28. september sl. Efni hennar er að fordæma Siðmennt, félag siðrænna húmanista, fyrir veraldlega athöfn í Fríkirkjunni nýlega. Erfitt er að deila við náinn ættingja sem er 39 árum yngri en ég. En ég tel að í grein þessari hafi fræðimaðurinn Gunnar vikið fyrir presti sem vill styðja kirkjuvald. Ég tel að grein Gunnars sé óvirðing við þekkingu hans.

Meginmálið í grein Gunnars er að

veraldleg athöfn megi ekki fara fram í kirkju. Þetta er undarleg guðfræði hjá presti í mótmælendasíð. Séra Toshiki Toma, prestur innflytjenda í Þjóðkirkjunni, hefur þegar svarað þessu fyrir sitt leyti; kirkjan er aðeins umbúnaður um heilaga athöfn og er ekki heilög af sjálfu sér fremur en aðrir veraldlegir hlutir. Þetta var og skilningur Lúters og helstu lærisveina hans á 16. öld í uppgjöri þeirra við kaþólskan sið. Nýjar kirkjur í lúterskum sið voru því ekki vígðar. Þær voru hins vegar blessaðar. Gunnar veit vel muninn á þessu tvennu. Það var fyrst á seinni hluta 20. aldar sem



GÍSLI GUNNARSSON

farið var að vígja kirkjur hér á landi. Samkvæmt lúterskri hefð er kirkja veraldlegur staður og dugmesti biskup Íslands við innleiðingu lúterstrúar, Guðbrandur Þorláksson (1541–1627), lét afnema kirkjugrið og veitti veraldlegum yfirvöldum rétt til að nota kirkjur með samþykki prests og prófasts. Hér á landi voru kirkjur ávallt margar en hér voru engar aðrar opinberar byggingar. Kirkjur voru því nýttar löngum á margvíslegan hátt, m.a. til veisluhalds, sbr. sjálfsævisögu séra Jóns Steingrímssonar (1728–1791).

Um athöfnina í Fríkirkjunni: Sið-

mennt á ekkert húsnaði og því var leitað til prests Fríkirkjunnar í Reykjavík, sem er þekktur fyrir að meta kærleika meira en formhyggju. Athöfnin fólst í því að brúðhjónin endurtóku heit sín um ást og traust í viðurvist fjölda manns. Er slíkt athæfi ókristilegt? E.t.v. þyrfti Siðmennt ekki að vera í húsnaðishraki fengi félagið sóknargjöld meðlima sinna en svo er ekki raunin. Opinberir aðilar veita félaginu enga styrki. Almenn árleg velta þess nemur ríkisgreiddum launum eins prests Þjóðkirkjunnar í tvo mánuði. Nær öll vinna á vegum þess er sjálfboðastarf. Gunnari finnst þverstæða felast í því að borgaraleg athöfn fari fram í vígðu húsi eins og hann lýsir Frí-

kirkjunni í Reykjavík. Vera má að hér hafi hann nokkuð til síns máls. En lífið einkennist af þverstæðum og andstæðum sem geta sameinast í eina heild. Þannig byggir kristin trú á þverstæðunum syndinni og náðinni: maðurinn syndgar og fær fyrirgefningu, náð, fyrir trú á Krist. Að fordæma þverstæður getur aukið skynsemi en einnig skapað umburðarleysi og kreddufestu. Hér ræður samhengi hlutanna hverju sinni. En sannt trúaður prestur sem fordæmir þverstæður ætti að stíga hér varlega til jarðar ef hann vill vera sjálfum sér samkvæmur í trú sinni.

Höfundur er sagnfræðingur.

# Uppgjöf Samfylkingarinnar

## UMRÆÐAN

Byggðamál

Jóhanna Sigurðardóttir, félagsmálaráðherra, hefur víðar hugmynd í byggða- og atvinnumálum sem á sér ekki fordæmi hér á landi. Í kjölfar aflasamdráttar og erfiðleika víða á landsbyggðinni hjá sveitarfélögum, fyrirtækjum og einstaklingum stingur ráðherrann upp á því að ríkið greiði fólki sérstaklega fyrir að flytja í burtu frá heimilum sínu þangað sem það kynni hugsanlega að fá einhverja vinnu. Með þessu er ráðherrann beinlínis að hvetja til nauðungarflutninga fjölskyldna frá þeim svæðum þar sem erfiðleikar eru í atvinnulífinu.



BJÖRN VALUR GÍSLASON

Tillaga Jóhönnu Sigurðardóttur er yfirlýsing af hennar hálfu um algjört ráðaleysi Samfylkingarinnar í byggða- og atvinnumálum. Ráðherrann er í raun að leggja til að fólk yfirgefi sína heimabyggð en ekki er erfitt að ímynda sér alfeiðingar þessa fyrir viðkomandi byggðir. Ljóst er að eignir yrðu gerðar verðlausar, að atvinnulíf myndi leggjast af, skólar yfirgefni og menning og saga byggða einskis metin og að engu gerð. Í stað þess að reyna að auka tiltrú fólks á framtíð byggðar í landinu öllu er alið á vonleysi. Slík framtíðarsýn er niðurlægjandi fyrir landsbyggðarfólk og ber vott um alvarlegt skilningsleysi á stöðu hinna dreifðu byggða. Í stað stóru orðanna frá því fyrir kosningar um eflingu atvinnu og byggðar í landinu öllu er komið tómahljóð í Samfylkinguna. Þrátt fyrir þann fyrirvara sem margir höfðu á getu Samfylkingarinnar til góðra verka hljóta þetta að vera stuðningsmönnum flokksins á landsbyggðinni mikil vonbrigði. En var við öðru að búast?

Höfundur er sjómaður í Ólafsfirði og varaþingmaður Vinstri grænna í NA-kjördæmi.

## SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni liðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísí eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

# Nú eru bílarnir okkar

# BLEIKIR



## Ágóði\*

### af hverri pantaðri ferð

### í október og nóvember

### rennur til kaupa á nýju ómtæki

### fyrir brjóstakrabbameinsleit hjá Leitarstöð

### Krabbameinsfélags Íslands.

Í samstarfi við Krabbameinsfélag Íslands hefur Hreyfill/Bæjarleiðir gerst styrktaraðili átakaverkefnis Krabbameinsfélagsins til fjáröflunar vegna bættrar tækni við brjóstakrabbameinsleit.

\*Af hverri pantaðri ferð leigubílastöðvarinnar renna 10 krónur, í október og nóvember, til kaupa á nýju ómtæki. Með þessum hætti áætlum við að leggja a.m.k. 1,5 - 2. milljónir til átakaverkefnisins á þessum tíma.

Öll aukning á pöntunum mun gefa auknar tekjur til verkefnisins.

Við höfum í þessu tilefni sérmerkt bílana okkar með bleikum taxaljósum.

„Bleika slaufa“ Krabbameinsfélagsins er til sölu í bílum okkar í október og nóvember.

Taktu bleikan bíl næst þegar þú pantar leigubíl!





SUSAN SARANDON KVIKMYNDA-  
LEIKKONA ER 61 ÁRS Í DAG.

„Áður en börnin okkar koma heim í líkkistum frá Írak og konur og börn láta lífið í Bagdad, verð ég að vita hvað Írak hefur gert okkur?“

**Bandaríska leikkonan Susan Sarandon hefur margsinnis forðæmt stríðsrekstur í Írak og er þekkt fyrir að spyrja gagnrýnna spurninga í fjölmiðlum.**



# tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST 4. OKTÓBER 1984

## BSRB-verkfallið hefst

Á þessum degi árið 1984 hófst viðtækt verkfall meðal starfsmanna Bandalags ríkis og bæja, BSRB.

Verkfallið hafði lamandi áhrif á þjóðlífið. Meðal annars lagðist skólahald niður, strætisvagnar hættu að ganga og Ríkissjónvarpið stöðvaði útsendingar meðan á verkfallinu stóð. Samningar náðust ekki fyrr en þremur vikum síðar, hinn 30. október og var þá farið að bera á verulegum vöruskorti í verslunum landsins. Grunnskólakennarar gengu úr stéttarfélaginu BSRB í kjölfar verkfallsins.

Samningar tókust loks um launahækkunar auk aðgerða til að bæta kjör starfsmanna sem náði þó ekki að skila sér í auknum kaupmætti launþega.

Skömmu eftir að samningurinn tók gildi felldi ríkisstjórnin gengið og kjarabæturnar urðu að litlu sem engu.



**VERK FALLS VARS LA** Verkfallsverðir pössuðu upp á að starfsmenn ríkis og bæja sinntu ekki störfum sínum á meðan verkfallið stóð yfir.

MERKISATBURÐIR

- 1908** Þórhallur Bjarnason er vígður biskup á Íslandi. Hann gegndi embættinu til dauðadags árið 1916.
- 1925** Lesbók Morgunblaðsins kemur út í fyrsta sinn. Morgunblaðið hafði þá verið gefið út í tólf ár.
- 1931** Fyrsta teiknimyndasagan um leynilögreglumanninn Dick Tracy er gefin út í Bandaríkjunum.
- 1940** Adolf Hitler og Benito Mussolini funda í Ölpunum. Hitler biður um stuðning Ítala í baráttunni við Breta í byrjun síðari heimsstyrjaldarinnar.
- 1990** Þýska þingið kemur saman í fyrsta sinn eftir sameiningu Austur- og Vestur-Þýskalands.

## Nýtt tölvukerfi á læknavaktina

Rafrænt skráningarkerfi fyrir Læknavaktina á höfuðborgarsvæðinu var tekið í notkun fyrir helgina. Markmiðið er þátttaka í rafrænni framþróun heilbrigðiskerfisins. Með nýja kerfinu verður hægt að setja margar greiningar á sama samskiptaseðil, læknabréf kemur sjálfkrafa með upplýsingar um lyfjagjöf ásamt öðrum upplýsingum.

Á móttökuna koma árlega um 60 þúsund manns



**RAFRÆN SKRÁNING** Guðlaugur Þór Þórðarson, heilbrigðisráðherra, vígði nýja kerfið.

eða um 170 manns á dag. Það var Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra sem vígði nýja kerfið.

HÁTÍÐARHÖLD Í HÁSKÓLA ÍSLANDS: Í TILEFNI SJÖTUGSAFMÆLIS JÚLÍUSAR SÓLNES

## Ferillinn hófst með eldgosi

Klukkan 13.15 í dag hefst hátíðarsamkoma verkfræðideildar Háskóla Íslands í tilefni af 70 ára afmæli Júlíusar Sólness prófessors fyrr á árinu.


Veislan er haldin í hátíðarsal háskólans og allir eru velkomnir á meðan húsrúm leyfir. Þrír erlendir prófessorar og fyrrverandi samstarfsmenn Júlíusar heiðra samkomuna og flytja erindi um jarðskjálftaverkfræði og önnur viðfangsefni. Einnig verða íslenskir sérfræðingar með áhugaverð erindi um verkfræðitengd efni. Kristín Ingólfsdóttir rektor ávarpar afmælisbarnið auk Ebbu Þóru Hvannberg, forseta verkfræðideildar.

Júlíus var beðinn að rifja upp nokkur atriði úr sínum starfsferli í tilefni af þessum tímamótum.

Hann er í byrjun spurður hvort hann hafi haldið upp á afmælið í mars. „Já, ég hélt upp á afmælið á Kanaríeyjum með stórfjölskyldunni. Við fórum tólf á aldrinum eins árs upp í sjötugt,“ svarar hann glaðlega og bætir við: „Fyrst var haldinn fundur um hvort halda ætti stóra veislu í bænum en meirihlutinn greiddi atkvæði með hugmyndinni um að fara til Kanarí. Það var mjög ánægjulegt og einstakt tækifæri til að fara öll saman því nú eru allir komnir út um hvippinn og hvappinn.“

Júlíus á í raun fleiri stórafmæli því nú eru 35 ár síðan hann tók við stöðu prófessors í verkfræðideild HÍ. Hann byrjaði með látum eins og hann lýsir. „Ég var starfandi í Danmörku en kom heim um jóln 1972 til að taka við embættinu hér, fór svo út aftur en kom þegar misserið í deildinni byrjaði, um 20. janúar. Mitt fyrsta verkefni var að fara út í Vestmannaeyjar og reyna að koma í veg fyrir að þök hryndu undan ösku í Heimaeyjargosinu sem þá var nýhafið. Það var eiginlega ótrúlegt að lenda í því í fyrstu vikunni og mjög lærdómsríkt.“

Þegar haft er orð á því að hann hafi komið víða við á ferlinum, meðal annars



**JÚLÍUS SÓLNES VERKFRÆÐINGUR** „Ég varð mikill náttúruverndarsinni af því að vera í umhverfisráðuneytinu og er lítt hrifinn af álverum.“

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

sem sveitarstjórnarmaður á Seltjarnarnesi, einn af stofnendum Borgaraflokksins og fyrsti umhverfisráðherra Íslands, segir hann: „Þetta hefur verið skemmtilegur og litríkur tími. Maður asnaðist inn í stjórnmál og það var skemmtileg lífsreynsla. Þegar ég lít til baka var gaman að kynnst þeim þætti þjóðlífsins en ég er samt óskaplega feg-

inn að hafa ekki eytt allri ævinni í að vera stjórnmálamaður. Mér hefur líka þótt alveg óskaplega gaman að setja mig inn í umhverfismál. Ég varð mikill náttúruverndarsinni af því að vera í umhverfisráðuneytinu og er lítt hrifinn af álverum. Ég tel að Íslendingar eigi marga aðra kosti og betri en að hruga þeim hér upp.“

gun@frettabladid.is



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Friðrikka Bjarnadóttir**

Hjúkrunarheimilinu Söltúni, áður til heimilis að Hæðargarði 35,

verður jarðsöngin frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 4. október kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð Söltúns, Hjúkrunarheimilinu Söltúni.

**Bjarni Ólafsson**  
**Bjarney Ólafsdóttir**  
**Ólafur E. Ólafsson**  
**Jón S. Ólafsson**  
**Dómhildur I. Ólafsdóttir**  
**Þóra S. Ólafsdóttir**  
**barnabörn og langömmubörn.**

**Rannveig Guðmundsdóttir**  
**Richard A. Hansen**  
**Guðrún Gunnarsdóttir**  
**Caroline Nicholson**  
**Jón Hilmar Friðriksson**  
**Páll M. Pálsson**



Þökkum af albug öllum þeim sem sýndu okkur samúð og vinarbug við andlát og útför

**Þórunnar Andrésdóttir**

Stóra-Ási, Hálsasveit.

**Andrés Magnússon**  
**Kolbeinn Magnússon**  
**Jón Magnússon**  
**Halla Magnúsdóttir**

**Martha Eiríksdóttir**  
**Lára Kristín Gísladóttir**  
**Hreiðar Gunnarsson**



Okkar ástkæra eiginkona, móðir, tengdamóðir, dóttir, amma og systir,

**Hreindís Guðmundsdóttir**

hjúkrunarfræðingur,

andaðist á Landspítalanum hinn 1. október. Útförin fer fram frá Bústaðarkirkju mánudaginn 8. október kl. 13.00.

**Einar Sigurgeirsson**  
**Sigríður Einarisdóttir**  
**Geirmundur Einarsson**  
**Elisabet H. Einarisdóttir**  
**Ragna Kemp**  
**barnabörn og systkini hinnar látnu.**

**Sindri Sveinsson**  
**Arna Jóhannsdóttir**  
**Ólafur Á. Haraldsson**



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**Rósa Björg Sveinsdóttir**

Sæból 16, Grundarfirði,

lést á St. Franciskuspítalanum í Stykkishólmi, fimmtudaginn 27. sept sl. Jarðarförin fer fram í Grundarfjarðarkirkju laugardaginn 6. okt. kl. 13.30.

**Ragnar Ingi Haraldsson**  
**Jóna Björk Ragnarsdóttir**  
**Auður Hanna Ragnarsdóttir**  
**Ásgeir Ragnarsson**  
**Sveinn Ingi Ragnarsson**  
**Guðmundur Smári Guðmundsson**  
**Reynir Ragnarsson**  
**Þórey Jónsdóttir**  
**Hjördis Pálsdóttir**  
**barnabörn.**



**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

**MOSAİK** Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík  
Sími 587 1960 [www.mosaik.is](http://www.mosaik.is)



**LEGSTEINAR OG FYLGIHUTIR**

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Mikið úrval fallegra fylgihluta. Ljósar, blómavasar, englar, stytur, kerti og margt fleira.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

[www.shelgason.is](http://www.shelgason.is)  
**S:HELGASON**  
Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677

AFMÆLI

**Jóhanna Sigurðardóttir**  
félagsmálaráðherra er 65 ára.



**Róbert Wessmann**  
forstjóri Actavis er 38 ára.





#### Stæðilegur Ford Fiesta

Vél: 68 hö, 1,4 TDCi,  
dísilnotkun: 4,4 l/100 km,  
CO<sub>2</sub>: 116 g/km\*



#### Stæðilegur Ford Fusion

Vél: 68 hö, 1,4 TDCi,  
dísilnotkun: 4,4 l/100 km,  
CO<sub>2</sub>: 117 g/km\*

## Hættu að hugsa um umhverfið

Hvað er visthæft fyrir umhverfið og hvað ekki getum við endalaust hugsað um. Nú er rétti tíminn til að hætta að hugsa. Í bili. Nýtum raunhæfu hugmyndirnar strax í dag. Við hjá Brimborg trúum því að í samvinnu við aðra finnum við réttu leiðina að þeim lífsgæðum sem gildi okkar vísa á. Tökum stórt stökk fyrir mannkynið með því að taka saman lítil visthæf skref. Taktu þátt. Á brimborg.is finnur þú nokkra punkta sem geta komið þér af stað.

#### Taktu visthæf skref með Brimborg og Reykjavíkurborg

Reykjavíkurborg býður ókeypis bílastæði fyrir ákveðna visthæfa bíla. Brimborg tekur þátt og býður á móti bíla sem falla vel að hugmyndum borgarinnar um visthæf gildi. Núna Ford Fiesta og Ford Fusion. Taktu visthæf skref með Brimborg og Reykjavíkurborg. Fáðu ókeypis í bílastæði í Reykjavík. Komdu í Brimborg. Veldu Ford Fiesta eða Ford Fusion í dag.



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | [www.brimborg.is](http://www.brimborg.is)

\* Reykjavíkurborg veitir ökumönnum bíla sem uppfylla eftirfarandi skilyrði frítt í stæði í 90 mínútur: CO<sub>2</sub> útblástur að hámarki 120 g/km. Eyðsla í blönduðum akstri: Bensínvél: 5,0 l/100 km eða minna. Dísilvél: 4,5 l/100 km eða minna. Aðrir orkugjafar: Tviorkubílar sem nota t.d. metan/bensín eða etanol/bensín: 5,0 l/100 km eða minna.



# Okkur vantar hlaupara!

Pósthúsið leitar að kraftmiklu fólki til starfa sem hlauparar. Í boði eru góð laun fyrir duglegt fólk, hressandi útivera og sveigjanlegur vinnutími.

Hlauparar eru þeir aðilar sem taka að sér íhlaupavinnu hjá Pósthúsinu og vinna við dreifingu Fréttablaðsins ásamt fylgiritum. Vinnan fer fram í breytilegum hverfum á höfuðborgarsvæðinu milli kl. 2 og 9.

Hlauparar þurfa að vera orðnir 18 ára og hafa bíl til umráða.

Allar nánari upplýsingar veitir dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330. Einnig er hægt að sækja um á [www.posthusid.is](http://www.posthusid.is).

Pósthúsið er ungt og öflugt dreifingarfyrirtæki á sviði blaða- og vörudreifingar. Hjá Pósthúsinu starfa um sjöhundruð manns að uppbyggingu á fjölbreyttum og skemmtilegum vettvangi.



## STUÐ MILLI STRÍÐA „Can I help you?“

ROALD VÍÐAR EYVINDSSON TELUR ILLSKILJANLEGA INNFLYTJENDUR HAFA ÝMISLEGT TIL MÁLANNA AÐ LEGGJA



Það er ótrúlegt að heyra um ósvífina sem við Íslendingar sýnum innflytjendum í afgreiðslustörfum bara af því að þeir tala litla íslensku.

Ég er hjartanlega sammála því að það er bæði pirrandi og fátanlegt að eiga samskipti við þjónustuaðila sem ekki tala móðurmál landsmanna. Staðreyndin er hins vegar að sú ákvörðun liggur hjá eigendum fyrirtækjanna og því varla við afgreiðslufólkið að sakast.

Eigendurnir sverja af sér allar sakir og segjast ekki hafa um annað að velja en að ráða illskiljanlega útlendinga, þar sem velmegunin og atvinnuframboðið sé slíkt að innfæddir fúlsi við störfunum.

En er ekki verið að gleyma einhverju? Til dæmis lélegu þjónustunni sem hefur viðgengist á Íslandi um árabíl, löngu áður en einhverjir sænskir eða rússneskir afgreiðslumenn yppu öxlum skilingsvana úti í búð. Þá heyrðist hvorki talað um lélega þjónustu né velmegun, enda síðara orðið nánast óþekkt í íslensku máli.

Í þá daga létu innfæddir sér lynda að vinna á lúslarlanum enda atvinnuframboð minna en nú. Eigendur þjónustufyrirtækja lifðu í þeirri blekkingu að svo yrði um ókomna tíð, meira að segja löngu eftir að framboðið jókst og fullorðið fólk hvarf til annarra og betur launaðra starfa.

Afleiðingarnar urðu þær að við

sátum uppi með unglinga og stundum óaldrilýð sem hefur í verstu tilfellum engan áhuga á starfinu sem inna á af hendi. Það vill nefnilega svo til að ekkert jöfnúmerki er á milli íslenskugetu og þjónustulundar.

Nei, er þá ekki betra að eiga samskipti við einhvern sem vill fyrir alla muni aðstoða mann, þótt íslenskukunnátta viðkomandi sé kannski ekki með besta móti?

Það er mikið rætt um að senda blessaða innflytjendurna á íslenskunámskeið til að bæta ástandið. Ég ætla rétt að vona að við reynum að læra eitthvað af þeim í leiðinni. Til dæmis eins og í hverju þjónusta er raunverulega fólgin.

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgian

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Tilboðsdagar **TENGI**

1.- 6. okt., aðeins í eina viku  
...kíkið í verslanir okkar.

**25%**  
afsláttur af völdum vörum

Mora Cera blöndunartæki  
Ifö baðinnréttingar  
Kaldewei baðker  
Ifö Cornette sturtuklefar  
Mora Izzy blöndunartæki  
Ifö sturtuhurðar  
Ifö salerni



Hugmynd & hönnun



Opið virka daga 8.00 - 18.00 Laugardaga 10.00 - 15.00

Smiðjuvegi 76 • Kópavogur • Sími 414 1000 • Fax: 414 1001 • [www.tengi.is](http://www.tengi.is)

Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050 • Fax: 414 1051 • [tengi@tengi.is](mailto:tengi@tengi.is)


**kl. 22.15**

*Í kvöld verður fyrsti hluti af þremur í leikþáttaröð eftir Kristínu Ómarsdóttur fluttur á Rás 1.*

*Leikstjóri er Guðmundur Ingi Þorvaldsson en í helstu hlutverkum eru Sóley Elíasdóttir, Þórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachmann, Sveinn Þórir Geirsson og Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir. Hljóðvinnslu annast Hjörtur Svavars-son.*

*Í leikverki sínu, Smá sögum, skoðar Kristín Ómarsdóttir tengslin innan fjölskyldunnar á sinn ísmeygilega hátt. Verkið samanstendur af tíu sjálfstæðum leikþáttum sem saman mynda eina heild.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Torfusamtökin þinga

Hundrað og eitt tækifæri er yfirskrift þings sem Torfusamtökin efna til á laugardag í gamla Iðnó. Samtökin hafa starfað af nokkrum krafti undir nýrri forystu eftir að hafa legið í dvala um árabíl. Enda er nú tekist á um framtíð byggðar með ströndinni við Reykjavík og margt til umræðu í þeim áætlun-um.

Á fundinum í Iðnó á laugardag verður rætt um Laugavegin sárstaklega en eins og lesendur Fréttablaðsins hafa tekið eftir eru miklar áætlanir í uppsiglingu um breytingar á þessari fornu verslunargötu borgarinnar, leiðinni inn að laugunum í Laugardal þar sem formæður borgarinnar gengu með þvott sinn á fyrri tíð.

Hvert ætti gildi og hlutverk byggingararfsins að vera í uppbyggingu Laugavegar og Kvosarinnar, spyrja menn og svörin koma

úr ýmsum áttum: Meðal frummæl- anda eru Eva María Jónsdóttir dagskrárgerðarkona sem hefur látið til sín taka í opinberri umræðu um framtíð Þingholta og Skugga- hverfis, Guja Dögg Hauksdóttir, forstöðumaður Byggingarlistar- deildar Kjarvalstaða, Margrét Harðardóttir og Steve Christer, arkitektar Studio Granda, en þau áttu sigurtillögu um breytingar á Lækjartorgi nýlega, og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, hagfræð- ingur og fréttamaður, sem hefur unnið rannsókn á möguleikum í endurbyggingu á svæðinu.

Að loknum ræðum frummæl- enda verður efnt til opinna umræðna og eru allir velkomnir. Er við hæfi að hafa fundinn í hinu forna félagsheimili iðnaðarmanna sem fyrir mörgum árum var end- urbyggt og er nú sönn borgar- prýði.

- pbb



**LEIKLIST** Leg hitti í mark í vetur og ætti að draga að sér fjölda áhorfenda næstu mánuði. Edda Björg í hlutverki sínu.

## Leg aftur í gang

Leg fer aftur á svið nú um helga- na, en þessi nýi íslenski söngleik- ur vakti mikla lukku á fjöllum Þjóðleikhússins á liðnum vetri. Sýningin sópaði að sér áhorfend- um og hlaut á endanum tólf til- nefningar til Grímu-verðlauna og vann verðlaun fyrir tónlist sem hljómsveitin Flís tók heim með sér. Nú hafa nú þúsund áhorfend- ur séð sýninguna og miðað við athygli ætti sá fjöldi að þrefaldast á næstu mánuðum.

Verkið sækir sitt hvað í örmynda- sögur höfundarins Hugleiks Dags- sonar sem vakið hafa athygli. Við- fangsefni verksins eru ýmsar meinsemdir íslensks samfélags sem höfundurinn tekst á við með sinum einstaka helsvarta húmor. Í Legi leggja Hugleikur og félagar til atlögu við söngleikjaformið en aðalpersónan Kata er óléttur og ólukkulegur Garðbæingur sem þarf ekki aðeins að eiga við mögu- legan skilnað foreldra sinna, fuglaflensu bróður síns og ístöðu- lausan kærasta heldur er félags- ráðgjafinn í skólanum ekki allur þar sem hann er séður. Hnattvæð- ing, virkjanafurkvaðir og Jesús Kristur koma við sögu.

Leikstjóri sýningarinnar er Stefán Jónsson, Flís sér um tónlist og hljóðmynd. Ljós- og mynd-

bandshönnun annast Freyr Vilhjálmsson og Gideon Kiers. Ilmur Stefánsdóttir sér um leik- mynd, búninga hannar Þórunn Elísabet Sveinsdóttir en leikgervi Árdís Bjarnþórsdóttir.

Í leikhópnum eru Atli Rafn Sig- urðarsson (kvensjúkdómalæknir- inn Hjörtur), Dóra Jóhannsdóttir (unglingsstúlkan Kata), Edda Björg Eyjólfsdóttir (Ingunn vin- kona), Elma Lís Gunnarsdóttir (Gitte hin danska), Friðrik Frið- riksson (Kalli bróðir með fugla- flensuna), Halldóra Geirharðs- dóttir (móðirin Vala), Jóhannes Haukur Jóhannesson (Sigmar Snær og fleiri), Katla Margrét Þorgeirsdóttir (amman og fleiri), Kjartan Guðjónsson (Ari hinn söngelski) Stefán Hallur Stefáns- son (Andri/Andrew) og Valur Freyr Einarsson (dr. Smith, Þessi og fleiri).

Töndæmi úr sýningunni og myndband má finna á bloggsíðu Þjóðleikhússins, [www.leikhusid.blog.is](http://www.leikhusid.blog.is)

Hugleikur Dagsson er með nýtt verk í smíðum en verk hans Bað- stofan verður frumsýnt í vetur í Kassanum. Sami hópur stendur að þeirri sýningu og mun Stefán Jónsson leikstýra henni einnig.

pbb@frettabladid.is

## Sinfóníuhljómsveitin í heimsókn til Keflavíkur

Það er stutt fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands að bruna suður í Keflavík og skella þar upp öllum græjum. Það gerist á föstudagskvöld- ið en þá verður Tónlistarfélagið í bænum heiðrað með heimsókn hljómsveitarinnar. Í ár fagnar Tónlistarfélag Reykjanesbæjar hálfra aldar afmæli og af því tilefni verður efnt til stórtónleika í íþróttahúsinu við Sunnubraut á morgun kl. 19.30. Sinfóníu- hljómsveit Íslands verður ekki ein á palli því með henni koma fram Karlakór Keflavíkur, lúðrasveit Tónlistarskóla Reykjanesbæjar, Sigurður Flosason saxófónleikari og Davíð Ólafsson söngvari.

Efnisskráin er afar fjölbreytt og verk heimamanna áberandi. Fluttar verða nýjar útsetningar Hrafnkels Orra Egilssonar á nokkrum af þekktustu dægurlagaperlum Gunnars Þórðarsonar, Jóhanns Helgasonar og Magnúsar Kjartanssonar en hann átti



**TÓNLIST** Hluti af konsert fyrir saxófón og sinfóníuhljómsveit eftir Veigar Margeirsson verður fluttur á tónleikum í íþróttahúsinu við Sunnubraut á föstudagskvöld.

útsetningar á stórtónleikum Björgvins Hall- dórssonar í fyrra. Einnig er á efnisskránni verk Eiríks Árna Sigtryggssonar, Sjóstirni. Þá fá tónleikagestir smjörþefinn af glænýjum konsert fyrir saxófón og hljómsveit eftir Veigar Margeirsson. Veigar, sem er fæddur og uppalinn í Reykjanesbæ, er nú búsettur í Los Angeles og er upprennandi stjarna í heimi kvikmyndatónlistarinnar og hefur samið tónlist fyrir kvikmyndir, sjónvarps- þætti og auglýsingar. Konsert Veigars verður frumfluttur í heild sinni á tónleikum í Háskólabíói 18. október nk. Auk tónlistar heimamanna verða flutt sigræn snilldarverk á borð við Bolero eftir Ravel og 1812 forleik Tsjaikovskijs. Poppið er því í fyrirrímu á tón- leikunum en hljómsveitarstjóri er Rumon Gamba, aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

- pbb

## Strauss í Íslensku óperunni

**Íslenska óperan frumsýnir í kvöld Ariadne auf Naxos eftir Richard Strauss. Verkið, sem fyrst var frumsýnt árið 1912, er nú sýnt í fyrsta skipti hérlandis.**

Alls koma sextán íslenskir ein- söngvarar fram í sýningunni, auk þess sem Ingvar E. Sigurðsson fer með talhlutverk.

Leikstjóri er Þjóðverjinn Andreas Franz, en þetta er í fyrsta sinn sem hann starfar við Íslensku óperuna.

Hann segir áhersluna í þessari uppfærslu vera á söguna sem á sér stað í verkinu. „Það skiptir mig miklu máli að miðla sögunni á sem skýrastan hátt. Sagan segir frá samskiptum tónlistarmanna og hvað þeir læra af því að þurfa að vinna saman.“

Sem dæmi nefnir leikstjórinn samskipti tveggja persóna í verk- inu. „Aðalkvenpersónurnar tvær, Ariadne og Zerbinetta, eru nánast eins og dagur og nótt að flestu leyti. Til að mynda eru viðhorf þeirra til ástarinnar ólík; Ariadne vill bara elska þann eina rétta en Zerbinetta vill elska alla karl- menn. Þær eru báðar öfgakenndar í viðhorfum sínum og komast að því að þær eru betur settar ef þær nálgast hvor aðra eilítið.“

Andreas hefur ekki áður unnið að uppsetningu þessa verks. „Ég hef aldrei komið að þessari óperu áður, en ég hef séð uppsetningar á henni og mér þykir hún búa yfir áþreifan- legri spennu. Verkið er samið og sett á svið skömmu fyrir heims- styrjöldina fyrri og það svifur ein- hver ógn yfir vötnum. Persónur verksins eru afar uppteknar af að skemmta sér og lifa hátt; það er eins og þær viti að bráðlega verði bundinn endi á gleðskapinn.“



**DÍVAN OG TÓNSKÁLDIÐ** Arndís Halla Ásgeirsdóttir og Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir í hlutverkum sínum.

Æfingar á verkinu hafa staðið yfir síðan í lok sumars og segir Andreas æfingafærlið hafa verið ánægjulega reynslu. „Þetta hefur verið frábær tími. Íslenska óper- an er lítið óperuhús, en þetta verk hentar henni afar vel. Það hefur einnig verið gaman að vinna með íslensku söngvurunum vegna þess að þeir eru mjög góðir. Það kom mér þægilega á óvart hvað þetta er framúrskarandi teymi sem vinnur að þessari sýningu; það er leitun að öðru eins við stærri óperuhús erlendis.“

Enn fremur lætur leikstjórinn vel af dvöl sinni hérlandis. „Þetta hefur verið yndislegur tími. Fólk- ið er afar vinalegt og náttúran falleg. Það eina sem ég get sett út á er veðráttan; ég er frá Ham- borg þar sem veðrið er eilítið frá- brugðið því sem gerist hér. Aftur á móti er líka skemmtilegt að kynnst svona framandi veður- fari,“ segir Andreas Franz að lokum.

vigdis@frettabladid.is



**FRÁ ÆFINGU Á ARIADNE AUF NAXOS** Sextán íslenskir einsöngvarar koma fram í verkinu.

## Tvær hliðar Brahms

Hádegistónleikaröðin Von103 fer af stað á morgun. Tónleikarnir, sem verða haldnir fyrsta föstudag hvers mánaðar, fara fram í sam- nefndum sal SÁÁ í Efstaleiti 7 í Reykjavík.

Listrænn stjórnandi tónleik- anna er Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari og fær hún til liðs við sig góða gesti úr röðum íslenskra tónlistarmanna hverju sinni.

Nína kemur fram á morgun ásamt Guðnýju Guðmundsdóttur, konsertmeistarar Sinfóníuhljóm- sveitar Íslands. Verkin sem verða á dagskrá eru Sónata óp. 100 og Scherzo eftir Brahms.

Nína segir verkin vera skemmti- lega ólík þótt bæði séu eftir sama höfund. „Fyrsta verkið sem við leikum á tónleikunum kallast Scherzo og er sönötukafla. Brahms og nokkrir vinir hans sameinuðust um að semja sönötu handa sam- eiginlegum vini sínum í afmælis- gjöf, og samdi hver þeirra sönötu- kafla. Í dag er kafla Brahms vel þekktur, en sónatan sjálf er minna leikin, enda verkið í heild sinni

frekar sundurleitt. Kaflinn er áleitinn og spennandi og ber þess merki að það er ungur Brahms sem samdi hann. Síðan flytjum við ópus eftir sama höfund sem er yfirvegað og þroskað stykki og er það ljóst að höfundurinn hefur elst og þroskast.“

Tónleikarnir eru haldnir í sam- starfi við SÁÁ, Ríkisútvarpið og Te og kaffi. „Tónleikaröðin er liður í forvarnastarfi ungmennadeildar SÁÁ í formi tónlistarfræðslu og því leggja samtökin til þennan fína kammertónlistarsal fyrir tón- leikana. Ríkisútvarpið sér um að hljóðrita alla tónleikana í röðinni og verða þeir sendir út einhvern tíma síðar. Svo stendur fyrirtekið Te og kaffi fyrir veitingasölu á tónleikunum svo að fólk getur notið hressingar á meðan það hlýð- ir á klassíska tóna í hádeginu,“ segir Nína.

Tónleikarnir verða um fjórtíu mínútna langir án hlés og hefjast þeir klukkan 12.15. Miðaverð er 2.000 krónur.

- vp



**VIÐ ÆFINGAR** Nína og Guðný æfa dag- skrá tónleikanna.

## Kaupaukinn þinn frá CLINIQUE er í Hagkaupum!

Ef þú kaupir tvo hluti eða fleiri frá CLINIQUE getur þú valið  
um dömu eða herra gjöf.\*



### Fyrir dömurnar

- Rinse-Off Foaming Cleanser 30 ml
- Dramatically Different Moisturizing Lotion 30 ml
- Continuous Rescue Antioxidant Moisturizer 15 ml
- Blushing Blush Powder Blush 1,8 g
- High Definition Lashes maskari 4 ml
- Full Potential Lips Plump and Shine 2,4 ml

\*Gildir á meðan birgðir endast.



### Fyrir herrana

- Liquid Face Wash Regular Strength 30 ml
- Cream Shave 30 ml
- Daily Eye Hydrator 5 ml
- Maximum Hydrator 7 ml
- Exfoliating Body Wash 40 ml
- Clinique hárgreiða


\*Gildir á meðan birgðir endast.



# NÝ TÓNLIST Í SKÍFUNNI




Katie Melua  
- Pictures



Bob Dylan  
- Dylan




Bruce Springsteen  
- Magic



John Fogerty  
- Revival



Foo Fighters  
- Echoes, Silence, Patience and Grace



Mano Chao  
- La Radiolina

## MEST SELDA TÓNLISTIN Á ÍSLANDI\*



\*skv Skífulistanum



TRYGGÐU ÞÉR EINTAK -  
ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI



## &gt; RIFF SLÆR Í GEGN

Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Reykjavík, RIFF, hefur hreinlega slegið í gegn og er mikil aðsókn á flestallrar myndir en töluvert hefur verið fjallað um hátíðina í kvikmyndatimaritum á borð við IndiWire og Variety. Hátíðinni verður slitið með pompí og prakt á laugardaginn en þá verður Embla, víkingamynd Hrafn Gunnlaugssonar, frumsýnd.



# bío

bio@frettabladid.is



## KVIKMYNDANJÖRÐURINN GUÐMUNDUR PÁLSSON BAGGALÚTUR

### Vill leika á móti Vigdís Finnbogadóttur

**Hver er uppáhaldsmyndin þín?** „Hiklaust stríðsflotta-spennudramað The Great Escape frá 1963. Fólki er vinsamlegast bent á að rugla henni ekki saman við sjónvarpsmyndina The Great Elephant Escape frá 1995, sem er öllu síðri mynd.“

**Hvaða mynd sástu síðast í bíó?** „Harry Potter og Fönixregluna. Hún var allt í lagi, miðað við barnamynd.“

**Hvaða mynd sástu síðast á myndbandi?** „Ég held að það hafi verið mafiósálöggu-myndin The Departed. Ég hafði lengi ætlað að sjá þessa umtöluðu mynd. Hún olli miklum vonbrigðum.“

**Hefur þú grátið í bíó?** „Ekki upphátt.“

**Uppáhalds íslenska persónan?** „Það held ég hljóti að vera einræni brjáðlingurinn sem Eggert Þorleifsson lék óaðfinnanlega í meistaraverkinu Skammdegi.“

**Mesta kvikmyndastjarna allra tíma?**

„Steve McQueen er í miklu uppáhaldi. Hann drap sig reyndar á sigarettureykingum og var vondur við konur, en hann myndaðist vel.“

**Mesta hetja hvíta tjaldsins?** „Það er hann James Bond. Það er sama hvernig kúlunum rignir yfir hann, alltaf er hann óaðfinnanlega greiddur og alltaf til í að bjarga heiminum. Þessi nýi er reyndar óttaleg kerling.“

**Mesti skúrurinn?** „Jack Torrance í The Shining var rosalegur.“

**Ef þú fengir að velja þér kvikmynd til að leika í, hvernig væri söguþráðurinn, hver væri leikstjóri og hver myndi leika á móti þér?** „Kvikmyndin Sveppafár. Spennutryllir í léttum dúr sem fjallaði um fátækan sveppabónda í Rúmeníu millistríðsáranna. Þegar loftsteinn lendir á bíl bóndans fátæka

smitast hann af dularfullum sjúkdómi og undarlegir hlutir gerast. Hann verður hálfur maður og hálfur sveppur. Þessari mynd mætti Hrafn Gunnlaugsson gjarnan leikstýra og gaman væri ef frú Vigdís Finnbogadóttir léki á móti mér.“



## Þríleikur um Blair

Leikstjórinn Peter Morgan hefur mikinn hug á því að klára þríleikinn um fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, Tony Blair. Fyrsta myndin, The Deal, var sýnd á Channel 4 árið 2003 en önnur myndin, The Queen, sló eftirminnilega í gegn í fyrra og hlaut Helen Mirren meðal annars Óskarsverðlaunin sem besta leiknonan í aðalhlutverki.

Samkvæmt Variety vill Morgan nú gera þriðju og síðustu myndina um valdatíð Blairs og á hún að

fjalla um það hvernig samskipti Bandaríkjanna og Bretlands breyttust eftir að Bill Clinton lét af embætti og George W. Bush tók við. „Morgan sér þarna mjög mikilvægan þátt í breskri sögu og langar til að klára þennan þríleik sinn,“ sagði framleiðandinn Andy Harries en þeir unnu saman að gerð The Queen. Talið er líklegt að Martin Sheen endurtaki leikinn sem Blair en óvíst er hvort Helen Mirren birtist aftur í hlutverki Elísabetar.



**MEIRA UM BLAIR** Þriðju myndarinnar um Tony Blair er að vænta frá leikstjóra The Queen.



**SÁTTUR VIÐ ÍSLAND** Larry segir helsta muninn á því að vinna hér á landi og í Bandaríkjunum vera þann að Íslendingar kvarti ekki undan erfiðisvinnu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

## Fær hlutverk út á horfna tönn

Kvikmyndin The Last Winter var frumsýnd í vikunni hér á landi en hún er einstök að því leyti að þetta er ein örfárara erlendra mynda sem tekin er upp hér á landi með íslensku tökuliði eingöngu.

Myndin gerist í óbyggðum Alaska þegar Bandaríkjamenn eru farnir að bora eftir olíu í auðninni. Eitt-hvað fer úrskaiðis þegar kemur í ljós að það er meira en bara svarta gullið sem leynist undir íshellunni. Með aðalhlutverkin í myndinni fara hinn góðkunnir og margverðlaunaði leikari Ron Perlman og James LeGros sem áhorfendur Skjás eins gætu kannast við úr sjónvarpsþáttunum Sleeper Cell.

### Stórkostleg dvöl á Íslandi

Leikstjórinn Larry Fessenden segist aðallega gera hryllingsmyndir en hann hefur einnig verið töluvert fyrir framan myndavélarnar sem leikari. „Ég er yfirleitt ráðinn út á útlitið,“ segir Larry. „Oftast fæ ég hlutverk eiturfylfjasjúklinga, glæpamanna eða geðsjúklinga af því að það vantar í mig eina tönn,“ heldur Larry áfram en meðal mynda þar sem hann hefur sést í má nefna Bringing Out the Dead eftir Martin Scorsese þar sem hann lék kókaínsjúkling.

Larry og félagar ætluðu í fyrstu ekkert að koma til Íslands heldur fóru og skoðuðu aðstæður í Alaska en komust að því að þar var engin leið að gera kvikmynd í fullri lengd. Þaðan var haldið til Kanada en Larry leist ekkert á útliti þar. „Framleiðandinn minn þekkti til Sigurjóns Síghvats-sonar og stakk upp á því að halda til



**ALLIR UPPNEFNDIR** Larry segir að tökuliðið hafi uppnefnt flesta bandarísku starfsmennina.

Íslands og sjá hvað landið hefði upp á að bjóða,“ útskýrir Larry sem segist lítið hafa þekkt til Íslands, annað en það sem hann kallar klisjur, „að hér væru bara víkingar sem drykkju bjór“.

En leikstjórinn má vart vatni halda yfir dvöl sinni hér á landi. Segir það hafa verið stórkostlega upplifun og að starfsfólkið hafi verið ótrúlega samvinnuþýtt. „Myndin krafðist líkamlegs erfiðis við harðneskjulegar aðstæður en það heyrðist aldrei múkk frá Íslendingunum,“ segir Larry. „Í Bandaríkjunum hefði verið kvartað og kveinað en hér voru hlutirnir bara gerðir. Auk þess skildi ég aldrei hvað Íslendingarnir voru að segja. Mér skilst reyndar að allir Ameríkanarnir hafi verið uppnefndir en uppnefnin eru flest óprentaðar,“ bætir leikstjórinn við og skelli-hlær.

### Barist gegn hlýnun jarðar

Larry segist iðulega fá tilboð frá Hollywood eftir hverja kvikmynd en áhug-

**Í AÐALHLUTVERKI** Ron Perlman fær að leika venjulegan mann í The Last Winter en ekki eitt-hvað skrímsli eða rísa.



inn fjari fljótlega út, endist ekki nema í eina viku. En það virðist ekki koma að sök, hann hefur nóg fyrir stafni og stundum jafnvel meira en það. „Og þá getur það bitnað all svakalega á bankabókinni,“ segir Larry og hlær.

Og eins og kvikmyndagerð sé ekki yfirdrifið nóg þá segist Larry hafa mikla þörf til að bjarga heiminum. Leikstjórinn hefur nefnilega haldið úti vefsíðu sem berst gegn hlýnun jarðar en þeirri baráttu hefur hann sinnt síðastliðin sextán ár. Aðspurður hvort hann væri ekki hræddur um að þetta væri allt saman bara plat, eins og margir vísindamenn vilja halda fram, sagði hann svo ekki vera. „En ef það væri svo yrði það mjög gott fyrir okkur öll og það yrði ekki erfið að kyngja þeirri staðreynd,“ segir Larry og talið berst þaðan yfir í hið pólitíska hlutverk hryllingsmyndanna sem leikstjórinn segir alls ekki vera nýtt af nálinni. „Hryllingsmyndir hafa alltaf endurspeglad mestu hræðslu áhorfenda. Invasion of the Body Snatchers fjallaði um hræðsluna við kommúnista og það er kannski kaldhæðni órlaganna að flestar bandarískar hryllingsmyndir fjalla um pyntingar í ljósi umræðunnar um pyntingar bandaríska hersins í Írak og Guantanamo.“

- fgg

FRÁ ÞEIM SEM FÆRDU ÞÉR  
THE 40-YEAR-OLD VIRGIN OG KNOCKED UP

**SUPERBAD**

“Fáranlega fyndin mynd... með fyndnari myndum í langan tíma!”  
- Auðunn Blöndal, Tekinn Stöð 2

FRUMSÝND 28. SEPTEMBER

SENDU SMS **JA SBF** Á 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ BÍÓMIÐ!

9. HVER VINNAR

VINNINGAR ERU BÍÓMIÐAR, DVD MYNDIR, TÖLVULEIKIR OG MARGT FLEIRA!

Vinnningar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS Klúbb. 99 kr/skeytið.

# Skuggalegir stormsveitarmenn

Allan seinni helming 20. aldar voru Bandaríkin heimsveldi sem gnæfði yfir heimsbyggðina alla. Nú, þegar fjármagn flæðir frá New York til nýrra og gamalla fjármálamiðstöðva í Evrópu og Austur-Asíu meðan Bandaríkjaher blæðir út í Írak, er hægt að fara að skoða þetta tímabil í sögulegu samhengi. Og þó að það sé ekki endilega ætluð myndarinnar Shadow Company má þó ýmislegt úr henni lesa.

Fjallar hún um málaliða í Írak í dag, en um einn af hverjum tíu hermönnum þar ku vera í þjónustu einkafyrirtækis. Tekin eru viðtöl við fjölmarga þeirra, og kemur þar meðal annars í ljós mikill menningarmunur á bandarískum hermönnum annars vegar

og breskum og öðrum evrópskum hins vegar. Eru Bretarnir taldir aðlagast betur breyttum aðstæðum og eiga auðveldara með að vinna með íbúum og átta sig á aðstæðum, meðan Bandaríkjamennirnir flytja menningu sína með sér og eiga erfitt með að skilja hugarfar annarra þjóða. Líklega hafa Bandaríkin alltaf verið illa til þess fallin að gegna heimsveldishlutverkinu, enda ekki nema um 13% þjóðarinnar með vegabréf og þekking almennings þar á umheiminum almennt lítil. Og niðurstaðan er sú, hvort sem það er í Vietnam eða Sómalíu og nú í Írak, að sama hver ásetningurinn er tekst þeim yfirleitt að fá alla upp á móti sér.

Eitt af því áhugaverðasta í mynd

Michaels Moore, Fahrenheit 9/11, var að sýna hvernig fólk það væri sem gengi í bandaríska herinn, og er sama mynd dregin upp hér. Það er sagt hreint út að flestir málaliðarnir myndu varla teljast hæfir til að afgangi á McDonald's í heima-högunum. Flestir eru annaðhvort „snöðklipptir stormsveitarmenn“ eða Vítisenglar með skegg og tagl sem hafa gaman af að bera vopn og eru alltaf gráir fyrir járnum, jafnvel þó þeir séu aðeins að fara í hádegismat. Til samanburðar má benda á heimildarmynd Leni Riefenstahl, Olympiu, sem fjallar um Ólympíuleikana í Þýskalandi árið 1936. Þar eru skyttur Bandaríkjahers fríðar og hreint og beint hetjulegar að sjá, bornar saman við útsendara hinna gömlu heims-

velda Evrópu. Í dag minna þeir meira á barbaraheri Rómaveldis á síðustu áratugum þess.

Myndin er samt á margan hátt merkilega hlutlaus. Ekki er gengið út frá því að fordæma málaliða í sjálfu sér. Sumir segja jafnvel að þeir hafi verið til góðs frekar en ills í svæðum eins og Síerra Leóne, en til samanburðar má benda á myndina Blood Diamond þar sem Leonardo DiCaprio lék málaliða í því stríði. Helsta markmið myndarinnar er að benda á þá merki-legu þróun að rétturinn til að beita valdi, sem á síðustu öld var í höndum þjóðríkja, er nú óðum að færast yfir á einkafyrirtæki. Og segir hún þannig líklega meira um þróunina í samtímanum en margar aðrar.



## KVIKMYNDIR Shadow Company

Leikstjórn: Nick Bicanic, Jason Borque.  
Sýnd á RIFF í kvöld kl. 22 í Regnboganum.  
★★★★  
Forvitnileg heimildarmynd um málaliða í Írak sem varpar ljósi á þá þróun að rétturinn til að beita valdi er óðum að færast til einkafyrirtækja.

# Japanskt krútt

**KVIKMYNDIR**  
**Andlit fíkjutrésins**  
Leikstjóri: Kaori Momoi. Sýnd á RIFF.  
★  
Gerir lítið annað en að ýta undir þá mytu að listrænar kvikmyndir hljóti að vera leiðinlegar.

Eitt af því skemmtilega við kvikmyndahátíð er að ramba inn á eitthvað fyrir forvitnissakir. Það er hins vegar minna gaman þegar myndin sem maður lendir á er „Andlit fíkjutrésins“.


Þetta er frumraun leikstjórans Kaori Momoi, og ber það mjög með sér. Litir eru bjartir og allt er frekar krúttkynslóðarlegt og meinlaust og manni liggur við að segja tilgangslaust. Hlutir eru látnir gerast „af því bara“, án þess að hægt sé að sjá hvers vegna eða hvað þeir eiga að tákna. Sýmbólismi er vandmeðfarið fyrirbæri, maður treystir því að Bergman sé að reyna að segja manni eitthvað, en oftast er hætt á að bak við táknin leynist ekki neitt. Það sem er enn verra er að myndin bregst varðandi þá grundvallarkröfu sem maður hlýtur að gera til bíómynda, að þær séu skemmtilegar að horfa á. Í sýningarskrá er mikið gert úr hinum talandi maurum, sem bregður fyrir í örskamma stund og virðast ekkert hafa til málanna að leggja annað en að blóta. Rétt eins og mannfólkið. En jafnvel þetta er rúið merkingu.

Vilji fólk sjá mynd sem notar absúrdisma og tákni til að koma boðskap á framfæri og tekst að vera skemmtileg um leið mæli ég með hinni írönsku Eigið þér annað epli?, sem er mun betri frumraun og er sýnd á fimmtudaginn í Tjarnarbíói. Andlit fíkjutrésins gerir lítið annað en að ýta undir þá mytu að „listrænar kvikmyndir“ hljóti að vera leiðinlegar.

Valur Gunnarsson

ÚR VERINU

**Steven Spielberg** og aðrir aðstandendur nýju kvikmyndarinnar um Indiana Jones hafa falið lögreglu að rannsaka þjófnað á tækjum sem notuð voru við tökurla myndinni. Kvikmyndafyrirtækið Dreamworks staðfestir þetta og segir þjófnaðinn hafa átt sér stað nýlega. Ekki hefur verið gefið upp hvaða tækjum var stolið en þjófnaðurinn mun ekki hafa tafið tökur. Nýja myndin hefur fengið nafnið Indiana Jones and the Kingdom of the Crystal Skull en níttán ár eru síðan síðasta mynd um fornleifafræðinginn ævintýragiarna var gerð. Sem fyrr leikur **Harrison Ford** Indiana Jones en í aukahlutverkum verða til að mynda þær **Shia LaBeouf** og **Cate Blanchett**.



GEIMSTOFAN / FREMRI

> **Bláber ...**  
... eru meinholl og þar að auki afar bragðgóð. Keyptu þau fersk eða frosin og notaðu í heilsudrykki, bakstur, eða bara sem snakk á milli mála, beint úr lófan-um.



# matur&vín

maturogvin@



## MATGÆÐINGURINN SÓLVEIG GUÐMUNDSDÓTTIR LEIKKONA

# Flatkökur með hangikjöti ómissandi

**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**  
Það eru flatkökur með hangikjöti. Ég þarf alltaf að fá mér þær með stuttu millibili. Og kannski malt í flösku með?

**Besta máltíð sem þú hefur fengið:**  
Ég fór einu sinni í Sjáv-arkjallarann og fékk mér Kenjar kokksins. Það var ein af topp þremur, líklega. Annars eldar maðurinn minn mjög góðan indversk-an mat. Hann eldar held ég besta mat í heimi.



**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**  
Því miður er eitthvert bragð í villibráð sem ég þoli mjög illa. Rjúpur eru því ekki á mínum jóladiski!

**Leyndarmál úr eldhússkápnum:**  
Chili og engifer og hvítlaukur. Það gefur flestum réttum akkúrat það sem vantar.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**  
Mér finnst súkkulaði rosagott. Og líka grænn Hlunkur.

**Hvað áttu alltaf til í isskápnum?**  
Ég á alltaf til AB-mjólks

og pestó. Það fer kannski ekki vel saman en þá á maður til morgunmat og svo pestó út á pastað.

**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?**  
Bjór, kælitösku fyrir bjórin og hníf til að opna mangó og kókoshneturnar sem vaxa að sjálfsgöðu á þessari hitabeltis-eyðieyju!

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**  
Ostrur. Mér fannst rosalega skrítið að borða þær. Og að vita svo af því að þær eru lifandi, það var svolítið skrítið.

## Speki með matnum

Spádómskökur eru afar vinsælar úti í hinum stóra heimi en minna hefur farið fyrir þeim hér á landi. Það er tiltölulega einfalt að baka kökurnar sjálfur heima í eldhúsi, þó eflaust þurfi nokkra þjálfun til að fullkomna handtökin. Með því að baka sjálfur getur gestgjafinn laumað eigin speki í kökurnar, málsháttum eða uppáhaldstilvitnunum sínum og glatt bæði hug og maga matargesta.

Á netinu má finna margar uppskriftir að spádómskökum, meðal annars þessa, á Allrecipes.com.

### Spádómskökur

3 eggjahvítur

¾ bolli hvítur sykur

½ bolli brætt smjör

¼ tsk. vanilludropar

¼ tsk. möndludropar

1 bolli hveiti

2 msk. vatn

Hitið ofninn í 190 gráður. Þeytið eggjahvítur og sykur vel saman. Hrærið áfram og blandið í smjöri, vanillu- og möndludropum, vatni og hveiti, sitt í hverju lagi. Deigið



**SPÁDÓMSKÖKUR** Spekingslegir bakarar ættu að prófa að gera kínverskar spádómskökur til að lifga upp á matar-boðið. NORDICPHOTOS/GETTY

á að líkjast pönnukökudeigi.

Hellið deigi á bökunarpappír, svo úr verði kökur með um 8 sentímetra þvermál. Bakið í um 5-7 mínútur, þar til brúnirnar verða gullinbrúnar. Fjarlægjið eina í einu, setjið miða í miðjuna, brjótið í helming, og dragið endana saman svo úr verði skeifula-gaga.

Varist að baka of margar kökur í einu. Þær þurfa að vera mjúkar, svo hægt sé að beygja þær og brjóta.

## Kaffivélakynning

Te og kaffi stendur fyrir kaffivélakynningu í verslun sinni á Laugavegi á laugardaginn. Sérfræðingur fyrirtækisins í kaffilögun og smökkun, sem er jafnframt skólastjóri kaffiskóla Te og kaffi, Halldór Guðmundsson, mun aðstoða viðskiptavinum á staðnum. Viðskiptavinir geta því fengið faglega ráðgjöf um val á espressovél, bæði til heimilisnotkunar eða á vinnustaðinn, ásamt ráðgjöf um hentugasta kaffið fyrir vélar. Te og kaffi mælir með því að eigendur Ascaso Dream espressovéla, sem ásælast frekari upplýsingar um vélar. Te og kaffi mælir með því að eigendur Ascaso Dream espressovéla, sem ásælast frekari upplýsingar um vélar. Te og kaffi mælir með því að eigendur Ascaso Dream espressovéla, sem ásælast frekari upplýsingar um vélar.



**KYNNING Á KAFFIVÉLUM** Viðskiptavinum Te og kaffi gefst kostur á að fá ráðgjöf um val á kaffivélum á kynningu næstkomandi laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

verður lögð á kaffivélar fyrir heimili og minni fyrirtæki. Kynningin stendur yfir frá klukkan 11 til 16.

## Matur er manns gaman

**Eva Einarsdóttir framreiðir hvern grænmetisréttinn öðrum girnilegri, og segir það mikinn misskilning að matreiðsla þeirra sé flókin.**

„Það sem hræðir fólk kannski svolítið við grænmetisuppskriftir er að það virðist vera svo mikið í þeim. Mér fannst það líka sjálfri þegar ég byrjaði, en síðan er helmingurinn kannski laukur og krydd,“ sagði Eva, sem hefur verið grænmetisæta í fimm ár. „Maður kemur sér líka smám saman upp ákveðnum kryddum, eins og túrmeriki, kúmeni og kóríander, sem eru mikið notuð,“ bætti hún við.

Eva er að ljúka fæðingarorlofi en vinnur við verkefnastjórnun. Hún hefur unnið fyrir Útón, útflutningsskrifstofu íslenskrar tónstofu, og er nú að skipuleggja alþjóðlega ráðstefnu á þeirra vegum. Hún hefur einnig unnið fyrir Iceland Airwaves-hátíðina, en maður Evu er framkvæmdastjóri hennar. „Hann er sem sagt ekki mikið heima þessa dagana,“ sagði Eva og hló við.

Eva er ekki hrædd við að prófa sig áfram og segir lítið mál að leika sér með grænmetisuppskriftir. „Maður þarf ekkert endilega að nota nákvæmlega allt sem uppskriftin gerir ráð fyrir. Á meðan maður er með lauk og hvítlauk er hægt að gera ansi margt, og svo er þetta bara spurning um að æfa sig,“ sagði Eva. Uppskriftin sem hún deilir með lesendum Fréttablaðsins hefur þó verið reynd í þaula og er orðin nokkuð vinsæl. „Það er beðið um þennan rétt, og ég veit um nokkrar mann-eskjur sem hafa gert hann eftir að hafa séð uppskriftina á blogg-inu mínu,“ sagði Eva, en hún heldur úti bloggspotu maturer-mannsgaman.blogspot.com.

[sunna@frettabladid.is](mailto:sunna@frettabladid.is)



**MATREIÐSLA MEÐ GRÆNMETI LÍTIÐ MÁL** Eva segir það lítið mál að prófa sig áfram með uppskriftir að grænmetisfæði og gerir það reglulega. Hér er hún ásamt dóttur sinni, Sögu Evudóttur Eldarsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

### Súraldinrisóttó með sætum kartöflum

Fyrir 2

2 stórar sætar kartöflur

olífuolía

2 dl arborio-hrisgrjón

5 dl grænmetis- eða kjúklingasoð

1 laukur

1 hvítlauksrif

1 dl rífinn parmesanostur

1-2 lime

smjör

salt og pipar

### Aðferð:

Hitið ofninn í 200 gráður. Skrælið og skerið kartöflur í jafna teninga. Setjið í smurt eldfast mót, skvettið smá olíu yfir og bakið í um 30 mín. Hrærið í, einu

sinni eða tvisvar. Kryddið með salti og pipar, og jafnvel fersku óreganó eða tímjani. Skerið lauk og hvítlauk smátt og mýkið í smjöri ásamt hrisgrjónum, án þess að það brúnist. Hellið soðinu í, en bara smá skvettu í einu. Þetta getur verið þínu vandmeðfarið og maður verður eiginlega að standa yfir þessu, láta sjóða og hræra reglulega í á meðan soðinu er bætt út í. Þetta tekur u.þ.b. 18 mín. Áferðin á að verða mjúk og rjómakennd. Hluta af soðinu má skipta út fyrir hvítvín. Rífið limebörk, pressið u.þ.b. 1 msk. af limesafa út í risóttóið. Bragðbætið með salti, pipar og meiri safa ef vill. Hrærið ostinum að síðustu út í. Skreytið með limeberki og jafnvel meiri osti.

## Grasker góð í matargerð

Margir þekkja grasker bara af fræjunum sem seld eru í verslunum og henta vel í salöt. Grasker eru þó notuð í margt fleira, og ekki bara hrekkjavökuluktir. Hilmar Þór Harðarson, matreiðslumaður hjá Á næstu grösum, gefur ábendingar um notkun þeirra í matargerð.

„Á Íslandi er algengasta graskerið svokallað butternut-grasker. Það fæst allt árið um kring,“ útskýrir hann. Butternut-



**KALT GRASKERSALAT** Hilmar segir gott að baka ávöxtinn í ofni þar til hann er orðinn mjúkur og nota hann svo í köld salöt.

graskerið er ekki stórt og appelsínugult eins og búast mætti við, heldur ílangt og ljósgrátt að utan en appelsínugult að innan.

„Graskerum og sætum kartöflum er oft líkt saman, enda er bragðið hreint ekki svo ólíkt og áferð og litur keimlík. Oft er líka hægt að skipta hvoru út fyrir hitt,“ útskýrði Hilmar. Grasker eru því bæði notuð með rötargrænmeti, sett í pottrétti og súpur, eða bökuð í ofni.

Vestanhafs eru graskersbökur afar algengar, ásamt alls kyns graskersmauki, músum og búðingum. „Auðveldasta leiðin er samt væntanlega að skræla það, skera í bita, setja á þá smá olíu, salt og pipar og baka svo þar til það er mjúkt í gegn. Þá er hægt að nota það í hvað sem er – köld salöt, sem verður yfirleitt fyrir valinu hjá mér, eða graskersmús með gráðastosi sem er algjört æði,“ sagði Hilmar.



**GRASKER Í MÖRGUM MYNDUM** Hilmar Þór Harðarson hjá Á næstu grösum lumar á góðum ábendingum um notkun graskera í matargerð.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



# Núðluhúsið flytur í Kjörgarð

*Við bjóðum þér á nýtt Núðluhús í Kjörgarði við Laugaveg 59.  
Við hlökkum til að taka á móti þér á stærri og betri stað.*

## Opnunartilboð!

### 3 RÉTTIR, GRJÓN OG GOS

- fyrir tvo **1990 kr.**
- fyrir þrjá **2990 kr.**
- fyrir fjóra **3990 kr.**

**THAI**  
RESTAURANT

*Núðluhúsið - Thai Restaurant / Kjörgarði við Laugaveg 59 / Sími 552 2400*

## &gt; LÍFIÐ Í NEW YORK

Bar Rafaeli, hin ísraelska kærasta Leonardos DiCaprio, sér ekki eftir að hafa yfirgefið Ísrael og haldið til New York, þó að það fæli í sér að hún sneri baki við herskyldunni. „Af hverju er það gott að deyja fyrir land sitt? Er ekki betra að búa í New York?“ segir fyrrsætan.



**fólk**  
folk@frettabladid.is

# Kynlífsmyndbandið var gabb

Sögur um að aðþrengda eiginkonan Eva Longoria og eiginmaður hennar, Tony Parker, hefðu tekið upp kynlífsmyndband sem væri í þann veginn að leka á netið reyndust ekki á rökum reistar. Þó var sannleikskorn í sögunni enda lék Eva í nokkurs konar eftirlíkingu af kynlífsmyndbandi Paris Hilton fyrir vefsíðuna Funny or Die sem var sett á vefinn í fyrradag.

Í myndbandinu sést hvar Eva situr á rúmi ásamt ljóshærðum manni og efast í fyrstu um að upptakan sé góð hugmynd. En eftir að meðleikarinn lofar að setja myndbandið á öruggan stað, það er í hanskahólfíð í bílnum sínum, samþykkir hún að vera með. Í framhaldinu sjást þau fáklædd í koddaslag auk þess sem þau hnoðast um í rúminu og hringja í

afgreiðslu hótelsins til þess að láta vita að öskrin úr herberginu séu „betri gerðin“. Svo tekur maðurinn Evu í „flugvél“ og gerir armbeygjur með hana sitjandi á bakinu. Ekki eru allir sammála um hversu fyndið myndbandið er, sérstaklega í ljósi þess að þrjú ár eru síðan myndbandið með Paris lak á netið og „brandarinn“ því orðinn heldur gamall. Hægt er að sjá myndbandið og mynda sér skoðun á því á slóðinni [www.funnyordie.com](http://www.funnyordie.com).

**EVA OG TONY EKKI SAMAN Í MYNDBANDI**  
Eva Longoria lék í kynlífsmyndbandi ásamt ljóshærðum leikara í þeim tilgangi að gera grín að Paris Hilton. Sögur um svæsið kynlífsmyndband með henni og eiginmanninum reyndust því stórlega ýktar.



## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Nick Carter**, einn meðlima strákasveitarinnar Backstreet Boys, var misnotaður kynferðislega af umboðsmanni sveitarinnar, ef eitthvað er að marka orð móður hans, Jane Carter.



Umboðsmaðurinn, **Lou Pearlman**, situr nú inni vegna fjárvika upp á tugi milljóna, en Jane Carter vill að hann svari fyrir aðra glæpi líka. Fjallað er um ásakanirnar í nýjasta tölublaði Vanity Fair, þar sem fyrrverandi aðstoðarmaður Pearlman segir hann hafa verið „kynferðislegt rándýr“.



**Jennifer Aniston** og **Orlando Bloom** eru nýjasta parið í stjörnuþænum Hollywood. Um síðustu helgi náðust myndir af parinu þar sem það sleikti sólina í Mexíkó. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem þau eru orðuð hvort við annað,

því samkvæmt In Touch magazine fóru þau á stefnumót í apríl. Þá sagði talsmaður Aniston að kvöldverðurinn hefði verið vinnutengdur, en nú lítur út fyrir að eitthvað meira sé í spilunum.

Bloom og Aniston eru þó ekki eina nýja parið, því nýlega sást til **Cameron Diaz** í fylgd leikarans **Bradleys Cooper**, sem er hvað þekktastur fyrir hlutverk sitt sem Will Tippin í þáttaröðinni Alias. Turtildúfurnar skelltu sér á ruðningsleik ásamt hjónunum



**Demi Moore** og **Ashton Kutcher**, og sáust þar að auki saman í New York um helgina. „Þau voru mjög ástúðleg“, segir heimildarmaður New York Post.

Rauði chilipiparinn **Anthony Kiedis** er orðinn faðir í fyrsta skipti, 44 ára að aldri. Kærasta hans, **Heather Christie**, sem er nákvæmlega helmingi yngri en söngvarinn, fæddi son þeirra á sjúkrahúsi í Los Angeles á þriðjudag. Parið hefur ekki upplýst neitt um nýja fjölskyldu-meðlimsins, en samkvæmt contactmusic heilsast þeim öllum þremur vel.



**TVEIR GÓÐIR** Afmælisbarnið ásamt Rúna Frey Gíslasyni sem var að sjálfsögðu mættur til að heiðra stórleikarann.



**MÆTTUR** Jóhann Sigurðarson fékk blíðar móttökur þegar hann mætti í afmælið á Nasa.



**VEISLUSTJÓRINN** Hjálmar Jónsson dómkirkjuprestur var veislustjóri og tókst vel upp.



**SPAUGSTOFUVÍNIR** Spaugstofuvínir Sigurður Sigurjónsson og Karl Ágúst Úlfsson lyftu glösum ásamt Jóhanni.

## Pálmi fékk korselett frá konunni

**Pálmi Gestsson fagnaði fimmtugu ásamt vinum og velunnurum á Nasa á þriðjudagskvöldinu. Veislan var að sögn eiginkonunnar hugljúf og falleg.**

„Ég gaf honum korselett, bleikt og appelsínugult. Ég hef aldrei verið með manni á sextugsaldri og vissi því ekkert hvað ég átti að gefa honum,“ segir Sigurlaug Halldórsdóttir, eiginkona Pálma, þegar hún er spurð hvað hún hafi gefið mannum sínum. „Ég lét það reyndar fylgja með að við yrðum bara að máta þetta bæði til að sjá hvort það passaði,“ heldur hún áfram.

Að sögn Sigurlaugar var veislan fyrst og fremst falleg og ekki var nokkur skortur á góðum ræðumönnum, eins og gefur að skilja í slíku samkvæmi. Meðal þeirra sem tóku til máls voru Stefán Baldursson, fyrrverandi þjóðleikhússtjóri og núverandi óperustjóri, sem fór yfir feril leikarans og þá flutti sonur Pálma, Gestur, einnig ræðu. Veislustjóri var Hjálmar Jónsson dómkirkjuprestur og að sögn Sigurlaugar fór hann alveg á kostum. Núverandi Spaugstofumenn létu sitt ekki eftir liggja og sungu fyrir hann brag þar sem óspart grín var gert að nafninu Pálmi. „Pálmi var alveg alsæll með þetta og við erum eiginlega bara enn að jafna okkur og ná okkur niður á jörðina,“ segir Sigurlaug.



**Í GÓÐRA VINA HÓPI** Björgólfur Guðmundsson lét sjá sig og er hér ásamt þeim hjónum, Pálma og Sigurlaugu, en Pálmi hefur ósjaldan brugðið sér í líki auðjöfursins í Spaugstofunni.

- fgg

## Umferðar-Einar í sjónvarp

„Loksins kemur framsýnn og gáfaður maður eins og Þórhallur Gunnarsson sem dagskrárstjóri. Maður sem tekur eitthvað stórkostlegt á borð við Tvíhöfða og kemur því í sjónvarp. Mér hefði aldrei dottið þetta í hug,“ segir Jón Gnarr en hann og Sigurjón Kjartansson eru meðal þeirra sem koma fram í þættinum Laugardagslögin sem verður frumsýndur í Sjónvarpinu á laugardag. Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir er kynnir í þættinum en fjölmargir aðrir koma að honum á einn eða annan hátt.

Jón segir að þeir Tvíhöfðamenn muni bæði koma fram í beinni útsendingu og í fyrirfram unnum innslögum. Hins vegar hefur mesta vinnan legið í því að útbúa gervi fyrir hvern og einn karakter sem hefur unnið hug og hjörtu landsmanna í útvarpsþáttum Tvíhöfða. „Það liggur gífurleg vinna að baki þessu enda þurftum við t.d. að ákveða hvernig Umferðar-Einar lítur út. Ég hafði aldrei þælt í því. En hann lítur stórkostlega út, ég get fullyrt það. Útlitið svikur ekki.“ Jón segist þó ánægðastur með gervi yfirkennarans. „Við munum hitta yfir-

kennarann og kærustuna hans. Hann er 43 ára og býr með einum af nemendum sínum úr grunnskóla. Það er karakter sem er elskaður og dáður af mörgum.“

Jón segir að í raun hafi Tvíhöfði upphaflega verið hugmynd fyrir sjónvarp. „TV-í-höfði, eitthvað sem hentar vel fyrir sjónvarp. Eiginlega sjónvarp í heila.“

- sók

### TVÍHÖFÐI Á LAUGARDÖGUM

Þeir Jón Gnarr og Sigurjón Kjartansson eru meðal þeirra sem koma fram í þáttunum Laugardagslögin. Þar leikur Jón persónur úr þáttunum, t.d. yfirkennarann sem á í ástarsambandi við nemandu sinn úr grunnskóla.



**MOTION BOYS** Hljómsveitin Motion Boys spilar á upphitunartónleikum fyrir Airwaves á Nasa.

## Airwaves upphitun

Hljómsveitirnar Motion Boys, Jan Mayen, Ultra Mega Technobandið Stefán, Bloodgroup og Foreign Monkeys koma fram á upphitunartónleikum fyrir Airwaves-hátíðina á Nasa á föstudag.

Tílefnið er útkoma dagskrárþekklings um Airwaves og þá verða aðeins rétt rúmlega tíu dagar í að hátíðin hefjist. Dagskrá Airwaves hefur verið birt á heimasíðu hátíðarinnar, [www.icelandairwaves.com](http://www.icelandairwaves.com). Miðaverð á upphitunartónleikana er 500 krónur.

DSK

LAUGAVEGUR 86-94 • 101 REYKJAVÍK • SÍMI 552 8090

EINN ACNE LEÐURKJÓLL.  
HANGIR Á 22 MILLIMETRA TOGVÍR.

NIKE  
ADIDAS ORIGINALS  
AMERICAN APPAREL  
DR. DENIM  
KSUBI  
ACNE JEANS  
THOMAS BURBERRY  
SURFACE 2 AIR  
ANDERSEN & LAUTH

# Leitar suðræns sjarmörs

**Leikstjórinn Benedikt Erlingsson leitar nú logandi ljósi að suðrænu sjarmatrölli til að taka þátt í uppsetningu hans á Sólarferð eftir Guðmund Steinson. Ekki spillir fyrir ef sjarmatrölíð líkist Baltasar Kormáki.**

„Ég er að leita að leikara í hlutverk  
Manuelo, sem er mjög mikilvægur í  
Sólarferð. Verkið er íslenskt harð-  
kjarnadrama sem gerist á spænski  
sólárströnd, og Manuelo er stóra  
freistingin, snákurinn í Eden,“  
útskýrði Benedikt, sem hefur  
ákveðnar hugmyndir um hvað leik-  
arinn eigi að hafa til brunns að  
bera.

„Ég er að leita að nýjum Baltasar Kormáki.“ sagði Benedikt alvarlega. „Baltasar hefur reyndar boðið sig fram sjálfur. Við erum svona að hugleiða úmsóknina, en hann á ágætis séns ef hann mætir í áhryrnarprufur.“ sagði Benedikt og hló við. „En svona að öllu gríni slepptu vil ég fá sem flesta í prufur. Þeir sem vilja gera eitthvað skemmtilegt og prófa að vinna í leikhúsi eru boðnir hjartanlega velkomnir, að því tilskildu að þeir séu af réttum kynþætti.“ áréttaði hann. „Við viljum nýbúa á stóra sviði Þjóðleikhússins, tími

þeirra er runninn upp," bætti hann við.



Sjarmatrölilið þarf að heilla Ólafíu  
Hrönn Jónsdóttur upp úr  
skónum, en hún og Ingvar  
E. Sigurðsson fara með  
aðalhlutverkin í Sól-  
arferð. Sigurður  
Pálsson skáld lék  
Manuelo í uppsetn-  
ingu móður Bene-  
dikts, Brynju Bene-  
diktsdóttur, á verkinu  
árið 1975. Þá laðaði  
sýningin að sér þrjá

**SUÐRÆNN SJARMÖR**  
Benedikt þykir Balt-  
asar Kormákur hafa  
ýmislegt til brunns að  
bera sem suðræna  
sjarmatrölloð  
Manuelo.

tíu þúsund leikhúsgesti og Benedikt vill gera jafn vel eða betur í þetta skiptið.

„Móðir mín var leikstjóri hér í þrjátíu ár. Það er undir hennar væng sem ég hætti mér inn í þetta hús og ætla að reyna að feta í fótspor hennar,“ sagði Benedikt. „Kristján Jóhannsson hélt tónleika fyrir móður sína á Akureyri, og þetta eru mínir tónleikar fyrir mömmu,“ bætti hann við en ítrekaði að hann stæði þó alls ekki einn að sýningunni. „Við erum fleiri sem höldum hér tónleika,“ sagði hann.

Áheyrnarprufur fyrir hlutverk  
 Manoelo fara fram í æfingahús-  
 næði Þjóðleikhússins við Lindar-  
 götu 3 klukkan 17 í dag. Skráning  
 fer fram hjá Dóru Hafsteinsdóttur  
 í síma 585 1214, eða á [dora@leikhusid.is](mailto:dora@leikhusid.is).  
[sunna@frettabladid.is](http://sunna@frettabladid.is)

# Fagna hiphop-plötu

Platan Lifandi orð 2007 kemur út í dag. Á henni eru 29 lög með tuttugu mismunandi hiphop-tónlistarmönnum. Að sögn Ómars Ómars, sem rekur síðuna hiphop.is verða eingöngu ný lög á plötunni.

„Ég ætlaði að gefa plötuna út í tilefni af opnun síðunnar en ákvað síðan að gefa hana ekki út á sama tíma því það voru svo margir sem vildu taka þátt. Þetta er ágætis vítamínsprauta í hiphopið á

Íslandi,“ segir Ómar Ómar. Á plötunni verða meðal annars lög eftir Bent, Poetrix, Afkvæmi guðanna, Steve Sampling og 7berg.

Í tilefni af útgáfunni verða haldnir tónleikar í Hinu húsinu fyrir sextán ára og eldri. Fram koma Poetrix, Dabbi T, Beatur og Sampling & Ragúel. Á tónleikunum, sem hefjast klukkan 20, verður platan seld á þúsund krónur. Aðgangseyrir er enginn.



**DABBI T** Rapparinn Dabbi T, sem er að gefa út nýja plötu, spilar á útgáfutónleikumum í kvöld.

**NÝTT Í BÍÓ!**

**FRÁ HEIM SEM FÆRUR ÞÉR  
THE 40-YEAR-OLD VIRGIN OG KNOCKED UP**

**12** ★★★★★  
-D.O.J., Kvikmyndir.com

**FRÁ LEIKSTJÓRA  
„WALK THE LINE“**

**16** ★★★★★  
„Spennandi og  
velgerð afþreying  
fyrir alla biðgesti.“  
-S.V., MBL

**FRÁ HEIM SEM FÆRUR ÞÉR  
SHOOT 'EM UP**

**12** ★★★★★  
-I. P. Film.is

**FRÁ HEIM SEM FÆRUR ÞÉR  
CHUCK AND LARRY**

**12** ★★★★★  
-S.G. Rás 2 - S.V. MBL

**FRÁ HEIM SEM FÆRUR ÞÉR  
KNOCKED UP**

**14** ★★★★★  
-A.F.B. Blaðið

**FRÁ HEIM SEM FÆRUR ÞÉR  
THE SIMPSONS MOVIE**

**55.000 manns** ★★★★★  
-A.F.B. Blaðið

**FRÁ HEIM SEM FÆRUR ÞÉR  
Mekariþættur**

**600kr.** ★★★★★  
-E.E., -DV

**FRÁ HEIM SEM FÆRUR ÞÉR  
VEÐRAMÓT**

**14** ★★★★★  
-S.V. MBL

|                                                                                                   |                      |    |                                                                                                                                    |                                                                                                                          |    |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------|----|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----|
|  SÍMI 564 0000 |                      |    |  SÍMI 551 9000                                  |                                                                                                                          |    |
| SUPERBAD                                                                                          | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 | VEÐRÁMÓT                                                                                                                           | kl. 5:40 - 8 - 10:20                                                                                                     | 14 |
| SUPERBAD LUXUS                                                                                    | kl. 5:30 - 8 - 10:30 |    |                                                                                                                                    |                                                                                                                          |    |
| SHOOTEM UP                                                                                        | kl. 8 - 10           | 16 |  Reykjavík<br>International<br>Film<br>Festival | Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík<br><br>27. SEPTEMBER<br>7. OKTÓBER 2007<br><br>DAGSKRÁ OG MÍÐASALA<br>Á WWW.RIVF.IS |    |
| HÁKARLABEITA 600 KRL                                                                              | kl. 3:50 - 6         |    |                                                                                                                                    |                                                                                                                          |    |
| HAIRSPRAY                                                                                         | kl. 5:30 - 8 - 10:30 |    |                                                                                                                                    |                                                                                                                          |    |
| VACANCY                                                                                           | kl. 10:40            | 16 |                                                                                                                                    |                                                                                                                          |    |
| KNOCKED UP                                                                                        | kl. 5:20 - 8         | 14 |                                                                                                                                    |                                                                                                                          |    |
| BRETTIN UP ISL TAL                                                                                | kl. 4                |    |                                                                                                                                    |                                                                                                                          |    |
| THE SIMPSONS MOVIE ISL TAL                                                                        | kl. 3:45             |    |                                                                                                                                    |                                                                                                                          |    |
|  SÍMI 530 1919 |                      |    |  SÍMI 462 3500                                  |                                                                                                                          |    |
| SUPERBAD                                                                                          | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 | SUPERBAD                                                                                                                           | kl. 8 - 10:10                                                                                                            | 12 |
| 3:10 TO YUMA                                                                                      | kl. 8 - 10:30        | 16 | CHUCK AND LARRY                                                                                                                    | kl. 8 - 10:10                                                                                                            | 14 |
| CHUCK AND LARRY                                                                                   | kl. 5:40             |    | HAIRSPRAY                                                                                                                          | kl. 6*                                                                                                                   |    |
| VEÐRÁMÓT                                                                                          | kl. 5:40 - 8         | 14 | HÁKARLABEITA 600 KRL                                                                                                               | kl. 6                                                                                                                    |    |
| BOURNE ULTIMATUM                                                                                  | kl. 10:20            | 14 | *SÍÐASTA SÝNING                                                                                                                    |                                                                                                                          |    |
| ASTRÓPÍA                                                                                          | kl. 6                |    |                                                                                                                                    |                                                                                                                          |    |



Leifín að hlíðantu er í gegnum ljúfengan mat.

**No Reservations**

Hugljúf rómantísk gamannmynd

www.SAMbio.is    757 8900    *midi.is*



THE 40-YEAR-OLD VIRGIN vs KNOCKED UP

**SUPERBAD**



KEVIN JAMES

ADAM SANDLER

**SHUSH**

**ADAM SANDLER**



Allir eiga að myndast.

**THE FLYERS**

Önnu stíla söfnuðir á lífinu.



Önnu stíla söfnuðir á lífinu.

**Mynd í anda Chueless og Mean Girls.**



Largest stíla myndin á Íslandi í dag

**ASTROÞÍA**

| ÁLFABAKKA                             |                                      |    | AKUREYRI                 |               |    |
|---------------------------------------|--------------------------------------|----|--------------------------|---------------|----|
| NO RESERVATIONS                       | kl. 5:30 - 8 - 10:30                 | L  | NO RESERVATIONS          | kl. 8 - 10    | L  |
| NO RESERVATIONS <b>VIP</b>            | kl. 5:30 - 8 - 10:30                 |    | <b>3:10 TO YUMA</b>      | kl. 8 - 10    | 16 |
| <b>SUPER BAD</b>                      | kl. 5:30 - 8 - 10:30                 | 12 | <b>BRATZ - THE MOVIE</b> | kl. 6         |    |
| <b>CHUCK AND LARRY</b>                | kl. 5:30 - 8 - 10:30                 | 12 | <b>ASTRÓPÍA</b>          | kl. 6         |    |
| <b>MR. BROOKS</b>                     | kl. 8 - 10:30                        | 16 | KEFLAVÍK                 |               |    |
| <b>BRATZ</b>                          | kl. 5:30                             | L  | <b>CUCK AND LARRY</b>    | kl. 10        | L  |
| <b>DISTURBIA</b>                      | kl. 10:10                            | 14 | <b>SHOOT EM UP</b>       | kl. 8         | 16 |
| <b>ASTRÓPÍA</b>                       | kl. 6 - 8                            |    | <b>VACANCY</b>           | kl. 10        | 16 |
| KRINGLUNNI                            |                                      |    | <b>LICENSE TO WED</b>    | kl. 8         | L  |
| NO RESERVATIONS                       | kl. 6:10 - 8:20-10:30 <b>DIGITAL</b> | L  | SELFOSSI                 |               |    |
| <b>MR. BROOKS</b>                     | kl. 8 - 10:30                        | 16 | <b>DISTURBIA</b>         | kl. 8 - 10:20 | 14 |
| <b>BRATZ</b>                          | kl. 5:40                             | L  | <b>VEDRAMÓT</b>          | kl. 8         | 14 |
| <b>ASTRÓPÍA</b>                       | kl. 8                                | L  | <b>KNOCKED UP</b>        | kl. 10:10     | 12 |
| <b>BOURNE ULTIMATUM</b>               | kl. 10                               | 14 |                          |               |    |
| <b>RATATOUILLE</b> <b>M/- ISL TAL</b> | kl. 5:40 <b>DIGITAL</b>              | L  |                          |               |    |

# Nýtt í bió

Sími: 553 2075  
- bara lúxus









## LAUGARÁSBÍO - SÝNINGARTÍMAR

|               | kl. 5.30, 8 og 10.30 |    |
|---------------|----------------------|----|
| 3:10 TO YUMA  | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 16 |
| CHUCK & LARRY | kl. 5.40, 8 og 10.20 | 12 |
| HAIRSPRAY     | kl. 5.40 og 8        | L  |
| KNOCKED UP    | kl. 10.20            | 14 |

[www.laugarasbio.is](http://www.laugarasbio.is) - Miðasala á [mif.is](http://mif.is)

|  Reykjavík<br>International<br>Film<br>Festival                    |  Dagskrá, fimmtudagur 4. október                                                                                                                                                                                               |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík                                                                                                                    |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                     |
| <b>27. SEPTEMBER</b>                                                                                                                                    |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                     |
| <b>7. OKTÓBER</b>                                                                                                                                       | <b>14:00   Tjarnarbió</b><br>Gleðilegt nýtt líf<br><i>Happy New Life</i>                                                                                                                                                                                                                                            |
| <b>2007</b>                                                                                                                                             | <b>16:00   Tjarnarbió</b><br>Grettir kabarett<br><b>Norraena húsið</b><br>Einkalíf okkar<br><i>Our Private Lives</i>                                                                                                                                                                                                |
| Regnboginn, kl. 20:00                                                                                                                                   | <b>17:45   Norraena húsið</b><br>Blitur tár Petru von Kant<br><i>The Bitter Tears of...</i>                                                                                                                                                                                                                         |
| <b>Grimmdarþokki</b><br>Savage Grace                                                                                                                    | <b>18:00   Tjarnarbió</b><br>Tryllt ást<br><b>Regnboginn</b><br>Írak í brotum<br><i>Iraq in Fragments</i>                                                                                                                                                                                                           |
| Þessi umdeilda mynd með Julianne Moore hefur farið eins og sinueldur um allar helstu kvikmyndahátíðir ársins. Leikstjórinn Tom Kalin svarar spurningum. | <b>20:00   Tjarnarbió</b><br>Eigið þér annað epli?<br><i>Have You Another Apple?</i><br><b>Regnboginn</b><br>Grimmdarþokki<br>Savage Grace                                                                                                                                                                          |
|                                                                    | <b>22:00   Tjarnarbió</b><br>XXY<br><b>Regnboginn</b><br>Fay Grim<br>Móttstöðu mætt<br><i>Meeting Resistance</i><br>Vandræðamaður<br><i>The Bothersome Man</i><br><b>Norraena húsið</b><br>Móskítóvandræðin...<br><i>The Mosquito Problem...</i><br><b>Háskólabíó</b><br>Ljós í húminu<br><i>Lights in the Dusk</i> |

# Fastur liður í skemmtanalífinu

Trúbadorahátíð Íslands verður haldin á Austurlandi sjötta árið í röð um helgina. Á meðal þeirra sem koma fram á þrennum tónleikum í Mjóafirði og í Neskaupstað eru Halli Reynis, Guðmundur Jónsson, Magnús Þór, Einar Ágúst og Guðmundur R. Gíslason, sem er einnig skipuleggjandi hátíðarinnar. „Þetta hefur gengið mjög vel. Það má segja að allflestir trúbadorar sem eru þekktir og hafa komið fram á Íslandi hafi stigið á svið þarna,“ segir Guðmundur. „Þessi hátíð er orðin fastur liður í skemmtanalífi Austfirðinga enda er hún sú eina sinnar tegundar á landinu. Síðan auglýsum við alltaf eftir ungum og efnilegum trúbadorum, þannig að það eru fleiri sem koma þarna fram en hafa verið auglýstir.“ Guðmundur, sem er forseti



GUÐMUNDUR R. GÍSLASON Guðmundur kemur í fyrsta skipti fram á hátíðinni eftir mörg ár á bak við tjöldin.

bæjarstjórnar í Fjarðabyggð og söngvari Súellen, kemur í fyrsta sinn fram á hátíðinni. Syngur hann lög af sinni fyrstu sólóplötu, Íslensk tónlist. „Maður er búinn að standa fyrir þessu öll þessi ár en aldrei komið fram þannig að ég hlakka rosalega til.“ Ungir og efnilegir trúbadorar sem vilja taka þátt þurfa að senda póst á bgbros@sinnet.is til að skrá þátttöku eða hringja í síma 899-2321.

- fb

# Sá á kvölina sem á völinu

Ian Curtis er ein af rómantísku hetjum rokksins, þekktur fyrir að semja lög eins og Love Will Tear Us Apart, flogaveiki sína og að fremja sjálfsmorð aðeins 23 ára gamall. Hann hefur haft mikil áhrif á hljómsveitir sem hafa komið síðan, svo sem U2 og ekki síður hina íslensku Þeysara. Því er í raun léttir að sjá hversu lítið rómantísk kvikmyndin er sem Anton Corbijn gerir um hann. Fátt er hryllilegra en að ganga í breskan almenningsskóla, eins og gagnrýnandi getur vottað um og fyrsti hluti myndarinnar kemur til skila. Curtis týnir sér í draumaheimi með fyrirmyndir eins og David Bowie og William Wordsworth, og þegar pönkbylgjan ríður yfir stofnar hann hljómsveit sem slær fljótlega í gegn. Í millitíðinni hefur hann hins vegar gert þau reginmistök að kvænast og eignast barn. Þegar svo óhjákvæmilega kemur að því að aðrar konur fara að sýna honum áhuga getur hann hvorki hafnað þeim né sagt skilið við frúna, togstreita sem í bland við flogaveikina tærir hann upp. Það er því áhugavert að bera Control saman við ævisögu Johnny Cash í Walk the Line, þar sem Cash er orðinn margra barna faðir þegar frægðin bankar upp á, en yfirgefur loks eiginkonu sína fyrir hina meira

spennandi June Carter. Cash virðist þrátt fyrir allt hafa tekið rétta ákvörðun, June hjálpaði honum að komast yfir eiturfjafíknina og hann hélt góðu sambandi við börn sín til æviloka. Óákveðni Curtis endar hins vegar á versta veg og að einhverju leyti er erfitt að hafa samúð með manni sem stendur á barmi þess að sigra Bandaríkin og þarf að velja á milli tveggja kvenna sem elska hann. Hvers vegna hann hengdi sig er enn umdeilt, en hér er áherslan lögð á ástarsamböndin. Og líklega er fallegasta atriði myndarinnar þegar hann segir konu sinni að hann elski hana ekki lengur og lagið Love Will Tear Us Apart byrjar að óma. Það er ef til vill lýsandi fyrir pönkárin hversu lítið er hér um glamúr, þrátt fyrir frægðina eru hér engar límúsínur eða kókaínpartí. Curtis vinnur lengi vel á atvinnumiðlun, er síblankur og í bakgrunninum eru alltaf hin ömurlegu bresku múrsteinshús. Myndin er einnig tekin í svarthvítu til að leggja áherslu á hversdagsleikann og þunglyndið, og er það víðeigandi. Control tekst kannski ekki alveg að ráða í ráðgátuna um Ian Curtis, en hún skipar sér strax í flokk með bestu kvikmyndum sem gerðar hafa verið um tónlistarmenn.

Valur Gunnarsson



## KVIKMYNDIR

### Control

Leikstjóri: Anton Corbijn. Aðalhlutverk: Sam Riley. Sýnd á RIFF.

★★★★

Skipar sér í flokk með bestu myndum sem gerðar hafa verið um tónlistarmenn.



PRINCE Tónlistarmaðurinn Prince hefur verið valinn vanmetnasti gítarleikari allra tíma.

## Vanmetinn gítarleikari

Tónlistarmaðurinn Prince hefur verið valinn vanmetnasti gítarleikari allra tíma af tímaritinu Rolling Stone. Í öðru sæti varð Kurt Cobain, fyrrum forsprakki Nirvana. Lesendur voru beðnir um að kjósa gítarleikara sem komust ekki á lista tímaritsins yfir hundr- að bestu gítarleikara allra tíma sem hafði verið birtur í tímaritinu. Í næstu sætum á eftir komu Neil Young, Bítillinn George Harrison og Ace Frehley úr Kiss.



BMV Brynjar Már Valdimarsson er í nítjándra sæti í Makedóníu með lag sitt Forget About Me.

## Nítjándi í Makedóníu

Forget About Me, nýjasta smáskífulag Brynjars Más Valdimarssonar, eða BMV, er í nítjándra sæti á stærstu og vinsælustu útvarpsstöðinni í Makedóníu, 106,6 FM. Lagið fór í heimsdreifingu fyrir nokkrum vikum og er nú komið á topp tuttugu í Makedóníu. Þar er lagið einnig í A-spilun og því á meðal mest spiluðu laga stöðvarinnar. Á meðal fleiri flytjenda sem fóru nýir inn á vinsældalistann eru Madonna, Pharrel Williams, Babyshambles og Gabrielle. Síðasta smáskífulag Brynjars, In My Place, fór á toppinn í Grikklandi fyrir skömmu en situr nú í níunda sæti.

# 600 kr. miðinn

1. til 8. okt

★★★★ SV - MBL

★★★★ IPS - FILM.IS

## RUSSELL CROWE

## CHRISTIAN BALE

# 3:10 TO YUMA

★★★★ LIB - Topp5.is

**FRÁBÆR VESTRI**  
FRÁ LEIKSTJÓRA „WALK THE LINE“

MasterCard korthafar fá miðann á 600 kr. frá 1. til 8. október. Gildir þar sem myndin er sýnd.



erum og verðum

# ALLT AF ÖDYRARI

## INTEL TÖLVUPAKKI 3



- Intel Core2Duo E6750 - 4MB
- 2GB 667MHz Dual DDR2
- 500GB SATAII WD - 16MB
- 256MB Geforce 8600GT
- 19" Acer widescreen 5ms

119.950

## AMD TÖLVUPAKKI 1



- AMD X2 DualCore 4600+
- 1GB Dual DDR2 667MHz
- 320GB SATAII WD - 16MB
- 256MB ATI Radion X1250
- 19" Acer widescreen 5ms

79.950

## ACER ASPIRE 5633WLM1



- 1.66GHz Intel Core 2 Duo
- 1GB Dual DDR2 533MHz
- 80GB SATA 5400rpm
- Intel GMA950 PCI-E
- 15,4" CrystalBrite skjár

79.950

## ACER ASPIRE 7520G - 40



- 1.9Ghz AMD Turion64 X2
- 2GB Dual DDR2 667MHz
- 360GB SATA 5400rpm
- 256MB DDR Geforce 8400
- 17" CrystalBrite skjár

107.950

### TURNUPPFÆRSLA 1



- AMD X2 DualCore 4000+
- 1GB DDR2 667MHz
- 160GB SATAII WD - 8MB
- 256MB Ati Radeon X1250

29.950

### TURNUPPFÆRSLA 3



- AMD X2 DualCore 6000+
- 2GB DDR2 667MHz
- 320GB SATAII WD - 16MB
- 256MB GeForce 8600GT

69.950

### CANON IP4300



Canon iP4300 er 5 hylkja ljósmyndaprentari með 9600 x 1200 dpi upplausn ChromaLife tækni

Canon

9.950

### CANONSCAN LIDE 70



Canon CanoScan Lide 70 er örþunnur A4 skanni með 2400x4800dpi upplausn USB 2.0 tengi

Canon

9.950


### DIVICO TVIX M-3100



DViCo TViX M-3100U spilari/hýsing fyrir 3.5" IDE harðdiska m/LCD skjá tengist við sjónvarp

15.750

### 22" PHILIPS SKJÁR



Hágæða 22" LCD Philips tölvuskjár með 1680x1050 upplausn, 1.000:1 í skerpu og 5ms svartíma

@tt.is

33.950

### 600W XILENCE AFLGJAFI



Xilence 600W leikja útgáfa, mjög öflugur aflgjafi og extra hljóðlátur, stór 120mm vífta

XILENCE

9.950

### LOGITECH QUICKCAM



Logitech Quickcam Messenger, lítil og flott vefmyndavél, USB 2.0 tengi

1.950

### 2.1 HÁTALARAKERFI



ÖflugtZ-3e hátalarasett frá Logitech, 2 öflugir hátalarar + risa bassi, 40w RMS

Logitech

9.950

### 202 HEYRNARTÓL



Öflug Sennheiser HD-202 heyrnartól, frábær hljómur, frábært verð

2.750

**@tt.is**  
Allt tölvutengt á betra verði

# www.att.is

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 500 KR HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700

ÚRSLIT

Meistaradeild Evrópu:

|                                                                                                                   |     |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----|
| Liverpool-Marseille                                                                                               | 0-1 |
| 0-1 Mathieu Valbuena (77.).                                                                                       |     |
| Besiktas-Porto                                                                                                    | 0-1 |
| 0-1 Ricardo Quaresma (90.+2).                                                                                     |     |
| Valencia-Chelsea                                                                                                  | 1-2 |
| 1-0 David Villa (9.), 1-1 Joe Cole (21.), 1-2 Didier Drogba (71.).                                                |     |
| Rosenborg-Schalke                                                                                                 | 0-2 |
| 0-1 Jermaine Jones (62.), 0-2 Kevin Kuranyi (89.).                                                                |     |
| Lazio-Real Madrid                                                                                                 | 2-2 |
| 0-1 Ruud Van Nistelrooy (8.), 1-1 Goran Pandev (32.), 1-2 Ruud Van Nistelrooy (61.), 2-2 Goran Pandev (75.).      |     |
| Werder Bremen-Olympiacos                                                                                          | 1-3 |
| 1-0 Hugi Almeida (32.), 1-1 Ieroklis Stoltidis (73.), 1-2 Christos Patsatzoglou (82.), 1-3 Darko Kovacevic (87.). |     |
| Celtic-AC Milan                                                                                                   | 2-1 |
| 1-0 Stephen McManus (62.), 1-1 Kaká, viti (68.), 2-1 Scott McDonald (90.).                                        |     |
| Benfica-Shakhtar Donetsk                                                                                          | 0-1 |
| 0-1 Jadson (42.).                                                                                                 |     |



**SVERRE STERKUR** Sverre Jakobsson stöðvar hér Pajovic sem var annars óstöðvandi í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/BONGARTS

Pýski handboltinn:

|                                                                                                                                                      |       |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------|
| Gummersbach-Kiel                                                                                                                                     | 31-33 |
| Róbert Gunnarsson skoraði 4 mörk fyrir Gum-mersbach en Momir Ilic 16. Hjá Kiel var Ales Pajovic, lánsmaður frá Ciudad Real, markahæstur með 10 mörk. |       |
| Flensburg-Lemgo                                                                                                                                      | 35-30 |
| Alexander Petersson og Einar Hólmgeirsson léku ekki með Flensburg og Logi Geirsson lék ekki með Lemgo.                                               |       |
| Rhein-Neckar Löwen-Nordhorn                                                                                                                          | 31-34 |

# Celtic skellti meisturunum

Skosku liðin hafa minnt rækilega á sig í Meistaradeildinni. Á þriðjudag lagði Rangers lið Lyon og í gær gerði Celtic sér lítið fyrir og skellti Evrópumeisturum AC Milan. Liverpool lá heima gegn Marseille og Chelsea reis úr öskustónni.

**FÓTBOLTI** Það var mikið fjör í leikjum Meistaradeildarinnar í gærkvöld og óvenju mikið um óvænt úrslit. Upp úr stendur ótrúlegur sigur Celtic á Evrópumeisturum AC Milan og tap Liverpool á heimavelli gegn Marseille kom einnig á óvart. Chelsea minnti aftur á sig með verulega góðum útisigri gegn Valencia.

Sigur Celtic var dramatískur en það var Scott McDonald sem skoraði markið undir lok leiksins.

„Þetta var frábært kvöld. Okkar leikmenn unnu leikinn en ekki á þann hátt sem þeir hefðu helst kosið enda vorum við að spila við Evrópumeistarana. Mínir menn urðu að verjast meir en venjulega og þegar varnarhlutinn var kominn í lag þá var möguleiki á ýmsu. Ég tel að þessir leikmenn eigi mikið hrós skilið,“ sagði Gordon Strachan, stjóri Celtic, en hann fagnaði sigurmarkinu hreint ógurlega og óttuðust menn að hann myndi hlaupa hringinn í kringum völinn.

„Scott McDonald var að spila gegn tveim frábærum miðvörðum og gerði það vel. Hélt boltanum frábærlega og skilaði honum líka vel af sér. Frammistaða hans og annarra leikmanna var mögnuð,“ sagði Strachan.

Stuðningsmenn Liverpool voru ekki kátir eftir tap gegn Marseille en mesti móðurinn virðist vera runninn af Liverpool sem hóf tímabilið með látum. Sigurmarkið var glæsilegt en kom eftir mistök Sissoko sem tapaði boltanum illa.

„Þetta tap hafði ekkert með skiptikerfi mitt að gera. Það var fullt af stórum nöfnum á vellinum



**HETJUR KVÖLDSINS** Celtic stal senunni í Meistaradeildinni í gær. Scott McDonald fagnar hér sigurmarki sínu. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

í kvöld. Þeir sem spiluðu voru samt ekki nógu góðir í kvöld,“ sagði Rafael Benitez, stjóri Liverpool. „Við gáfum boltann auðveldlega frá okkur og bjuggum ekki til mörg færi. Marseille á samt hrós skilið fyrir að spila vel. Ég reyndi að breyta liðinu og hrista upp í hlutunum en án árangurs. Þetta

eru vonbrigði.“

Chelsea kom á óvart með því að sigr Valencia á Spáni og liðið reis loks úr öskustónni eftir dapurt gengi frá því Mourinho hætti. „Það var finn andi í liðinu í kvöld og vonandi er þetta það sem koma skal,“ sagði John Terry, fyrirlíði Chelsea. henry@frettabladid.is



**ÓLAFUR ÞÓRÐARSON** Þjálfar ekki Fram lengur.

Breytingar hjá Fram:

## Ólafur hættur

**FÓTBOLTI** Eins og fram kemur á fyrri íþróttasiðunni náðist ekki í stjórnmenn Fram vegna þjálfaramála félagsins í gær en Fréttablaðið hafði heimildir fyrir því að ekki væri einhugur um að halda Ólafi Þórðarsyni í starfi.

Sjálfur sagðist Ólafur hafa fullan hug á því að þjálfra Fram áfram. Seint í gærkvöldi, og eftir að fyrri íþróttasiðan var farin í prentun, kom tilkynning frá Fram að leiðir Ólafs og Fram hafi skilið.

Samkvæmt tilkynningunni þá vildi Fram ráða þjálfara sem kæmi að starfi félagsins á viðari grunni en Ólafur hefði ekki getað það sökum anna í öðrum störfum. Þess vegna hafi leiðir skilið. - hb

ÚRSLIT

NI-deild karla:

|                |                   |
|----------------|-------------------|
| Stjarnan-Fram  | 28-31             |
| <b>STABAN:</b> |                   |
| 1. Fram        | 4 3 1 0 122:112 7 |
| 2. Stjarnan    | 4 3 0 1 118:99 6  |
| 3. Haukar      | 3 2 1 0 89:70 5   |
| 4. HK          | 4 2 1 1 111:98 5  |
| 5. Akureyri    | 3 1 0 2 79:87 2   |
| 6. Afturelding | 3 1 0 2 69:78 2   |
| 7. Valur       | 4 0 1 3 87:96 1   |
| 8. ÍBV         | 3 0 0 3 81:106 0  |

NI-deild kvenna:

|              |       |
|--------------|-------|
| Fram-Fyllkir | 30-18 |
|--------------|-------|

VIÐ STYÐJUM HANDBOLTALANDSLIÐIÐ

*í blíðu og stríðu*

FLJÚGÐU Á EM Í HANDBOLTA 2008

BEINT FLUG TIL ÞRÁNDHEIMS

RÍÐLAKEPPNIN 17.–21. JANÚAR

EÐA MILLIRÍÐLAR 21.–25. JANÚAR

94.500\* KR.

Á MANN Í TVÍBÝLI

+ Nánari upplýsingar og bókanir á [www.uu.is/ithrottir](http://www.uu.is/ithrottir) eða í síma 585 4000



Hvatning og stuðningur eru mikils virði þegar menn heyja harða keppni á alþjóðavettvangi. Icelandair og Ferðaskrifstofan Úrval-Útsýn taka nú höndum saman og bjóða handboltaáhugamönnum einstakt ferðatilboð í beinu flugi til Þrándheims í Noregi á EM 2008.

Tryggðu þér strax sæti! Hvetjum strákana til dáða á EM 2008!

ÁFRAM ÍSLAND, ALLTAF!



\* Innifalið: Flug, skattar, gisting í 4 nætur með morgunverði, flugvallarakstur erlendis og miðar á alla leiki íslenska liðsins í riðli eða milliriðli.



**GRIMMUR** Ólafur Víðir Ólafsson reynir hér að komast í gegnum vörn Fram.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Fram lagði meistaraefnin og fór á toppinn:


## Stjarnan sökk í Mýrinni

**HANDBOLTI** Fram vann Stjórnuna 31-28 í toppleik N-1 deildar karla í handbolta í gærkvöld. Leikurinn

var mjög hraður í byrjun, en markmenn liðanna, Hlynur Morthens hjá Stjórnunni og Björgvin Páll Gústavsson hjá Fram, vörðu vel og sáu til þess að markaskorun færi ekki upp úr öllu valdi og staðan var jöfn 13-13 í hálfleik.

Í seinni hálfleik var það Fram sem náði smátt og smátt tókum á leiknum og seig fram úr og náði á endanum góðum sigri 31-28 og er því komið á toppinn í deildinni. Hjá Fram fór Jóhann Gunnar Einarsson mikinn og skoraði 10 mörk auk þess sem Björgvin varði vel í markinu og tók 25 skot.

„Ég er að spila mjög vel og það er sama gamla klisjan að vörnin er að hjálpa mér mikið,“ sagði Björgvin Páll sem telur að Fram eigi finan möguleika á titlinum í ár. „Okkur var spáð 5. sæti og það var gott fyrir okkur, en markmiðið er að taka titilinn það er engin spurning,“ sagði Björgvin hress í leikslök.




**Aðeins á  
Tónlist.is!**

**Forhlustun á fyrstu plötu  
Sprengjuhallarinnar alla helgina!**  
Útgáfudagur er 10. október



**Tónlist.is**  
Á hvað ert þú hlusta?



> Daniel Craig

„Ég vildi alltaf verða leikari. Ég hafði hrokann til þess að trúa því að ég gæti ekki orðið neitt annað,“ lét ofurtöffarinn Daniel Craig eitt sinn hafa eftir sér. Craig sést í æsispennandi framhaldsmynd, Archangel, sem sýnd er í Sjónvarpinu í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ SIGRÚN ÓSK KRISTJÁNSDÓTTIR SEGIR UPP ÁSKRIFT AÐ TYRU

Slegist um pláss á sökkvandi skipi

Ég skil ekki hvernig Tyru Banks tekst ennþá að fá stelpur til þess að taka þátt í America's Next Top Model – leitinni að næstu „toppfyrirsætu“ Bandaríkjanna. Þetta er níunda þáttaröðin og ég hefði haldið að þær væru búnar að átta sig á því að þetta er ævintýri sem borgar sig ekki að taka þátt í.

Fyrir það fyrsta hefur enginn sigurvegari kepfninnar komist nálægt toppnum í fyrirsætubransanum og því fer svo fjarri að ég dreg í efa að jafnvel hörðustu aðdáendur þáttanna geti nefnt meira en 2-3 sigurvegara á nafn. Í öðru lagi þoli ég ekki þegar kemur að því að stelpurnar fái allsherjar „makeover“ eða útlitsbreytingu. Gjöfningurinn slyppi kannski fyrir horn ef ekki væri fyrir þá staðreynd að Tyra fyllist heilagri reiði í hvert skipti sem einhver vogar sér að vera ekki í sjöunda himni með breytingarnar. Það er örugg-

lega þess vegna sem færast hreyfa mótmælum núorðið. Kæmi mér ekki á óvart þótt einhver stelpnanna myndi tárfa af gleði yfir því að módelmamman ætlaði að græða á hana skegg og tattúvera á hana pitsusneið.

Það versta er að hingað til hefur mér þótt þátturinn hafa ágætis afþreyingargildi. Hann hefur verið mitt skyndifæði í sjónvarpsheiminum, sem ég læt eftir mér þrátt fyrir neikvæð áhrif á líkama og sál. En nú sýnist mér það gildi hafa farið dvinandi og slökkt á sjónvarpinu þegar fimmta stelpan fór að grenja yfir því einu hvað hún væri hamingjusöm að fá pláss á þessu sökkvandi skipi.



EKKI MISSA AF



► 17.55 Landsbankadeildin Uppgjör SÝN



► 20.15 Two and a Half Men STÖÐ 2



► 20.25 Arrested Development SÍRKUS



► 20.55 07/08 Bíó Leikhús SÍÓNVARPIÐ



► 21.00 House SKJÁREINN

SIÓNVARPIÐ

- 15.25 Formúlukvöld
- 15.50 Kiljan
- 16.35 Leiðarljós
- 17.20 Táknmálsfréttir
- 17.30 Danni (3:4)
- 18.00 Stundin okkar (20:32)
- 18.25 Aukaleikarar (3:6) (Extras II)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós

► 20.55 07/08 bíó leikhús Í þættinum er púlsinn tekinn á kvikmynda- og leikhúslífinu. Ritstjóri er Þorsteinn J. og aðrir umsjónarmenn Andrea Róberts, Ásgrímur Sverrisson og Elsa María Jakobsdóttir. Jón Egill Bergþórsson sér um dagskrárgerð.

21.25 Skemmtipáttur Catherine Tate (3:6) Breska leikkonan Catherine Tate bregður sér í ýmis gervi í stuttum grínatriðum.

- 22.00 Tíufréttir
- 22.25 Arkangelsk (1:2) Bresk spennu- mynd í tveimur hlutum um próffessor sem fer til Rússlands að rannsaka hvernig lát Stalíns bar að á sínum tíma. Með aðal- hlutverk fer Daniel Craig, best þekktur sem James Bond. Seinni hlutinn verður sýndur að viku liðinni.
- 23.25 Aðþrengdar eiginkonur (60:70)
- 00.10 Kastljós
- 00.45 Dagskrárlok

2 BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

- 06:00 Dead Poets Society
- 08:00 Monsieur N
- 10:05 Í takt við tímann
- 12:00 Lemony Snicket's
- 14:00 Monsieur N
- 16:05 Í takt við tímann
- 18:00 Lemony Snicket's A Series of Un- fortunate events
- 20:00 Dead Poets Society
- 22:00 Wonderland Hörkuspennandi og dularfull sakamálamynd byggð á sannsögu- legum atburðum.
- 00:00 Fled
- 02:00 Intermission
- 04:00 Wonderland



- 07.00 Barnatími Stöðvar 2 Stubbarn- ir, Litlu Tommi og Jenni, Kalli kanína og fé- lagar, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar
- 08.10 Beauty and the Geek (9:9)
- 08.50 Í finu formi
- 09.05 The Bold and the Beautiful
- 09.25 Wings of Love (34:120)
- 10.10 Sisters (21:24)
- 11.00 Blue Collar
- 11.25 Matur og lífsstíll
- 12.00 Hádegisfréttir
- 12.45 Nágrannar
- 13.10 Forboðin fegurð (79:114)
- 13.55 Forboðin fegurð (80:114)
- 14.40 Saved (1:13)
- 15.25 Búbbarnir (21:21)
- 15.55 Barnatími Stöðvar 2 Skrímslasplí- ið, Nornafélagið, Töfravagninn, Fífi
- 17.30 The Bold and the Beautiful
- 17.55 Nágrannar (Neighbours)
- 18.20 Ísland í dag og veður
- 18.30 Fréttir
- 19.25 The Simpsons (6:22)
- 19.50 Friends (4:17) (The One With The Cake)

- 20.15 Two and a Half Men (7:24) Fjórða sería af þessum bráðskemmtileg- um þáttum um bræðurna Charlie og Alan. Charlie kemur sér í vandræðalega aðstöðu þegar hann hittir barnsföður dóttur heimilis- hjálparinnar. Leyfð öllum aldursþópum.
- 20.40 Til Death (7:22)
- 21.00 It's Always Sunny In Philadelph- ia NÝTT (4:7)
- 21.25 See No Evil. The Story of the Moor Murder (1:2) Fyrri hluti framhalds- myndar mánaðarins sem segir hryllilega sögu barnamorðingianna lans Bradys og Myru Hindley.
- 22.40 Bones (20:21)
- 23.25 Tekinn 2 (3:14)
- 23.50 Næturvaktin (3:13)
- 00.15 The Tudors (6:10)
- 01.10 The 4400 (12:13)
- 01.55 Cause of Death
- 03.25 Cold Case (5:23)
- 04.10 Hotel Babylon
- 05.00 The Simpsons (6:22)
- 05.25 Fréttir og Ísland í dag
- 06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVI

SÝN besta sætið

- 07.00 Meistaradeildin - meistaramörk
- 07.40 Meistaradeildin - meistaramörk
- 08.20 Meistaradeildin - meistaramörk
- 09.00 Meistaradeildin - meistaramörk
- 15.05 Meistaradeild Evrópu - endur- sýndur leikur
- Endursýndur leikur úr Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.
- 16.45 Meistaradeildin - meistaramörk
- 17.25 Það helsta í PGA mótaröðinni
- 17.55 Landsbankadeildin 2007 Bein útsending úr sjónvarpsal. Sýn gerir upp sumarið í Landsbankadeildinni. Þjálfarar, leikmenn og dórnarar ræða við spekinga Sýnar og sýnt verður frá öllum bestu og verstu tilþrífnum.
- 18.40 UEFA Cup Bein útsending frá leik Bolton og FK Rabotnicki.
- 20.40 David Beckham - Soccer USA (11:13)
- 21.10 NFL Gameday
- 21.40 PGA Tour 2007 - Highlights
- 22.35 Sterkasti maður í heimi 2006

SÝN2

- 17.20 Everton - Middlesbrough
- 19.00 English Premier League 2007/08 (Ensku mörkin 2007/2008) Ný og hrað- ani útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sér- fræðinga.
- 20.00 Premier League World (Heim- ur úrvalsdeildarinnar) Leikmenn heimsóttir, gömlu stjómurnar leitaðar uppi og svip- myndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
- 20.30 PL Classic Matches Hápunktar- ir úr bestu og eftirminnlegustu leikjum úr- valsdeildarinnar.
- 21.00 PL Classic Matches
- 21.30 Goals of the season Öll glæsileg-ustu mörk hvernar leiktiðar Úrvalsdeildarinn- ar frá upphafi til dagsins í dag.
- 22.30 4 4 2
- 23.55 Coca Cola mörkin 2007-2008 Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leik- um síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.

SKJÁREINN

- 07.00 Innlit / útlit (e)
- 08.00 Dr. Phil (e)
- 08.45 Vörutorg
- 16.25 Vörutorg
- 17.25 7th Heaven (e)
- 18.15 Dr. Phil
- 19.00 Andy Barker, P.I. (e) Endurskoð- andi flytur inn á skrifstofu sem áður var í eigu einkaspæjara og fyrir tilviljun fer hann að fá inn á borð til sín mál til rannsóknar sem ætluð voru einkaspæjaranum.
- 19.30 Game tívi - NÝTT Sverrir Berg- mann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.
- 20.00 Family Guy (8:11) Teiknimynd- þættirnir um Griffin-fjölskylduna eru geð- veikislega bilaðir, gersneyddir pólitískri rétt- hugsun og æðislegir.
- 20.30 30 Rock (3:21) Bandarísk gaman- sería þar sem Tina Fey og Alec Baldwin fara á kostum í aðalhlutverkunum. Jack hefur áhyggjur af ástallfi Liz og sendir hana á blint stefnumót. Hann nær líka að troða sér inn í vikulegt pókerspil handritshöfundanna þar sem hann hittir loks ofjar sinn.
- 21.00 House (5:24) House vill fram- kvæma hættusama aðgerð til að bjarga lífi ungrar konu en þarf fyrst að fá samþykki eiginmanns hennar. Hann þarf einnig að fást við sjúkling sem er ekki sáttur við með- ferð sína. Það er David Morse sem leikur sjúklinginn og hann á eftir að koma mikið við sögu í næstu þáttum.
- 22.00 The Black Donnellys (10:13) Dokey lætur reyna á samstarfið við Don- nelly-bræðurna. Hann sendir þá til að kasta dópistum út úr leigubúðum en eftir að Kevin lendir í slagsmálum við einn leigjand- ann verður Tommy að koma bróður sínum til bjargar. Jimmy óttast að Whitey muni svikja hann,
- 22.50 Sigtíð
- 23.15 America's Next Top Model (e)
- 00.15 Backpackers (e)
- 00.45 C.S.I.
- 01.35 Vörutorg

N4 SIÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu fréttu vikunn- ar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE

HRYLLILEGUSTU BARNAMORÐ SÍÐUSTU ALDAR

SEE NO EVIL – THE STORY OF THE MOOR MURDERS FYRRI HLUTI FRAMHALDSMYNDAR Í KVÖLD KL. 21:25

Sannsöguleg mynd um raðmorðingjana Ian Brady og Myra Hindley sem myrtu fimm börn og unglinga á árunum 1963-65 í Bretlandi.



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.25  
See No Evil – Framhaldsmynd mánaðarins

Fyrri hluti framhalds-myndar mánaðarins sem segir hryllilega sögu barnamorðingi-anna Ian Brady og Myru Hindley. Hjónin myrtu fimm börn og unglinga á árunum 1963-65 og eru alræmd í Bretlandi sem verstu raðmorð-ingjar sem sögur fara af. Þetta er hörkuspenn-andi mynd sem færir áhorfandann beint inn í huga geðsjúklings.



► VIÐ MÆLUM MED  
Game Tívi  
Skjár einn kl. 19.30

Uppáhaldspáttur allra tölvunörda og tækjagúrúa á Íslandi, Game Tívi, hefur aftur göngu sína í kvöld. Ekki verður annað sagt en að fyrsti þáttur hausts-ins hefjist með látum. Farið verður yfir væntanlega leiki, kíkt á leikjasýning-una í Leipzig, farið á miðnæturopnun hjá BT á Halo3, Heavenly Sword er gagnrýndur og Retro leikur vikunnar er skoðaður.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

|                                          |                                                                         |
|------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------|
| <b>06.45</b> Veðurfregnir                | <b>15.30</b> Dr. RÚV                                                    |
| <b>06.50</b> Bæn                         | <b>16.00</b> Síðdegisfréttir                                            |
| <b>07.05</b> Morgunvaktin                | <b>16.10</b> Veðurfregnir                                               |
| <b>08.00</b> Morgunfréttir               | <b>16.13</b> Hlaupanótan                                                |
| <b>09.05</b> Okkar á milli               | <b>17.03</b> Viðsjá                                                     |
| <b>09.45</b> Morgunleikfimi              | <b>18.00</b> Kvöldfréttir                                               |
| <b>10.03</b> Veðurfregnir                | <b>18.25</b> Spegillinn                                                 |
| <b>10.13</b> Litla flugan                | <b>18.50</b> Dánarfregnir og auglýsingar                                |
| <b>11.03</b> Samfélagið í nærmynd        | <b>19.00</b> Ætti ég hörpu                                              |
| <b>12.03</b> Hádegisútvarp               | <b>19.27</b> Ísrael í Egyptalandi                                       |
| <b>12.20</b> Hádegisfréttir              | <b>22.10</b> Veðurfregnir                                               |
| <b>12.45</b> Veðurfregnir                | <b>22.15</b> Útvarpsleikhúsið: Þrjú verk úr leik-rita-flokknum Smásögum |
| <b>12.50</b> Dánarfregnir og auglýsingar | <b>23.10</b> Krossgötur                                                 |
| <b>13.00</b> Vitt og breitt              | <b>00.10</b> Útvarpað á samtengdum rásum til morguns                    |
| <b>14.03</b> Á tónsviðinu                |                                                                         |
| <b>15.03</b> Útvarpsagan: Vansæmd        |                                                                         |

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

4 SÍRKUS

- 17.30 Skifulistinn** X-factor stjarnan Rakel Magnúsdóttir fer yfir vinsælustu lögin á Íslandi í hverri viku.
- 18.20 Fréttir**
- 19.10 Hollyoaks** (28:260)
- 19.30 Hollyoaks** (29:260)
- 20.00 Bestu Strákarnir** (24:50)
- **20.25 Arrested Development 3**  
Óborganlegir gamanþættir með mörgum af helstu gamanleikurum heims.
- 20.50 Talk Show With Spike Feresten** (6:22) Spike Feresten er einn af höfundum Seinfeld og Simpsons. Nú er hann kominn með sinn eigin þátt þar sem hann fær til sín góða gesti. Gestirnir munu taka þátt í alls kyns grínatriðum sem fær áhorfandann til að veltast um af hlátri.
- 21.15 Skins** (6:9) Átakanleg bresk sería um hóp unglinga sem reynir að takast á við daglegt líf í skugga átöskunar, eiturlyfja-neyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag.
- 22.00 Big Love** (6.12) Margene reynir að koma á fundi á milli eiginkvenna Bills og nýju konunnar sem líklega er að bætast í hópinn. 2006.
- 22.55 Ghost Whisperer** (32:44)
- 23.35 Windfall** (3:13) (e)
- 00.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

BBC PRIME

**11.00** As Time Goes By **11.30** The Good Life **12.00** Antiques Roadshow **13.00** The Inspector Lynley Mysteries **14.00** Houses Behaving Badly **14.30** Cash in the Attic **15.30** Garden Challenge **16.00** As Time Goes By **16.30** The Good Life **17.00** Staying Put **17.30** Staying Put **18.00** Silent Witness **19.00** The Inspector Lynley Mysteries **20.00** The Office **20.30** Absolute Power **21.00** Silent Witness **22.00** 2 POINT 4 CHILDREN **22.30** The Inspector Lynley Mysteries **23.30** As Time Goes By **0.00** The Good Life **0.30** EastEnders **1.00** Silent Witness **2.00** Antiques Roadshow

DR 1

**11.00** Ábringsdebat fra Christiansborg **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Liga **14.00** Boogie Update **14.30** Fredsmægler Fjot **14.35** Frikvarter **15.00** Langsom og Støt vinder løbet **15.30** Fandango med Sine **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** Kender du typen **18.30** Nationen **19.00** TV Avisen **19.25** Task Force **19.50** SportNyt **20.00** Mumien **22.00** Liga **22.45** Boogie Update **23.15** Smith & Ferry - Musikoner igennem 30 år

NRK1

**7.55** Frokost-tv **10.00** NRK nyheter **10.15** La løvet leve **10.40** Spekter **11.35** Lunsjtrav **12.30** Migrapolis **13.00** Fabrikken **13.25** Guttegarne jenter **13.50** Grusomme grøss **14.00** Kim Possible **14.25** Kid Paddle **14.35** Zombie hotell **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Jan i naturen **15.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Bosse **16.10** Uhu **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Schrödingers katt **17.55** Tilbake til 90-tallet **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.35** Ukjent fiende **20.25** Halvseint **20.50** Litt av en luring **21.00** Kveldsnytt **21.15** Urix **21.45** Øyenvitnet **23.35** Kulturmytt **23.45** Norsk på norsk jukeboks **1.00** Sport Jukeboks

SVT 1

**13.30** Mitt i naturen **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Karamelli **15.30** Pi **15.45** Sagoträdet **16.00** BoliBompa **16.25** Pingü **16.30** Expedition vildmark **17.00** Bobster **17.15** Bobster **17.30** Rapport **18.00** Niklas mat **18.30** Packat & klart **19.00** Örnar **20.00** Argument **21.00** Rapport **21.10** Kulturnyhetera **21.20** Uppdrag Granskning **22.20** Skild **22.50** Out of Practice **23.15** Sändningar från SVT24



JDC bílar er viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili fyrir Dodge / Chrysler / Jeep / New Chrysler LLC



# FRUMSÝNING

## DODGE NITRO


2,8 L diesel / 4,0 L bensín



Frumskýning Dodge Nitro 2007 - evrópugerð í sýningarsal okkar að Krókhálsi 4.

Einnig erum við með fjölda annarra bíla í sýningarsal frá Jeep, Dodge og Chrysler, m.a. Jeep Commander – diesel, Jeep Grand Cherokee – diesel, Dodge Avenger og Chrysler 300C.

### KÍKTU VIÐ OG REYNSLUAKTU



VIÐ ERUM HÉR, Á EFRI HÆÐ  
HARÐVIÐARVALSHÚSSINS!

Opnunartími:  
Mánudaga - föstudaga 10 - 18  
Laugardaga 10 - 14

JDC bílar hf.  
Krókhálsi 4  
110 Reykjavík  
Sími: 540 6700  
jdc@jdc.is  
www.jdc.is



## MORGUNMATURINN



„Oftast fæ ég mér Weetabix með rúsinum en ef það er lúxus fæ ég mér egg og beikon, bý til tómatauk og hef grænmeti með. Ég lærði þetta í Danmörku að leggja svolítið upp úr morgunmatnum. Síðan finnst mér kertaljós alveg ómissandi á morgnana.“

Inga Elín Kristinsdóttir myndlistarmaður.

|    |    |    |    |    |    |
|----|----|----|----|----|----|
| 1  |    | 2  | 3  | 4  | 5  |
| 6  | 7  |    | 8  |    |    |
| 9  |    | 10 |    | 11 |    |
| 12 |    |    | 13 |    |    |
|    | 14 |    |    |    | 15 |
| 16 |    |    | 17 |    |    |
| 18 |    | 19 |    | 20 |    |
| 21 |    |    |    |    |    |

**LÁRÉTT 2.** blökk **6.** bardagi **8.** titill **9.** ar **11.** ekki **12.** helgitákn **14.** kjöt **16.** í röð **17.** mánuður **18.** ennþá **20.** átt **21.** betl.

**LÓÐRÉTT 1.** leikur **3.** hvort **4.** fjölmiðlar **5.** þreyta **7.** torskilinn **10.** eldsneyti **13.** er **15.** ávöxtur **16.** húðpoki **19.** átt.

## LAUSN

**LÓÐRÉTT:** 1. hark, 3. ef, 4. pressan, 5. lú, 7. tvef, 10. kol, 13. sem, 15. maí, 18. enn, 20. tv, 21. snap.

**LÁRÉTT:** 2. depl, 6. af, 8. frú, 9. rýk, 11. ei, 12. kross, 14. flæk, 16. h, 17. el, 18. enn, 20. tv, 21. snap.

## VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

- 1 Vishwanathan Anand frá Indlandi
- 2 Hu Jintao
- 3 Wayne Rooney

Hvað er að fréttu?



Fréttir af fólki

www.visir.is

visir

Gefðu vatn



Hjálparstarf kirkjunnar

www.hjelp.is

# Auðunn Blöndal fórnarlamb svikara

„Þetta er eina málið af þessu tagi sem hefur komið upp hjá okkur,“ segir Þröstur Sveinsson, framkvæmdastjóri Just-Eat keðjunnar, en síðasta sumar komst upp um mann sem hafði sviðið út matarúttektir hjá fyrirtækinu fyrir tæplega hundrað og þrjátíu þúsund krónur. Svikarinn notaði til þess stolið kreditkort og kynnti sig sem Auðun Blöndal í viðskiptunum. „Þetta er auðvitað mjög leiðinlegt mál því stúlkan sem átti kreditkortinu hefur verið í miklum viðskiptum við okkur. En sem betur fer komst þetta upp,“ bætir Þröstur við og segir að þau eigi eflaust eftir að fá í magann ef einhver hringir og kynnir sig sem Auðun Blöndal.

Auðunn, sem stjórnar sjónvarpsþættinum Tekinn, þótti auðvitað mjög leiðinlegt að nafn hans skyldi vera dregið inn í þetta mál en um leið hálf grátbroslegt, sérstaklega í ljósi þáttarins þar sem fólk er hrekkt úti um borg og bí. Hann tók jafnframt fram að fórnarlambið væri í raun ekki hann heldur afi hans og alnafni sem skemmtikrafturinn er skírður í höfuðið á. „Ég hélt fyrst að þetta væri einhver gömul bakarisskuld af Króknum,“ segir Auðunn og hlær og bætir því síðan við að hann hafi nú reyndar pantað mat frá Just-Eat nokkrum sinnum. „En ætli ég muni ekki hugsa mig tvisvar um núna,“ segir Auðunn.

-fgg



**AUÐUNN BLÖNDAL** YNGRI Afi hans og alnafni var notaður sem skálkaskjól fyrir svikahrapp sem sveik út mat hjá Just-Eat fyrir 130 þúsund krónur.



## HEIMSFRAEG PERSÓNA

Jim Carrey sést hér í hlutverki Trölla til vinstri en persónan hefur ósjaldan ratað í teiknimyndir og kvikmyndir. Ef allt gengur að óskum fetar **Stefán Karl Stefánsson** í fótspor Carreys og leikur Trölla sem stal jölunum. Stefán tekst aftur á móti á við hlutverkið á Broadway. Nýr umboðsmaður Stefáns hefur eflaust haft eitthvað um þetta að segja en hún er fyrrverandi umboðssmaður Britney Spears.

STEFÁN KARL STEFÁNSSON: FÆR HLUTVERK Í SÖNGLEIK Á BROADWAY

# Stefán Karl leikur Trölla eftir áramót á Broadway

„Við eigum enn eftir að ganga frá nokkrum lausum endum en ef þetta gengur allt saman upp þá verð ég Trölli á Broadway á næsta ári,“ upplýsir Stefán Karl Stefánsson en hann er nú kominn með annan fótinn á stóra sviðið í New York. Um er að ræða söngleik sem byggður er á bókinni Þegar Tröllli stal jölunum eftir Dr. Seuss. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst verður Stefán fyrsti íslenski leikarinn sem tekur að sér svo stóra rullu í hinum fræga leikhúsheimi sem Broadway er.

Stefáni var boðið að taka þátt í svokölluðum vinnubúðum fyrir nokkru með leikstjórann Jack O'Brian en hann er eitt af stóru nöfnunum í leikhúsheiminum þar vestra og hefur meðal annars fengið þrenn Tony-verðlaun sem eru Óskarsverðlaun leikhússins í Bandaríkjunum. Stefán eyddi þremur vikum með leikstjóranum við að þróa þessa furðuveru rithöf-

undarins Dr. Seuss og leist framleiðendum verksins svo vel á hugmyndir Stefáns að þeir buðu honum að velja sér borg til að leika persónuna en reiknað er með að sýningin verði mikið fyrirtæki. „Og að sjálfsgöðu valdi ég New York og Broadway,“ segir Stefán og hlær.

„Þessi O'Brian er slík stjarna í leikhúsheiminum að mér skilst að leikarar myndu gefa aleiguna bara fyrir að hitta hann. Þannig að þetta er náttúrulega fyrst og fremst heiður fyrir mig að vera boðið þetta hlutverk,“ segir Stefán sem telur að þetta eigi eftir að henta sér vel. „Ég er náttúrulega fyrst og fremst leikari en ekki einhver fyrirsæta og það hjálpaði mér vissulega að ég hef sviðsreynslu frá Íslandi.“

En Stefán gleymir ekki Latabæ og þakkar því fyrirtæki ekki síst þessa göðu kynningu á sér í Bandaríkjunum. Hann er til að mynda nýkominn frá Filadelfíu þar sem

Latibær setti á svið mikla sýningu fyrir tæplega tólf þúsund manns í skemmtigarði sjónvarpsþáttarins Sesam Street. „Maður gerði sér þá kannski grein fyrir hversu mikið æði þetta er orðið. Þarna mættu krakkar klæddir eins og Glanni glæpur og Íþróttaálfurinn og öskruðu á okkur eins og að við værum rokkstjörnur,“ segir Stefán sem jafnframt er kominn með nýjan umboðsmann en hún ku vera gömul í hettunni og hefur verið að í fjöru tíu ár. Að sögn Stefáns hafa umbjóðendur hennar verið allt frá Matt Damon og Ben Affleck til sjálfrar Britney Spears áður en sú ágæta söngkona féll í freistni. „Hlutirnir hér gerast ekki á einni nóttu en vissulega hef ég verið að taka stór skref,“ segir Stefán. „Þetta snýst líka mikið um heppni. Að vera réttur maður á réttum stað og gefast ekki upp. Þetta er helvítis púl en um leið ákaflega skemmtilegt.“

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Páll Benediktsson** er hættur störfum hjá fréttastofu Ríkissjónvarpsins og hefur tekið við stöðu forstöðumanns upplýsingasviðs hjá fasteignafélaginu Stöðum. Páll sagði í samtali við Fréttablaðið þegar hann lýsti Opna breska mótinu í golfi að hann væri reiðubúinn til að vera áfram í Efstaleitinu ef einhverju fjármagni yrði varið í fréttaskýringaþáttinn í brennidepli en ef marka má brotthvarf Páls virðist ljóst að svo verður ekki.



Svo skemmtilega vill til að tvær af þeim fjórum konum sem fengu ráðherrasæti í ríkisstjórn Íslands eiga afmæli í dag. Þetta eru þær **Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir** menntamálaráðherra og félagsmálaráðherrann **Jóhanna Sigurðardóttir** en 23 ára aldursmunur er á þeim. Svo óheppilega vill þó til að í dag er ekki ríkisstjórnarfundur og því ekki grundvöllur fyrir sam-eiginlegri afmælisveislu. Reyndar sitja afmælisbörnin saman fund og fá því séns á að smella kossi hvor á aðra í tilefni dagsins.



Í samtali við Fréttablaðið sagðist Þorgerður Katrín löngum hafa vitað að hún og Jóhanna ættu sama afmælisdag. Hún nefndi einnig að það væru engu líkara en að einhvers konar pólitísk taug lægi í gegnum daginn 4. október því **Kjartan Gunnarsson**, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, ætti einnig afmæli þennan sama dag.



# Hollywood sýnir Astrópiu áhuga

„Framhaldið lítur mjög vel út enda hafa margir sýnt Astrópiu áhuga. Nokkur fyrirtæki í Hollywood hafa meðal annars skoðað myndina með þann möguleika fyrir augum að gera einhvers konar endurgerð en maður veit aldrei hvað verður úr slíkum pælingum,“ segir Gunnar Björn Guðmundsson, leikstjóri kvikmyndarinnar Astrópiu. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að kvikmyndarísar á borð við Warner Brothers hafi sýnt áhuga og að helstu aðstandendur myndarinnar muni halda utan hinn 19. október til fundahalda. Myndin hefur fengið góða dóma hérlendis og yfir 40 þúsund Íslendingar hafa lagt leið sína í kvikmyndahús landsins til að sjá hana. „Það er auðvitað frábært og enn er mjög mikil aðsókn í alla sal-

ina. Þessa dagana er verið að stilla upp plani fyrir kvikmyndahátíðir sem myndin fer á og fleira í þeim dúr. Fókusinn var upphaflega bara á að hafa hana í bíó og sinna því vel.“

Frumburður Gunnars og kærustu hans Láru Hafberg fæddist sem kunnugt er á sömu mínútu og frumsýning Astrópiu hófst. Stelpa er því orðin um eins og hálf mánaðar gömul en Gunnar hefur unnið heima við frá því hún fæddist. „Ég hef mestmegnis unnið heima sem er mjög hentugt. Ég er bæði að skrifa kvikmyndahandrit að Gauragangi ásamt Ottó Geir Borg og að semja einleik með Önnu Svövu Knútsdóttur. Þetta er grínleikrit sem við vinnum saman og við erum um það bil hálfnuð.“

sigrunusk@frettabladid.is



**VINNUR HEIMA** Gunnar Björn Guðmundsson, leikstjóri Astrópiu, skrifar þessa dagana handrit að kvikmynd og gamanleikriti ásamt því að hugsa um nýfædda dóttur.



# Landsins stærsta SKÓSPRENGJA Hefst í dag

opið um helgina



Sendum  
í póstkröfu!

STEINAR WAAGE  
SKÓVERSLUN

ECCO

Kaupfélagið

Toppskórinn  
outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

MÁN.-FÖS. 11 - 18  
LAU. 11 - 16

PETER KAISER

ECCO



LLOYD

ZINDA



BAKÞANKAR  
Dr. Gunnar

## Okur! Okur! Okur!

Á Íslandi er okrað. Þetta vita allir enda sviður venjulegu fólki í budduna oft á dag. Verð á flestu, ef ekki öllu, er hér dýrara en annars staðar. Hér vinna menn líka lengur en annars staðar en skulda samt meira en gengur og gerist í öðrum löðnum. Þetta er fáránlega ömurlegt ástand.

**VERKALÝÐSFORINGJAR** og talsmenn neytenda ættu auðvitað að vera brjálaðir yfir þessu. Þeir ættu að mæta kolvítlausir í hvert viðtalið af öðru og ekki linna látum fyrr en eitthvað er gert. Og þá meina ég eitthvað annað en þessi vesældarlega virðisaukaskattslækkun í vor sem er bara hlægileg í dag. Okursíðan ætti að vera á síðu Neytendasamtakanna en ekki hjá mér. En það heyrir ekki múkk í þessu liði. Það lítur allt út fyrir að vera á róandi.

**BÚÐIR** okra, apótek okra, veitingastaðir okra. Stutt er síðan hús-næðisverð á Íslandi var hagstætt. Ekki lengur. Nú kostar þriggja herbergja íbúð á Seltjarnarnesi það sama og einbýlishús í Los Angeles með sundlaug. Af okrunum landsins eru bankarnir skæðastir. Íslenskir bankar eiga hvern einasta kjaft á landinu og leika sér að því að kreista hverja krónu út úr skuldurum sínum með ýmsum frumlegum aðferðum: verðtrygging og vextir, útskriftargjald, skuldfærslugjald, seðilgjald, milli-færslugjald, vanskilagjald, þóknun, fit-kostnaður, úttektargjald eða bara „annar kostnaður“ – það má lengi smyrja.

**BÖNKUM** er víst umhugað um ímynd sína. Ég er með frábæra hugmynd að auglýsingaherferð fyrir einhvern þeirra. Keyptar verða nokkrar heilsíður og á þeim stendur handskrifað: „Þetta er bankastjórninn þinn. Við hjá bankanum ákváðum að sleppa öllu áreiti á þig í heilt ár. Það er rétt, engar „fyndnar“ auglýsingar, engar flotræfilsauglýsingar um áramótin og engir jakka-fatamenn að böggja þig í Kringlunni. Með því sem sparast ætlum við að fella niður þetta asnalega 13 króna úttektargjald af hverri debetkortafærslu.“ Ég myndi færa viðskipti mín umsvifalaust til þessa banka.

**AÐAL** ástæðan fyrir okrinu ert þú. Ef þú lætur ekki okra á þér þá verður ekki okrað á þér. Kannski er borin von að ástandið lagist því Íslendingum finnst það að láta okra á sér vera munaður. Við verðum ekki reið fyrir minna mál en að Randver sé rekinn úr Spaugstofunni. Kannski Randver ætti að snúa sér að neytendavernd?

GÓÐAN DAG!

Í dag er fimmtudagurinn 4. október, 277. dagur ársins 2007.

|           | Sólarupprás | Hádeggi | Sólarlag |
|-----------|-------------|---------|----------|
| Reykjavík | 7.44        | 13.17   | 18.48    |
| Akureyri  | 7.30        | 13.01   | 18.30    |

Heimild: Almanak Háskólans

Við þurfum 70 blóðgjafa á dag

Á Íslandi eru um 9.000 reglulegir blóðgjafar. Við þurfum fleiri til að geta brugðist við blóðmissi t.d. vegna slysa eða skurðaðgerða. Við skorum á þig að koma og gefa blóð. Taktu með þér vin, vinnufélaga eða ættingja og gerðu heimsókn í Blóðbankann að fastri venju.

Gríptu augnablikið og lifðu núna